


**skoðun** 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólar og námskeið





**Tax free**

Afnemum virðisaukaskatt af **fatnaði og skóm** frá fimmtudegi til sunnudags

Europris



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**28. apríl 2011**
97. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Safnari í 76 ár

*Þórður Tómasson, safnvörður Byggðasafnsins í Skógum, er níræður.*

**tímamót** 24

## Skoðar myndbönd

*Árni Sveinsson gerir heimildarmynd um íslensk tónlistarmyndbönd.*

**fólk** 46



## Hverjir falla í sumar?

*Fréttablaðið spáir í dag í fallbaráttuna í Pepsi-deild karla í sumar.*

**sport** 40

### veðrið í dag




**STORMUR UM TÍMA** í dag má víða búast við stífri SA-átt, 10-18 m/s við S- og SV-ströndina og horfur á stormi um og eftir hádegi. Töluverð rigning suðaustanlands og þurrt að mestu N- og NA-lands.

**VEÐUR 4**



**BRUNNURINN BYRGÐUR** Margra metra djúpu vatni hefur nú verið dælt úr húsgrunni í Þverholtinu í Reykjavík og sjálfvirkri dælu komið fyrir til að koma í veg fyrir að grunnurinn fyllist aftur af vatni. Eins og Fréttablaðið fjallaði um fyrir páska skapaðist hætta þegar börn léku sér við húsgrunninn þegar hann var fullur af vatni. Til stóð að reisa íbúðir fyrir stúdenta á reitnum, en fallið var frá þeim áformum eftir bankahrunið. Lóðin er nú í eigu Landsbankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vilja færa gjaldtöku af bensíni í vegtolla

**SA hafa kynnt stjórnvöldum hugmynd um að færa gjöld af eldsneyti yfir í vegtolla. Leiðinni er ætlað að draga úr sveiflum á eldsneytisverði en tryggja öruggar tekjur til framkvæmda. Innanríkisráðherra tekur hugmyndinni fálega.**

**ATVINNUMÁL** Samtök atvinnulífsins hafa kynnt ríkisstjórninni hugmynd um breytta gjaldtöku í samgöngumálum. Hugmyndin snýst um að færa gjöld af eldsneyti yfir í vegtolla, og gæti komið stórum vegaframkvæmdum af stað, er mat samtakanna. Hugmyndinni er fálega tekið af Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra sem segir að um aukna skattpíningu sé að ræða með breyttum formerkjum.

SA hafa lagt áherslu á að hefja átak í samgöngumálum í tengslum við kjarasamninga, en allt frá stöðugleikasáttmálanum árið 2009 hefur verið rætt um slíkt átak. Lífeyrissjóðirnir höfðu lýst sig áhugasama um að koma að fjármögnun en þeir sögðu sig frá málinu í desember, fyrst og síðast vegna deilna um vegtolla.

„Það sem við höfum talið mögulegt til að brjóta þessa kyrrstöðu í samgöngumálunum er að gjaldtakan verði flutt af eldsneyti og sett í almenna vegtolla,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, en hugmyndin var rædd óformlega við stjórnvöld í gær.

> Galdrastafur Vilhjálms Egilssonar breytir því ekki að verið er að tala um að afla viðbótartekna upp á tugi milljarða.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

Ríkissjóður leggur hlutfallslegt gjald á innkaupsverð eldsneytis. Þegar það hækkar eykst skattheimtan. Með því að draga úr þessari gjaldtöku og taka upp fast gjald þegar ekið er um tilteknar samgönguæðar er mat SA að draga megi úr sveiflum á eldsneytisverði. Það tryggi hins vegar örugga og jafna innheimtu til að standa undir framkvæmdum. Sérstakt tímabundið gjald vegna nýframkvæmda gæti komið til greina samhliða, að sögn Vilhjálms.

Ögmundur Jónasson segir tillöguna ganga út á stórauknar álögur.

„Það sem er breytt síðan í fyrra, þegar rætt var um að skattleggja einstakar leiðir vegna framkvæmda á viðkomandi stað, er að nú er þessu smurt yfir landið allt. Mín sýn er sú að þetta sé almenn skattlagning sem ég hef efasemdir um að stemning sé fyrir í samfélaginu. Galdrastafur Vilhjálms Egilssonar breytir því ekki að verið er að tala um að afla viðbótartekna upp á tugi milljarða. Þeir peningar koma úr vösum landsmanna, ekki af himnum ofan,“ segir Ögmundur. **- shá**

Héraðsdómur um neyðarlög:

## Lögin standast stjórnarskrána

**DÓMSMÁL** Neyðarlögin sem sett voru eftir fall íslensku bankanna haustið 2008 standast eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar samkvæmt úrskurði héraðsdóms.

Dómurinn hafnaði í gær kröfu kröfuhafa um að innstæður í Landsbankanum teldust forgangskröfur í þrotabú bankans, eins og neyðarlögin kveða á um.

Verði úrskurði héraðsdóms snúið í Hæstarétti gæti það kostað ríkissjóð hundruð milljarða króna.

**- bj /** **sjá síðu 6**


**50%**
AFSLÁTTUR AF TRISTAR PÖNNUM
AÐEINS Í 3 DAGA!



11 GERÐIR

Allar gerðir af pönnum. Virka líka á spanhellur. **Viðloðunarfrí húð.**

byggtogbúið
Kringlunni
568 9400



**SUMARTILBOÐ**
**10" Android 2.2**
**Verð 45.000.kr**
(69.800)



**Ný Sending**
Erum á móti Ikea í gallery Art2b
2b.is
android
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is



MEIRA MAGN • BETRA VERÐ

Ostahúsið — REYNSLA • GÆÐI • ÞEKKING — STOFNAÐ 1992

500g

www.ostahusid.is

Pizza toppur

Rífandi góður á:
Pastaréttinn
Pizzuna
Ofnréttinn



## SPURNING DAGSINS



*Snjólaug, dreymir Nágrannana þig stundum?*

„Ekki þessa nágranna allavega.“

Snjólaug Bragadóttir hefur þýtt alla sex þúsund þættina af Nágrönnum sem sýndir hafa verið hér. Hún segir að sig dreymi þá stundum.

Viðræður um sölu á eignum Icelandic Group í Evrópu sagðar langt komnar:

# Allir áhugasamir fara í gegnum bankann

**VIÐSKIPTI** Fjölmörg fyrirtæki í alþjóðlegum sjávarútvegi og fjárfestar hafa sýnt áhuga á eignum Icelandic Group. Bank of America Merrill Lynch í Bandaríkjunum hefur verið ráðgjafi um mögulega sölu á hlut í félaginu og eignum þess. Þeim sem áhuga hafa á fyrirtækinu er vísað til bankans, að sögn Péturs Þ. Óskarssonar, talsmanns Framtakssjóðs Íslands, aðaleiganda Icelandic Group.

Norski netmiðillinn IntraFish greindi frá því í gær að viðræður um kaup asísku sjávarútvegssamstæðunnar Pacific Andes International á fyrirtækjum og verksmiðjum Icelandic Group í Þýskalandi og Frakklandi séu langt komnar. Verðið er sagt á milli sjötíu til hundrað milljónir evra, allt að sextán milljarðar króna.

Evrópski sjóðurinn Triton lagði fram tilboð í erlenda starfsemi Icelandic Group í byrjun árs upp á þrjú hundruð milljónir evra, 48 milljarða króna. Fréttablaðið hafði þá eftir Carl-Evald Bakke-Jacobsen, meðeiganda Triton, að litið væri á Icelandic Group sem grunn að fisksölurisa á heimsvísu. Upp úr viðræðum slitnaði snemma í febrúar. Á sama tíma var tilkynnt að verksmiðjur í Bandaríkjum og rekstur í Kína yrði settur í opið söluferli en verksmiðjum í Evrópu og vörumerki fyrirtækisins haldið. Forstjóri og aðaðstoðarforstjóri Icelandic Group sögðu upp störfum í kjölfarið.

Pétur sagði Framtakssjóðinn ekki vilja tjá sig efnislega um orðróm eða einstaka fréttir af félaginu. - jab



**FISKIFINGUR Á FÆRIBANDI** Ein þeirra verksmiðja Icelandic Group sem sögð er föl er Pickenpack í Þýskalandi.

Nauðguðu stúlku til skiptis:

## Refsing allt að 16 ára fangelsi

**DÓMSMÁL Tveir karlmenn, sem kærðir hafa verið fyrir að nauðga stúlku um tvítugt með hrottafengnum hætti hafa verið dæmdir í Hæstarétti til að sæta gæsluvarðhaldi og einangrun til klukkan fjögur á morgun. Þar með staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms.**

**Stúlkan hafði farið út að skemmta sér með vinkonu sinni og öðrum mannanna aðfaranótt föstudagsins langa. Þau fóru öll heim til hennar, þar sem vinkonan lagði sig. Skömmu síðar bar að annan mann, sem stúlkan taldi vera vin sinn. Þeir beittu hana hrottalegu ofbeldi og nauðguðu henni meðal annars til skiptis. Sá maðurinn sem átti frumkvæði að athæfinu kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Refsing við brotinu getur numið allt að sextán ára fangelsi.** -jss

Skotárás á Kabúlflugvelli:

## Herflugmaður myrti níu menn

**AFGANISTAN, AP** Afganskur herflugmaður myrti átta bandaríska hermenn og einn bandarískan verktaka í skotárás á flugvellinum í Kabúl í gær. Fimm afganskir hermenn særðust.

Þetta er sjöunda árásin sem afganskir hermenn eða uppreisnarmenn í búningum hermenna gera á erlenda hermenn í landinu það sem af er ári, og sú mannskæðasta til þessa.

Hinir látnu voru ráðgjafar og leiðbeinendur sem störfuðu með afganska flughernum.

Flugmaðurinn var skotinn til bana af hermönnum. Hann átti að baki 20 ára feril í afganska flughernum. Bróðir mannsins segir hann ekki hafa verið með sjálfum sér undanfarið vegna fjárhagserfiðleika. - bj

# Ný rannsókn sýnir fjölgun örlaxa í ám

**Rannsóknir Veiðimálastofnunar sýna að svokölluðum örlöxum hefur fjölgað á allra síðustu árum í ám. Ástæðuna fyrir því að laxarnir snúa dvergvaxnir í árnar er að finna í fæðuskilyrðum í hafinu og sést víðar en í íslenskum ám.**

**LÍFFRÆÐI** Rannsóknir Veiðimálastofnunar sýna að svokölluðum örlöxum, löxum af stærðinni 43 til 50 sentimetrar, hefur fjölgað í ám á Austur- og Norðausturlandi á undanförnum árum. Kenningar um smæð þessara laxa standast hins vegar ekki.

Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá VMST, segir að nokkur umræða hafi verið um mjög smáa laxa sem hafa veiðst undanfarin ár. Var talið að hér væru fiskar sem hefðu farið út að vori sem stór gönguseiði og komið inn aftur samsumars. „Því hefur verið haldið fram að svona kettlingar hafi alltaf verið innan um í veiðinni, en hreistursýni úr nokkrum ám á Austur- og Norðausturlandi sýna okkur að örlaxarnir höfðu dvalið eitt ár í sjó eins og hver annar smálax, en virðast hafa lent á svæðum í hafinu þar sem fæðuskilyrði hafa verið slæm.“ Guðni útskýrir að ef átuskilyrði í sjó eru góð er vöxtur hraður og öfugt ef skilyrðin eru slæm. Það sama eigi við um afföll. „Það virðist vera að þessir laxar hafi það skítt á vissum svæðum en aðrir hafi það mun betra annars staðar. Hvar þessi svæði eru er hins vegar ekki vitað með vissu. Hins vegar bendir allt til að laxinn fari ekki á sömu beitarslóðir.“

Norðmenn hafa orðið varir við sömu þróun á undanförnum árum; smálaxinn þeirra hefur verið að koma minni úr sjó en löngum áður. Smálaxi hefur jafnframt fækkað. Guðni segir þá kenningu uppi að norski laxinn leiti norðar en áður vegna breytinga í hafinu. Slíkar breytingar, og ganga fiska eins og makríls, getur verið hluti skýringarinnar hér. Slíkt er þó ósannað og aðeins um tilgátu að ræða.

Það sem vekur ekki síður athygli er að hluti af örlöxunum hafa farið yfir á annað ár í sjó og komið sem smáir tveggja ára laxar til baka. Það veldur því að hluti tveggja ára laxa úr sjó verður undir þeim mörkum sem dregin eru á milli smálax og stórlax við úrvinnslu veiðibóka og teljast því smálaxar. „Þetta höfum við ekki séð áður,“ segir Guðni. „Það er að mörgu að hyggja. Það er breytileiki innan áa og umhverfið er að breytast sem lífríkið þarf að laga sig að, sem gerir þetta spennandi rannsóknarefni.“

Um framhald rannsókna á örlaxi segir Guðni að reynt sé að safna reglulega hreistursýnum. Hins vegar stendur það söfnun sýna fyrir þrifum hversu mörgum löxum er sleppt eftir að hafa verið veiddir. „Þegar megnið af laxinum var drepið þá var hægt að taka sýni sem sýndu þversnið af göngunni. Það vill maður helst hafa.“

Guðni segir að teljarar í ánum séu mikilvægir í þessum rannsóknum því þar fást upplýsingar um lengdardreifingu laxagöngunnar eins og hún kemur upp í ána. „Nýir teljarar eru búnir myndavél og framtíð rannsókna á laxi og silungi hérlendis er björt ef og þegar slíkur búnaður verður settur út í stærri vatnakerfi.“

svavar@frettabladid.is



**SELÁ Í VOPNAFIRÐI** Rannsóknin náði meðal annars til Selár. Tímabilið frá 1975 var skoðað og eru þess greinileg merki að örlöxum hefur fjölgað, sérstaklega frá 2005.

MYND/ORRI VIGFÚSSON

Hagnaður hjá Marel:

## Pantanir aldrei verið fleiri

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Marels nam 8,8 milljónum evra, jafnvirði 1,5 milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra nam hann 5,6 milljónum evra og er hagnaðurinn því rúmlega helmingi meiri nú en þá.

Í uppgjöri Marels segir að ársfjórðungurinn hafi verið góður enda tekjur nítján prósentum meiri nú en á sama tíma í fyrra. Virði nýrra pantana nam 169,3 milljónum evra í lok ársfjórðungsins miðað við 113,5 milljónir á sama tíma í fyrra.



**THEO HOEN**

Haft er eftir forstjóranum Theo Hoen að árið fari vel af stað, gott jafnvægi sé á milli þeirra fjögurra geira sem Marel sérhæfi sig í auk þess sem staðan á pantanabókinni gefi góð fyrirheit um árið. - jab

Kjör vígslubiskups ógilt:

## Kjörstjórn kirkjunnar hættir

**TRÚMÁL Kjörstjórn þjóðkirkjunnar sagði í gær af sér í kjölfar þess að yfirkjörstjórn komst að þeirri niðurstöðu að kosning vígslubiskups í Skálholtsumdæmi hafi verið ólögmæt.**

**Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær verður að endurtaka kosninguna vegna þess að atkvæði sem póstlögð voru eftir síðasta skiladag voru talin með.**

**Í tilkynningu frá Biskupsstofu kemur fram að kjörstjórnin hafi fundað um málið í gær. Á fundinum hafi allir aðalmenn í kjörstjórninni ákveðið að fara frá til að skapa traust og trúverðugleika um framhald kosningarinnar.** - bj






Margdæmdur íslenskur ríkisborgari skal afplána refsingu sína:

# Eftirlýstur af Interpol eftir árás

**LÖGREGLUMÁL** Margdæmdur ofbeldismaður, Chigozie Óskar Anoruo, sem er íslenskur ríkisborgari, er nú eftirlýstur af Interpol. Íslensk lögregluyfirvöld sendu beiðni til alþjóðalögreglunnar 20. apríl síðastliðinn um að lýst yrði eftir honum.

Chigozie er eftirlýstur þar sem hann skal afplána tveggja ára fangesisdóm sem hann hlaut í Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2009 fyrir að stinga mann í hálsinn með hnífi í Hafnarstræti í Reykjavík. Hending var talin að ekki hlaust af alvarlegt líkamstjón eða jafnvel dauði, að því er fram kom í læknisvottorðum, sem lögð voru fyrir dóminn.

Þessi dómur er sá fjórði þar sem hann er fundinn sekur um líkamsárás og er þetta í annað sinn sem hann er dæmdur fyrir stórfellda líkamsárás. Hann neitaði sök en framburður hans þótti mjög ótrúverðugur og fjarstæðukenndur að sumu leyti.

DNA-rannsókn sem gerð var í Noregi sýndi að blóðsýni af egg hnífs, sem fannst í fórum hans eftir líkamsárásina, reyndist vera úr fórnarlambinu. Sama máli gegndi um blóð sem fannst á fatnaði árásarmannsins.

Hann var, auk tveggja ára fangelsis, dæmdur til að greiða fórnarlambinu rúmlega hálfa milljón króna. - jss



**EFTIRLÝSTUR** Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra bað um að lýst yrði eftir Anoruo 20. apríl síðastliðinn.




# GLEÐILEGT SUMAR



**LANDSINS MESTA ÚRVAL AF PALLEFNI**

VIÐ KLÁRUM PALLINN MEÐ ÞÉR Á LÆGRA VERÐI.

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

3.375,-
~~4.499,-~~

Fura • Lerki

## SVONA FÆRÐU TILBOÐ Í PALLINN

Sérfræðingar okkar Timburmiðstöðinni Grafarholti, Skútuvogi og verslunum um land allt hjálpa þér að finna bestu lausnina á lægra verði
**- það er ekkert mál að smíða pallinn með okkur!**

1. Þú kemur til okkar með teikningar eða þínar hugmyndir
2. Við hjálpum þér að efnistaka og útfæra pallinn og mæta þínum þörfum um verð og gæði
3. Þú sækir efnið eða við sendum þér það heim að dyrum.

blómaval




Frábært verð, 10 kg.
Garðablámi
1.995 kr
Alhliða garðaburður

Mosaeyðir 5 kg fata
TILBOÐ
3.395
~~3.995,-~~

Turbokalk 12.5 kg
TILBOÐ
1.895
~~2.249,-~~

Garðakalk 12.5 kg
TILBOÐ
1.795
~~2.199,-~~

Grasfræ 1kg garðablanda
1.699

HIPOINT GREINA- OG HEKKKLIPPUR
25% AFSLÁTTUR



Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

GILDIR TIL 1. MAÍ

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 27.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,97 | 112,51 |
| Sterlingspund | 185,48 | 186,38 |
| Evra | 164,16 | 165,08 |
| Dönsk króna | 22,015 | 22,143 |
| Norsk króna | 21,080 | 21,204 |
| Sænsk króna | 18,385 | 18,493 |
| Japanskt jen | 1,3621 | 1,3701 |
| SDR | 180,34 | 181,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,6112

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríkjaforseti vill afnema skattfríðindi bandarískra olíufyrirtækja:

# Hvetur til meiri olíuframleiðslu

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hvetur Sádi-Arabíu og önnur olíuframleiðsluríki til þess að herða olíuframleiðslu sína vegna þeirrar óvissu og samdráttar í framleiðslu sem orðið hefur vegna Líbíustríðsins og ólgunnar víðar í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum undanfarið.

„Við höfum rætt við helstu olíuframleiðendurna, eins og Sádi-Araba, til að gera þeim grein fyrir að það verði þeim ekki hagstætt ef efnahagslíf okkar verður valt á fótunum vegna hás olíuverðs," sagði Obama í sjónvarpsviðtali í gær.

Olíuframleiðsan í Líbíu var einungis tvö prósent heimsframleiðslunnar, þannig að ekki þarf að auka framleiðsluna mikið annars staðar til að vega upp á móti framleiðsluminnkuninni. Þá ítrekaði Obama á þriðjudag áform sín um að afnema skattfríðindi bandarískra olíufyrirtækja, en viðurkenndi jafnframt að varla muni sú ráðstöfun lækka eldsneytisverð til neytenda. - gb



NORDICPHOTOS/AFP

**OBAMA** Barack Obama hélt sjónvarpsræðu í gær þar sem hann ítrekaði áform sín um að afnema skattfríðindi olíufyrirtækja.

Reykjavíkurborg auglýsir:

# 55 störf í boði á leikskólunum

**REYKJAVÍK** Til stendur að ráða 55 starfsmenn til leikskóla Reykjavíkurborgar til að mæta stórum árgangi leikskólabarna sem innritast í skólana í haust. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Meðal þeirra starfa sem borgin mun auglýsa eru fimmtán störf leikskólastjóra sem og störf aðstoðarleikskólastjóra. Fjárframlög til Leikskólasviðs voru í ársbyrjun aukin um 500 milljónir til að skapa leikskólapláss fyrir árganginn stóra.



**INGIMAR KARL HELGASON**



**HJÁLMAR JÓNSSON**

Hjálmar og Ingimar berjast:

# Tveir í kjöri til formanns BÍ

**FÉLAGSMÁL** Kosið verður á milli tveggja frambjóðenda í embætti formanns Blaðamannafélags Íslands á aðalfundi félagsins í kvöld.

Sitjandi formaður, Hjálmar Jónsson, gefur kost á sér til endurkjörs. Hann var kjörinn formaður í fyrra eftir harða kosningabaráttu sem lauk með því að sitjandi formaður, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, dró framboð sitt til baka á síðustu stundu.

Ingimar Karl Helgason, sem meðal annars hefur verið fréttamaður á Stöð 2 og RÚV, bauð sig fram gegn Hjálmari fyrir viku. Kjörfundur verður opinn frá hádegi í dag, en einnig verður kosið á fundinum. - sh

## ÁRÉTTING

Óli Tynes fréttamaður vill koma eftirfarandi á framfæri: „Í grein um Sólheima í Fréttablaðinu 20. apríl sagði ég að vegna fjárskorts hefði þurft að segja upp hjúkrunarfræðingi, iðjuþjálfa og öryggisfulltrúa/umsjón með byggðahverfi. Þetta er rangt. Fólkið hætti sjálft, hvert af sínum ástæðum. Hins vegar var ekki endurráðið í þessi störf vegna fjárskorts. Vandi Sólheima er sá sami, en ég biðst velvirðingar á þessum mistökum."

# Efast um vilja Ögmundar til að flytja Landhelgisgæsluna

**Þingmaður Suðurkjördæmis segist efast um vilja innanríkisráðherra til að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar. Ráðherra segist hafa unnið af heilindum, en kostnaður við flutninga sé of mikill.**

**STJÓRNSÝSLA** Þingmaður Suðurkjördæmis segist efast um að nokkurn tíma hafi staðið til að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja og efast um heilindi Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra í málinu.

Hugmyndum um flutning Gæslunnar hefur verið skotið á frest um óákveðinn tíma eftir að niðurstaða hagkvæmnimats, sem gert var fyrir innanríkisráðuneytið, leiddi í ljós að rekstrarkostnaður Gæslunnar gæti aukist um tæpar 700 milljónir á ári við flutningana.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks úr Suðurkjördæmi, segir í samtali við Fréttablaðið að ef flutningur verði sleginn af, sé það vanvirðing við íbúa svæðisins.

„Það eru sex mánuðir liðnir frá fundinum í Reykjanesbæ þar sem ríkisstjórnin kynnti aðgerðir fyrir Suðurnesin og þetta var helsta trompið. Ég held að það hafi aldrei staðið til af hendi Ögmundar Jónassonar að flytja Gæsluna. Mér sýnist þetta hafa verið yfirvarp hjá stjórninni til að kaupa sér tíma í áframhaldandi aðgerðarleysi."

Í samtali við Fréttablaðið segir Ögmundur að stjórnvöld hafi unnið málið af heilindum.

„Við höfum ekki ráðist í þessa hagkvæmnikönnun af hún hefði verið einhver sýndarmennska," segir Ögmundur og leggur áherslu á að flutningurinn sé ekki útilokaður.

„Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er það staðreynd að flutningur mun hafa í för með sér umtalsvert aukinn rekstrarkostnað, en við erum ekki búin að slá út af borðinu þessar hugmyndir til lengri tíma litið. Heildarhagsmunir kunna að hníga í þá átt að flytja Gæsluna, en það gerum við ekki nú þegar ríkissjóður er galtómur."

Í matinu kemur fram að stærstur hluti aukins rekstrarkostnaðar liggi í nauðsynlegum breytingum á starfsmannahaldi. Vegna staðsetningar muni Gæslan þurfa að fjölga starfsfólki og einnig breyta vaktafyrirkomulagi þannig að starfsfólk verði á viðveruvakt en ekki bakvakt eins og nú er.

Þá er þess getið að breytingar á Njarðvíkurhöfn, þar sem varðskip Gæslunnar myndu vera staðsett, myndu kosta um 250 milljónir og breytingar á húsnæði við Keflavíkurflugvöll yrðu líka kostnaðarsamar.

Í matinu kemur einnig fram að ýmsir vankantar séu á núverandi aðstöðu Gæslunnar, og þó að hún sé viðunandi til skemmri tíma litið sé úrbóta þörf þegar horft er til lengri tíma.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Böðvar Jónsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar, ekki hafa kynnt sér niðurstöðu matsins og gæti því ekki tjáð sig um efnisatriði hennar.

„En það eru mikil vonbrigði að heyra að þetta sé niðurstaðan í máli sem menn báru miklar væntingar til."

thorgils@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**FER HVERGI Í BILI** Starfsemi Landhelgisgæslunnar verður ekki flutt til Reykjanesbæjar á næstunni eftir að hagkvæmnimat leiddi í ljós aukinn rekstrarkostnað. Þingmaður svæðisins er ósáttur við niðurstöðuna, en ráðherra segir að flutningur sé ekki sleginn af borðinu til lengri tíma.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**





*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**MILT Í VEÐRI**
Áfram verður heldur vætusamt S- og V-til á landinu en horfur á blíðskaparveðri norðaustan til. Þar má búast við allt að 15°C hita á morgun og laugardaginn. Það lægir strax í kvöld og útlit er fyrir hæglætisveður næstu daga.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 22° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 16° |
| París | 15° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

ENNEMM / SÍA / NM45999

# Þetta er myndavél, stereógræjur, leikjatölva, áttaviti, Íslandskort ...

... og auðvitað sími svo að fermingarbarnið geti hringt í þig til að segja „takk“!



Nokia C5-03

## 39.900 kr.

1000 kr. inneign
á mánuði í 6 mánuði

Þægilegur og einfaldur 3G[L] snertisími frá Nokia. Mjög góð 5 megapixla myndavél, Ovi Maps og GPS-virkni um allan heim.

Nokia C3

## 24.900 kr.

1000 kr. inneign
á mánuði í 6 mánuði

Frábærir símar fyrir ungt fólk á ferðinni – tölvupósturinn, spjallið, Facebook og Twitter við höndina öllum stundum.

ovi

Á Ovi Store er að finna um 40.000 forrit sem gera Nokia símann þinn enn skemmtilegri. Þar eru 80% af vinsælustu forritunum í farsíma, kíktu á store.ovi.com

siminn.is

Síminn

Inneignin gildir fyrir eitt símanúmer

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að mæta völlinn og horfa á fótboltaleik í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 25,2% |
| NEI | 74,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að flytja Landhelgisgæsluna á Keflavíkurflugvöll ef rekstrarkostnaður hækkar við það?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Tíbetar í útlegð kjósa nýjan forsætisráðherra útlagastjórnarinnar á Indlandi:

# Tekur við af Dalaí Lama

**INDLAND, AP** Lobsang Sangay, þjóðréttarfræðingur menntaður í Harvard, verður forsætisráðherra útlagastjórnar Tíbeta á Indlandi. Hann tekur því við af Dalaí Lama sem pólitískur leiðtogi Tíbeta.

Sangay hlaut 55 prósent atkvæða í kosningu, sem efnt var til meðal útlægra Tíbeta um heim allan. Tenzin Tethong, fyrrverandi talsmaður Dalaí Lama í Bandaríkjunum, kom næstur og fékk 37 prósent atkvæða.

Dalaí Lama verður stöðu sinnar vegna áfram trúarleiðtogi Tíbeta.



**LOBSANG SANGAY** Verður pólitískur leiðtogi Tíbeta þótt Dalaí Lama verði áfram trúarleiðtogi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann nýtur mikillar virðingar svo óljóst er hve mikil raunveruleg völd nýkjörni forsætisráðherrann fær.

Dalaí Lama hefur hins vegar sagt að samningaviðræður útlaga Tíbeta við kínversk stjórnvöld gætu orðið auðveldari, ef Kínverjar fái einhvern annan að ræða við en sig.

Kínverskum stjórnvöldum er mjög uppsigað við Dalaí Lama og vilja líklega fá að hafa áhrif á hvaða drengur verður valinn til að verða arftaki hans, þegar hann fellur frá. - gb

Gæsluvarðhald staðfest:

# Kærði mann fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhald og einangrunarvist yfir fyrrverandi sambýlismanni konu sem hefur kært hann fyrir nauðgun.

Konan kveður manninn hafa hringt í sig að kvöldi laugardagsins fyrir páska og beðið sig að koma með íþróttatösku heim til hans.

Maðurinn hafi síðan hent henni út, en komið á eftir henni og sótt hana. Hann hafi síðan nauðgað henni, misþyrmt, svívirt og hótað að drepa son hennar. - jss


**Festingavörur**
**á frábæru verði!**

A4 ryðfríar skrúfur. Mikið úrval

Byggingarvinklar. Mikið úrval

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Chemfix teinalím 345 ml **1.995 kr.**

Deka festifrauð 750 ml **985 kr.**

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Héraðsdómur telur neyðarlögin lögleg

**Kröfum almennra kröfuhafa í þrotabú Landsbankans um að innstæður teldust ekki forgangskröfur var hafnað af héraðsdómi í gær. Í málinu var tekist á um hvort neyðarlögin stæðust stjórnarskrána. Málinu verður skotið til Hæstaréttar.**

**DÓMSMÁL** Innstæður á Icesave-reikningunum eru forgangskröfur í þrotabú Landsbanka Íslands samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Þar með staðfestir dómstóllinn lögmæti neyðarlaganna sem stjórnvöld settu eftir hrun bankanna haustið 2008.

Í neyðarlögunum var kveðið á um að innstæður væru forgangskröfur í þrotabúum bankanna. Nærri eitt hundrað almennir kröfuhafar kröfðust þess hins vegar að innstæðurnar teldust almennar kröfur í þrotabúið. Niðurstöðu héraðsdóms verður skotið til Hæstaréttar.

Niðurstaðan í þessu dómsmáli skiptir höfuðmáli fyrir uppgjör á Icesave-málinu. Snúi Hæstiréttur dómi héraðsdóms gæti ríkið setið eftir með hundruð milljarða króna kröfur sem nú er útlit fyrir að fáist greiddar úr þrotabúi Landsbankans.

Almennir kröfuhafar, sem höfðuðu málið, telja að með setningu neyðarlaganna hafi stjórnvöld skert með ólögmætum hætti verðmæti í þeirra eigu og með því valdið þeim umtalsverðu tjóni.

Vísuðu lögmenn þeirra meðal annars til eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar í því samhengi, en þar segir að ekki megi skylda fólk til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir að líta verði til eðlis neyðarlaganna og þeirra aðstæðna sem uppi hafi verið í íslensku samfélagi þegar þau hafi verið sett. Stjórnvöld geti á grundvelli stjórnarskrárinnar sett eignarrétti manna margvíslegar takmarkanir.

Héraðsdómur telur að þó setningu neyðarlaganna hafi borið brátt að fari ekki milli mála að þau hafi verið sett með stjórnskipulega réttum hætti til að bregðast við sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði.



**LÖGLEG** Neyðarlögin sem Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, kynnti 6. október 2008 standast stjórnarskrá samkvæmt úrskurði héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í úrskurði héraðsdóms segir að ekki verði fallist á að með setningu neyðarlaganna hafi eignir almennra kröfuhafa verið gerðar upptækar. Í lögunum felist hins vegar að hluti kröfuhafa hafi fengið aukin réttindi.

Almennum kröfuhöfum tókst ekki að sýna fram á að aðgerðir ríkisins hafi gengið lengra en brýna nauðsyn bar til í því skyni að forða þjóðinni frá efnahagslegu hruni og tryggja þar með hag almennra borgara, samkvæmt úrskurði héraðsdóms.

Í úrskurðinum er málatilbúnaður hluta almennra kröfuhafa gagnrýndur. Farið hafi verið yfir aðdraganda hrunsins í löngu máli, og lagðar fram skýrslur og álitsgerðir sem enga þýðingu hafi haft fyrir málið. brjann@frettabladid.is




**Ný nálgun við mataraðstoð**

**Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum.**

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111093

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400


Verðhækkun á matvöru á árinu gæti dregið verulega úr hagvexti í Asíuríkjum:

# Fátækum gæti fjölgað í álfunni

**EFNAHAGSMÁL** Hætt er við að hækkun á verði matvæla og eldsneytis geti dregið úr hagvexti í Asíu og aukið fátækt verulega.

Þróunarbanki Asíu (ADB) varar við því að vöruverð í Asíu hafi hækkað að meðaltali um tíu prósent frá áramótum og geti þróunin valdið því að hagvöxtur verði 1,5 prósentum lægri í álfunni en búist var við. Asíuríkin komust ágætlega í gegnum fjármálakreppuna og hafa hagspár almennt gert ráð fyrir að þau muni leiða hagvöxt á heimsvísu á árinu.

Bankinn segir sömuleiðis að verði ekkert að gert til að draga úr vöruverðshækkunum geti það haft mjög neikvæð áhrif á lífskjör, jafnvel gert átak gegn fátækt að engu. Gangi svartsýnustu spár eftir gæti fátækum í Asíu fjölgað um tæpar 64 milljónir manna, samkvæmt bankanum.

Breska ríkisútvarpið, BBC, hefur eftir Changyong Rhee, aðalhagfræðingi ADB, að fátækar fjölskyldur í álfunni verji sextíu prósentum af tekjum sínum í matarinnkaup. Hækki vöruverð komi það harkalega niður á þeim, ekki síst á menntun og heilbrigði barna.



**KEYPT Í MATINN Í MANILA** Hátt matvöruverð kemur við buddu margra. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisstjórnir margra landa hafa beitt sér gegn verðþróuninni með útflutningsbanni. Það hefur hins vegar ekki skilað tilætluðum árangri, að mati bankans sem mælir fremur með uppbyggingu í matvælaiðnaði til að auka framleiðslu. - jab


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
**MEIRI FRÓÐLEIKUR**
Meiri Vísir.
Vísir




YvesSaintLaurent

# NÝR BELLE D´OPIUM
## ÁVANABINDANDI AUSTURLENSKUR ILMUR FRÁ YSL

## YvesSaintLaurent KYNNING
### 28. APRÍL – 4. MAÍ Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG SMÁRALIND



**20 % kynningarafsláttur
á Luxurious maskaranum vinsæla.**

Luxurious maskarinn þéttir augnhárin og veitir sambærilegan árangur og frá gerviaugnhárum. Hann þykkir og sveigir augnhárin með einni stroku og veitir fullkominn förðunarárangur allan daginn.

Falleg YSL taska með YSL ilmi og förðunarbursta fylgir sem kaupauki þegar keyptir eru 2 eða fleiri hlutir frá YSL*.

*Gildir meðan birgðir endast á kynningunni. Gildir ekki með 2 blýöntum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvort er dýrara að reka Landhelgisgæsluna í Reykjavík eða á Miðnesheiði?*

2 *Hvar var kosning til vígslubiskups ólögmæt?*

3 *Hvað hefur Snjólaug Bragadóttir þýtt marga þætti af Nágrönnum?*

**SVÖR**

1. Á Miðnesheiði. 2. Í Skálholtsumdæmi. 3. Sex þúsund.

Tæplega þrítugur maður krafinn um rúmar fimmtán milljónir í skaðabætur:

# Braust inn, stal skartgripum og kveikti í rúmi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan karlmann fyrir þjófnað, húsbrot, brennu og eignaspjöll.

Manninum er gefið að sök að hafa brotist inn á neðri hæð íbúðarhúss í Reykjanesbæ í febrúar 2007. Hann komst inn með því að spenna upp glugga. Úr íbúðinni stal hann skartgripum að andvirði ríflega hundrað þúsund króna, að því er segir í ákæru. Þá skemmdi hann bæði innanstokksmuni og gólfefni í svefnherbergi íbúðarinnar.

Einnig er manninum gefið að sök að hafa síðan farið í heimildarleysi í íbúð á efri hæð hússins. Þar braut hann spegil á baðherbergi og kveikti svo í rúmi í svefnherbergi. Með þessu olli hann eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu, því eldurinn barst í aðliggjandi herbergi íbúðarinnar og fram á stigagang. Slökkviliðið náði fljótlega að ráða niðurlögum eldsins, en talsverðar skemmdir urðu á húsinu.

Maðurinn er ennfremur ákærður fyrir að stela lyklum og peningum úr bíl og taka svo annan bíl í nágrenninu í heimildarleysi og aka um á honum þar til lögreglan stöðvaði hann.

Maðurinn er krafinn um rúmar 15,5 milljónir króna af tveimur tryggingafélögum. -jss



**KIRKJUTEIGUR** Húsið í Reykjanesbæ sem maðurinn er ákærður fyrir að hafa kveikt í.



**UMFERÐAREFLITLIT** Lögreglan hafði í nógu að snúast um páskana eins og endranær.

Bakkus undir stýri:

## Rúmlega 20 í vímuefnaakstri

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tuttugu ökumenn voru teknir fyrir vímuefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu um páskana. Þrettán karlmenn voru teknir ölvaðir undir stýri. Þeir voru á aldrinum 18 til 66 ára. Tvær konur voru teknar af sömu sökum. Þær voru 29 og 39 ára. Þrír þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi.

Þá voru fjórir karlmenn á aldrinum 28 til 36 ára teknir við akstur undir áhrifum fíkniefna. Tvær konur 27 ára og 36 ára voru stöðvaðar af sömu sökum. Fjórir þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi. -jss

Samdráttur í sölu áfengis:

## Minna áfengi keypt um páska

**VIÐSKIPTI Sala áfengis var talsvert minni í nýliðinni páskaviku heldur en í páskavikunni í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá Vínbúðunum.**

**Í páskavikunni nú voru seldir 462 þúsund lítrar af áfengi en 507 þúsund lítrar í páskavikunni 2010. Um er að ræða 8,8 prósent samdrátt. Enn fremur er greint frá því að 85.109 viðskiptavinir hafi komið í Vínbúðirnar í páskavikunni eða sex prósent færri en í Páskavikunni 2010 þegar 90.541 viðskiptavinir komu í Vínbúðirnar.** -jss

# Obama stokkar upp í yfirstjórn hermála

**Leon Panetta, yfirmaður leyniþjónustunnar CIA, tekur að öllum líkindum við af Robert Gates sem varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. David Petraeus, sem nú er yfirmaður herliðs NATO í Afganistan, tekur í staðinn við stjórn CIA.**

**BANDARÍKIN, AP** Talið er að miklar mannabreytingar verði í yfirstjórn Bandaríkjahers og leyniþjónustunnar CIA í sumar í tengslum við varnarmálaráðherraskipti, sem fyrirhuguð eru þegar Robert Gates hættir.

Búist er við því að Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynni í dag að Leon Panetta, yfirmaður leyniþjónustunnar CIA, muni taka við af Gates, en David Petraeus, sem er yfirmaður fjölþjóðahersins í Afganistan, komi í staðinn fyrir Panetta hjá CIA.

Þá er reiknað með að herforinginn John Allen taki við af Petraeus sem yfirmaður hersveita NATO í Afganistan, en Ryan Crocker verði sendiherra Bandaríkjanna í Afganistan.

Bandaríska fréttastofan AP fullyrðir þetta, og vísar í ónafngreinda heimildarmenn bæði innan og utan Bandaríkjastjórnar.

Gates hefur lýst því yfir að hann muni hætta sem varnarmálaráðherra fyrir árslok, og miðar þá við að ráðherraskiptin verði gengin um garð áður en kosningabarátta fer í gang af fullum krafti fyrir næstu forsetakosningar, sem verða haldnar haustið 2012.

Öldungadeild Bandaríkjaþings þarf að samþykkja val forsetans í embætti varnarmálaráðherra, og er Obama sagður stefna á að Panetta komi fyrir þingnefnd á næstu mánuðum.

Talið er að Panetta hafi orðið fyrir valinu sem varnarmálaráðherra bæði vegna þess að hann hefur langa reynslu af störfum við stjórnsýsluna í Washington, meðal annars af fjárlagagerð og sem starfsmannastjóri Bills Clinton forseta, og vegna þess að hann hefur aflað sér víðtækrar reynslu í tengslum við yfirmannsstörfin hjá CIA. Hann er sagður hafa ferðast til meira en 30 landa og komið á fleiri en 40 bækistöðvar Bandaríkjahers og leyniþjónustunnar CIA.

Vitað var að Petraeus myndi hætta í Afganistan fyrir árslok og miklar vangaveltur hafa verið um það til hvaða starfa hann færi næst.

Petraeus hefur ekki starfað lengi sem yfirmaður herliðsins í Afganistan. Hann tók við því embætti í júní síðastliðnum en hafði áður verið yfirmaður fjölþjóðaherliðsins í Írak.

Petraeus heldur því fram að öflug sókn hersins, einkum gegn talibönum í sunnanverðu landinu, undanfarinn vetur hafi dregið mjög úr mætti þeirra. Bandaríkin stefna að því að hefja brottflutning herliðs síns frá Afganistan nú í sumar og búa jafnframt afganska herinn undir að taka við. gudsteinn@frettabladid.is



**OBAMA OG PANETTA** Leon Panetta hefur verið yfirmaður CIA í tvö ár. NORDICPHOTOS/AFP

Lán féll úr þinglýsingabókum:

## Ríkið greiðir fyrir mistökin

**DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur verið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða húseigendum á Akureyri rúmlega 3,2 milljónir króna vegna mistaka við þinglýsingu.**

**Fólkið bjó á 1. hæð húss og hugðist kaupa kjallaraíbúð í sama húsi af eiganda hennar. Áður en af þeim kaupum gat orðið þurfti að gera eignaskiptalýsingu. Við þinglýsingu hennar urðu þau mistök að 1.750 þúsunda lán með veði í kjallaraíbúðinni féll úr þinglýsingabókum sýslumannsins á Akureyri.**

**Fólkið keypti síðan íbúðina á verði sem miðað var við að ekkert hvíldi á henni, en varð að greiða upp lánið, sem komið var í rúmar 3,2 milljónir vegna vanskila og gjaldþrots seljanda hennar.** - jss

Hvíta húsið slær á sögusagnir:

## Fæðingarvottorð Obama birt

**BANDARÍKIN** Hvíta húsið gaf út afrit af fæðingarvottorði Baracks Obama Bandaríkjaforseta í gær. Með birtingunni vilja forsvarsmenn Hvíta hússins stöðva sögusagnir þess efnis að forsetinn sé ekki fæddur í Bandaríkjunum.

Á vottorðinu stendur að Obama sé fæddur á Kapiolanispítalanum á Honolulu þann 4. ágúst 1961. Því hefur verið haldið fram að Obama hafi fæðst í Keníu, fæðingarlandi föður hans.

Obama sagði við blaðamenn í Hvíta húsinu í gær að undir venjulegum kringumstæðum myndi hann ekki svara rugli sem þessu, en verkefnin sem Bandaríkjastjórn stæði frammi fyrir væru svo brýn að hann vildi fá þetta mál frá. - sv



MJÓLKURSAMSALAN

# Gangi ykkur vel krakkar

**Spennan er í hámarki því í kvöld kl. 20.05 fer fram úrslitaviðureign Skólahreysti MS.**

**Frítt inn á keppnina í Laugardalshöll og bein útsending á RÚV.**

**Ekki missa af þessu!**





SKÓLAHREYSTI

Kíkið á Skólahreysti síðuna á Facebook

skolahreysti.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**KRAFTAVERKI LÍKAST** Ungur maður gengur á vatni í glærum bolta við Schweriner-höll í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn á morði á hjónum frá Óðinsvéum miðar lítt áfram:

# Treysta á eftirlitsmyndavélar

**DANMÖRK** Lögreglan á Fjóni er enn engu nær um þann sem myrti hjónin Bjarne Johansen og Heidi Nielsen í skógi við Óðinsvé fyrir um tveimur vikum, en vonast til þess að upptökur úr eftirlitsmyndavélum komi þeim á sporið.

Fjölmargar kenningar hafa verið á lofti um hvatir gerningsmannsins, sem skaut hjónin til bana þar sem þau voru á kvöldgöngu. Fram til þessa hefur lögregla útilokað að um ránmorð eða hefndaraðgerð sé að ræða og segir Jack Liedecke, talsmaður lögreglunnar, í samtali við Jyllands Posten að líklegast þyki að þau hafi verið stödd á röngum stað á röngum tíma.

„Þau voru þarna á gönguferð eins og svo oft áður og komu kannski að gerningsmanninum sem var vopnaður skammbyssu. Þannig séð hefði þetta getað komið fyrir hvern sem er.“

Samkvæmt fréttum í dönskum miðlum reiðir lögregla sig nú á að finna vísbendingar í eftirlitsmyndavélum í verslunum og fyrirtækjum í nágrenni morðvettvangsins. Eru vonir bundnar við að gerningsmaðurinn komi jafnvel þar í ljós. - þj




**ENN ENGU NÆR** Lögregla hefur enn engan grunaðan um morð á hjónum við Óðinsvé fyrir um tveimur vikum. NORDICPHOTOS/GETTY

Glannaakstur í Ártúnsbrekku:

# Mældist á 157 kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára piltur var staðinn að hraðakstri í Ártúnsbrekku í fyrrakvöld en bíll hans mældist þar á 157 kílómetra hraða.

Samkvæmt sektarreikni Umferðarstofu fær ökumaðurinn ungi sekt upp á 150 þúsund krónur, sviptingu ökuleyfis í þrjá mánuði og þrjá refsipunkta í ökuferilsskrá. Vegna ungs aldurs er ljóst að ökumaðurinn er handhafi bráðabirgðaskírteinis og í ljósi þess verður hann jafnframt settur í ótímabundið akstursbann. - jss

MIKIÐ ÚRVAL
... af notuðum fötum ...
Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.
Opin alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.

# Stöndum verr en Skandínavíuþjóðir

**Íslendingar eru í níunda sæti yfir þær þjóðir Evrópu sem eru meðvitaðar um neytendamál. Stöndum verr að vígi heldur en Skandínavíuþjóðirnar. Of lítið framboð er af neytendaefni í fjölmiðlum, að mati Neytendasamtakanna.**

**NEYTENDUR** Íslendingar eru í níunda sæti yfir meðvitaða neytendur í Evrópu. Um 74 prósent þjóðarinnar telja sig vera vel að sér í neytendamálum og 56 prósent telja lög um neytendavernd nægilega sterk.

Þetta kemur fram í nýrri könnun Framkvæmdastjórnar neytendamála hjá Evrópusambandinu (ESB) um kunnáttu, færni og viðhorf neytenda í viðskiptum. Greint er frá niðurstöðunum á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Norðmenn eru í fyrsta sæti í könnuninni og þar á eftir koma Finnar, Hollendingar, Danir og Svíar. Lettneskir, litháískir, rúmenskir, ungverskir, búlgarskir og spænskir neytendur eru þeir sem eru hvað verst að sér í neytendamálum. Þeir sem hafa litla eða enga tölvukunnáttu og ekkjur og ekklar standa verr að vígi en aðrir. Þeir sem hættu námi fimmtán ára eða yngri stóðu sig verr í könnuninni heldur en þeir sem hafa meiri menntun.

Samkvæmt könnuninni er færni íslenskra neytenda yfir meðaltali hvað varðar þekkingu og útreikninga á verði og vöxtum. Einnig eru Íslendingar vel að sér þegar kemur að gölluðum vörum og réttindum vegna þeirra. Þá eru Íslendingar nokkuð duglegir að kvarta og leita réttar síns miðað við aðrar Evrópuþjóðir.

„Þetta er í samræmi við okkar tilfinningu. Íslenskir neytendur urðu meðvitaðri um neytendamál eftir hrun og meira vakandi yfir rétti sínum. Við gerum meiri kröfur,“ segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum. Hún segir það ekki koma sér á óvart að Íslendingar standi verr að vígi en Skandínavíuþjóðirnar og slíkt sé ekkert nýtt, enda sé umfjöllun um neytendamál í fjölmiðlum mun minni hér á landi heldur en á hinum Norðurlöndunum.

„Það þarf að auka neytendaþætti í fjölmiðlum. Þetta er svo breitt svið og snýr að því sem við gerum alla daga,“ segir Hildigunnur. Í Danmörku, þar sem mikið framboð er af slíku efni, segjast um 75 prósent þátttakenda hlusta eða horfa á slíkt efni.

Þátttakendur í könnuninni voru um 55 þúsund, frá öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins auk Íslands og Noregs. Skoðaðir voru ýmsir þættir er snúa að þekkingu neytenda á réttindum sínum og löggjöf, hvernig þeir fylgja kvörtunum sínum eftir og hæfni í að greina upplýsingar.

sunna@frettabladid.is




**ÍSLENSKUR NEYTANDI** Rúmur helmingur íslenskra neytenda telur lög um neytendavernd ekki nægileg. Eru þau þó í samræmi við lög í nágrannalöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## Segja niðurstöður valda vonbrigðum

- **2%** geta sagt til um þýðingu fimm merkja er varða neytendavernd
- **18%** átta sig ekki á best-fyrir-dagsetningu á matvælaumbúðum
- **21%** segist alltaf skoða mælieiningarverð við verðsamanburð
- **38%** neytenda nota Internetið til þess að bera saman vörur
- **39%** eru meðvituð um að kvörtunarfrestur vegna gallaðar vöru er tvö ár
- **55%** telja að lög verndi þá við kaup á vörum eða þjónustu
- **58%** þátttakenda lesa rétt úr upplýsingum um fituinnhald vöru
- **63%** telja sig hafa kunnáttu í neytendaviðskiptum
- **73%** eru öruggmeð sig sem neytendur

*Framkvæmdastjórn neytendamála ESB segir í skýrslu sinni að niðurstöður könnunarinnar valdi töluverðum vonbrigðum og neytendaþekking Evrópubúa sé ekki eins góð og búist var við.*

ÁRSFUNDUR KJALAR LÍFEYRISSJÓÐS

Kjölur lífeyrissjóður boðar hér með til ársfundar sjóðsins. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík, miðvikudaginn 11. maí 2011 kl. 17.00.

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á ársfundinum.

Á dagskrá fundarins eru almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ársfundargögn er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.landsbankinn.is/ls/kjolur og hjá Fjármálaráðgjöf Landsbankans, Austurstræti 11.

Reykjavík, 27. apríl 2011

Virðingafyllst,
stjórn Kjalar lífeyrissjóðs

Persónuupplýsingum allt að 77 milljóna eigenda Playstation-leikjatölva stolið:

# Íslensk kort ekki verið misnotuð

**TÆKNI** Ekkert bendir enn til þess að íslensk greiðslukort hafi verið misnotuð eftir að persónuupplýsingum um Playstation 3 notendur sem keypt hafa vörur í gegnum netverslun var stolið í gegnum vef Sony. Alls eru um 77 milljónir notenda skráðar en ekki hefur verið upplýst hvort þjófnaðurinn náði til þeirra allra eða aðeins hluta.

„Við brýnum fyrir okkar korthöfum sem hafa verið að versla í gegnum þessar tölvur að fylgjast grannt með notkun á kortunum sínum,“ segir Kristján Harðarson hjá kortafyrirtækinu Valitor.

Hann segir að kortin hafi þegar verið sett á sérstakan gátlista hjá fyrirtækinu, en ekki hafi komið upp nein tilvik þar sem kortanúmerin hafa verið misnotuð. Komi misnotkun í ljós verði kortunum lokað og ný gefin út.

Vefversluninni var lokað í síðustu viku án skýringa, en Sony hefur nú upplýst að einhver eða einhverjir hafi nýtt sér galla á kerfi Sony og sótt skjal með upplýsingum um notendur. Í skjalinu voru nöfn, heimilisföng, netföng, símanúmer, viðskiptasaga, greiðslukortanúmer og aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar.

Sony gæti þurft að greiða sekt fyrir að verja ekki persónuupplýsingarnar betur en raun bar vitni. Samkvæmt frétt BBC um málið hafa bresk stjórnvöld hafið rannsókn á því hvernig stendur á því að hægt var að nálgast þessar upplýsingar svo auðveldlega. - bj



**LEIKJATÖLVA** Eigendur Playstation 3 sem notað hafa greiðslukort til að kaupa vörur í verslun Sony ættu að fylgjast með notkun á kortinu á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing


Allt sem þú þarft...

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



BÖKUNAR-KARTÖFLUR

50% afsláttur

93 kr/kg
áður 185 kr/kg

# GLEÐILEGT **SUMAR!**

**GRÍSAHNAKKASNEIÐAR**
FERSKAR – KRYDDAÐAR




30% afsláttur

1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg

**GRÍSAKÓTELETTUR**
FERSKAR – KRYDDAÐAR




30% afsláttur

1.049 kr/kg
áður 1.498 kr/kg

**VÍNARPYLSUR**
10 STK 513 G




20% afsláttur

399 kr/pk.
áður 499 kr/pk.

**NAUTAHAMBORGARAR**
FERSKIR 90 G, 4 STK




34% afsláttur

395 kr/pk.
áður 598 kr/pk.

**ALÍFUGLAHAKK**
FROSIÐ 600 G




40% afsláttur

299 kr/pk.
áður 498 kr/pk.

**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
FERSKAR 1. FL




40% afsláttur

1.499 kr/kg
áður 2.498 kr/kg

**NAUTAGÚLLAS**
FERSKT




32% afsláttur

1.499 kr/kg
áður 2.192 kr/kg

**VÖFFLUMIX**
450 G




299 kr/pk.
áður 359 kr/pk.

**KAFFI**
MALAÐ 400 G




399 kr/pk.
áður 429 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 28. apríl - 1. maí**
eða meðan birgðir endast



VINNUPALLARNIR FARNIR Skakki turninn í Písa er loksins laus við vinnupallana, sem hafa hulið hann að hluta í tvo áratugi samfleytt vegna endurnýjunar og viðgerða. NORDICPHOTOS/AFP

LÖGREGLUMÁL

### Ökumaður gómaði þjóf

Innbrotsþjófur var handtekinn í Grafarvogi um miðjan dag í fyrradag. Hann hafði brotið bílrúðu og hugðist stela verðmætum úr ökutækinu. Ökumaðurinn var hins vegar skammt undan, sá þjófinn, handsamaði hann og hafði í haldi þar til lögregla kom á vettvang.

Mál kvennanna sjö gegn Gunnari í Krossinum nú á leið til ákæruvaldsins:

# Var yfirheyrður í gærmorgun

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Þorsteinsson, fyrrverandi forstöðumaður trúfélagsins Krossins, var yfirheyrður hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar í gærmorgun. Gunnar vildi lítið tjá sig efnislega um yfirheyrsluna að svo stöddu máli.

„Mér líður vel. Ég er bjartsýnn á niðurstöðuna,“ sagði hann.

Gunnar býst ekki við því að verða kallaður aftur til yfirheyrslu og segir málinu lokið á þessu stigi.

Sjö konur hafa lagt fram kæru á hendur Gunnari vegna kynferðisbrota gegn þeim á meðan þær voru í Krossinum. Konurnar hafa ýmist sakað Gunnar, sem þá var forstöðumaður Krossins, um að káfa á sér, láta óviðeigandi orð falla eða að hafa kysst þær innilega. Hann hefur neitað öllum ásökunum.

Ásta Knútsdóttir, talskona kvennanna, segir að líklegt sé að ekki verði ákært í málinu sökum aldurs brotanna.

„Okkur þykir stór sigur unninn. Markmiðið var að koma þessum skilaboðum á framfæri,“ segir Ásta. „En við vonumst til þess að þetta verði að minnsta kosti til þess að Gunnar missi réttinn til þess að gegna stöðu forstöðumanns.“ Ásta segir konurnar margar hafa lent í miklu áreiti af hendi meðlima Krossins að undanförnu, þá sér í lagi eiginkonu Gunnars, Jónínu Benediktsdóttur. „Við höfum alla tölvupósta undir höndum og allt sem hefur frá þessari konu komið. Það er líka komið til lögreglunnar,“ segir Ásta.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, segir mál Gunnars verði sent til ákæruvaldins. - sv



GUNNAR EFTIR YFIRHEYRSLU Gunnar Þorsteinsson sagði sér líða vel eftir yfirheyrslu hjá kynferðisbrotadeild í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tvö tekin með þýfi:

## Handtekin tvisvar sama dag

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri og kona á þrítugsaldri voru handtekin í tvígang fyrir þjófnað og innbrot í Hafnarfirði á laugardag.

Fyrst voru þau handtekin snemma morguns eftir að hafa stolið GPS-tæki og fleiri verðmætum úr ólæstum bílum. Hinum stolnu munum var komið aftur í réttar hendur og fólkinu síðan sleppt eftir að málið taldist upplýst.

Þjófarnir brutust þá inn í bíl á öðrum stað í bænum þegar nokkuð var liðið á daginn. Skötuhjúin voru því handtekin á nýjan leik, nú með þýfi úr bílnum. - jss

Dularfullt mál í Noregi:

## Fannst látinn við þjóðveginn

**NOREGUR Maður fannst látinn í bíl á áningarstað við þjóðveg skammt suður af Ósló í gær.**

**Bíllinn var skráður í Litháen en lögregla veit engin deili á manninum, né hvað dró hann til dauða. Þó þykir líklegt að dauða hans hafi ekki borið að með eðlilegum hætti og hefur rannsóknardeild verið kölluð að málinu.**

**Maðurinn fannst þegar lögregla athugaði yfirgefna bíla við áningarstaðinn, en ekki var vitað hve lengi maðurinn hafði verið í bílnum. - þj**



UNDIR YFIRBORÐINU Kókaínsmyglarar hafa hingað til notað litla kafbáta eins og bátinn hér að ofan. NORDICPHOTOS/AFP

Smíða fullkomna kafbáta:

## Kókaíni smyglað í kafbátum

**KÓLUMBÍA** Kólumbísk stjórnvöld hafa lagt hald á hálfkláraðan kafbát sem fíkniefnabarónar voru með í smíðum. Þetta er annar kafbáturinn sem fundist hefur í fórum fíkniefnasmyglara, að því er BBC greinir frá.

Smyglararnir hafa hingað til notað litla kafbáta sem siglt hafa rétt undir yfirborði sjávar, og hefur bandarísku strandgæslunni orðið vel ágengt í að stöðva þá.

Nú hafa smyglararnir fært sig upp á skaftið og smíðað alvöru kafbáta sem geta siglt talsvert undir yfirborði sjávar. Afar erfitt getur verið að finna slíka kafbáta og því greið leið fyrir kólumbískt kókaín á markað í Bandaríkjunum og víðar. - bj

Líkamsárás kærð til lögreglu:

## Maðurinn réðst á ranga konu

**LÖGREGLUMÁL Ein líkamsárás var kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum eftir skemmtanahald páskahátíðarinnar. Árásin átti sér stað á veitingastaðnum Lundanum aðfaranótt annars í páskum.**

**Karlmaður sló konu þannig að hún fékk sár á enni, auk þess sem hann reif í hár hennar. Ekki liggur fyrir ástæða árásarinnar en flest bendir til þess að maðurinn hafi farið konuvillt. Málið er í rannsókn**

**Skömmu áður höfðu tveir menn brotist inn í Lundann. Lögreglan greip annan á vettvangi og sótti svo hinn til skýrslutöku. Þeir játuðu báðir. - jss**


10-11

## 10-11 boðið til sölu

Rekstrarfélag **Tíu-ellefu ehf.** er til sölumeðferðar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Félagið er í eigu Eignabjargs, dótturfélags Arion banka.

Rekstrarfélag Tíu-ellefu ehf. rekur 23 verslanir undir merkjum 10-11 á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Vörumerkið 10-11 er meðal þeirra þekktustu á markaðnum og verslanirnar vel staðsettar, en hjá félaginu starfa um 200 manns. Stefna félagsins er að 10-11 sé fyrsti valkostur neytenda sem vilja nýta sér fljóta og einfalda þjónustu hvenær sólarhringsins sem er.

Verslanakeðjan var í eigu Haga hf. þar til á síðasta ári, þegar Rekstrarfélagið tók við rekstri keðjunnar ásamt eignum og skuldum.

### Söluferlið

Boðið er til sölu allt hlutafé í Rekstrarfélagi Tíu-ellefu ehf. og er gert ráð fyrir að það verði selt í einu lagi. Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem að mati seljanda geta sýnt fram á að hafa viðeigandi þekkingu og til þess bæran fjárhagslegan styrk, eða aðgang að a.m.k. 300 milljónum króna í auðseljanlegum eignum. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, meðal annars ef fyrir hendi eru lagalegar hindranir á því að viðkomandi fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Skulu þeir leggja fram trúnaðaryfirlýsingu á þar til gerðu formi. Sölugögn verða afhend þátttakendum frá og með miðvikudeginum **4. maí** næstkomandi. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mun taka við óskuldbindandi tilboðum til kl. 16.00 miðvikudaginn **18. maí**. Tilboðum skal skila á þar til gerðu formi. Í kjölfarið verða tilboðin metin og völdum fjárfestum boðin áframhaldandi þátttaka í söluferlinu. Munu þeir fjárfestar fá aðgang að frekari upplýsingum um rekstur og fjárhag félagsins áður en óskað verður eftir bindandi tilboðum og gengið til endanlegra samninga um kaup og sölu á félaginu. Seljandi áskilur sér rétt til að i) gera breytingar á skilmálum og/eða viðmiðum söluferlisins og/eða ii) ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

### Frekari upplýsingar

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í síma 444-6000 eða með því að senda tölvupóst á fyrirtaekjaradgjof.10-11@arionbanki.is.

Arion banki

# VIÐSKIPTAVINIR LEITA TIL OKKAR TIL AÐ KAUPA BENSÍN OG OLÍU. VIÐ SELJUM ÞEIM BENSÍN OG OLÍU. ÞESS VEGNA ERU VIÐSKIPTAVINIR OKKAR ÁNÆGÐUSTU* VIÐSKIPTAVINIR OLÍUFÉLAGANNA.




**ORKAN ER VÖRUMERKI Í EIGU SKELJUNGS OG ÓB ER VÖRUMERKI Í EIGU OLÍS.

*VIÐSKIPTAVINIR ATLANTSOLÍU ERU ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIR OLÍUFÉLAGANNA SAMKVÆMT ÁNÆGJUVOGINNI.

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR · kemi · AÞ-ÞRIF · GÚMMÍVINNSLAN · Aðalskoðun · TE & KAFFI

## FRÉTTASKÝRING: Breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu

### Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar

Markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbotns. Veiðiheimildir skulu ákvarðast af nýtingarstefnu sem byggist á aflareglu hverju sinni. Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnulífsins sem framundan er. Það er því afar mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða.

**Þjóðareign og mannréttindi**

■ Með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá verði undirstrikað að fiskistofnarnir umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar. Úthlutun aflaheimilda er tímabundinn afnotaréttur og myndar ekki undir neinum kringumstæðum eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildunum.
■ Bregðast þarf frekar við áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og að tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind.

**Brýnar aðgerðir**

■ Knýja á um frekari fullvinnslu afla hérlendis með því m.a. að skoða hóflegt útflutningsálag á fisk og/eða að óunninn afli verði settur á innlendan markað.
■ Takmarka framsal á aflaheimildum, auka veiðiskyldu og endurskoða tilfærslur á heimildum milli ára.
■ Stofna auðlindasjóð sem fer með ráðstöfun fiskveiðiréttinda í eigu þjóðarinnar. Arður af rekstri sjóðsins renni til atvinnuuppbyggingar.
■ Vernda grunnslóð. Kannaðir verði möguleikar þess að veiðar afkastamikilla skipa á grunnslóð og inni á fjörðum verði takmarkaðar frá því sem nú er með það að markmiði að treysta grunnslóðina sem veiðislóð fyrir smærri báta og umhverfisvænni veiði.
■ Skipa ráðgefandi hópa útgerðarmanna og sjómanna varðandi veiðiráðgjöf og nýtingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar.
■ Heimila frjálsar handfæraveiðar smábáta yfir sumarmánuðina.

**Endurskoðun laga um fiskveiðar**

■ Lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð í heild með það að markmiði að:
- stuðla að vernd fiskistofna
- stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar
- treysta atvinnu
- efla byggð í landinu
- skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar
- leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.

■ Endurskoðunin mun verða unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun taki gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010. Skipaður verði starfshópur er vinni að endurskoðuninni og kalli til samráðs hagsmunaaðila og sérfræðinga.

**Vistvænar veiðar – rannsóknir o.fl.**

■ Ríkisstjórnin telur brýnt að treysta í sessi siðræn viðhorf í umgengni við hafið og auðlindir sjávar í ljósi þess að maðurinn er hluti af náttúrunni og verður að umgangast hana af ábyrgð.
■ Nýta þarf krafta sjómanna og útgerðarmanna í hafrannsóknum til að efla gagnasöfnun og rannsóknarverkefni sem þeir eru þátttakendur í.
Kortleggja vel menntun og fræðslu í sjávarútvegi með það að markmiði að auka menntunarstig í greininni.
■ Íslendingar áskilja sér hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Forsendur fyrir veiðum og nýtingu sjávarspendýra, sela og hvala, verði endurmetnar frá grunni með tilliti til sjálfbærni og efnahagslegrar þýðingar fyrir þjóðarbúið í heild sem og alþjóðlegra skuldbindinga og ímyndar Íslands.



**Á SJÓ** Ekki sér fyrir endann á deilum um hvernig eða hverjir eigi að standa að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Í deilunni um kvótann birtist barátta um völd

**Ágreiningur vinnuveitenda og stjórnvalda um fiskveiðistjórnunarkerfið er ekki aðeins ágreiningur um hvernig stjórna beri fiskveiðum heldur líka barátta um völd. Hugsanlegt er að af honum leiði víðtæk verkföll með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið.**

Það er af fullri alvöru sem forystumenn launþega tala um að beita fyrir sig verkföllum til að ná fram kjarabótum. Þeir hafa fengið nóg af því sem þeir kalla óbilgirni atvinnurekenda og nóg af kröfum þeirra um að ekki verði samið til langs tíma nema stjórnvöld lúti vilja þeirra í málefnum sjávarútvegsins. Hvað kemur okkur þetta mál við? – spyrja þeir og skyldi engan undra.

**Bara nokkrar tölur**

Samtök atvinnulífsins standa fast við kröfu sína. Það verður ekki samið við stjórnvöld ætla að standa við ítrustu áform sín um innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda. Samtökin hafa rétt út sína sáttahönd; eyðublað þar sem aðeins þarf að setja inn nokkrar tölur. Í fyrsta lagi í hve mörg ár útgerðir fái að nota aflaheimildir, í öðru lagi hve mörg þúsund þorskígildistonnum ríkið ráðstafi til samfélagslegra verkefna fram hjá aflahlutdeildarkerfinu, í þriðja lagi hve hátt hlutfall af hagnaði útgerðar renni í sérstakan skatt sem veiðigjald og í fjórða lagi hve hátt hlutfall af tekjum af sölu aflamarks umfram kaup skuli greiða í skatt.

**Himinn og haf skilja á milli**

Þetta virðist einfalt og líklega væri hægt að fylla inn í eyðurnar á hálftíma. Vandinn er bara sá að himinn og haf skilja að hugmyndir stjórnmálamanna og útgerðarmanna um tölurnar. Sumir pólitíkusar hafa til dæmis nefnt að nýtingartíminn eigi að vera tíu ár á meðan útgerðarmenn telja 35 ár vera lágmark. Að sama skapi er óravegur frá hugmyndum manna um hve stór hluti heildaraflans eigi að vera í aflamarkskerfinu og hve stór hluti eigi að fara í svokallaða samfélagspotta. Veiðigjaldið er svo enn eitt málið. Háar fjárhæðir ráðast af prósenti til eða frá.

Innan stjórnmálanna var hlegið þegar eyðublaðið var kynnt.

**Þjóðaratkvæði?**

Að undanförnu hafa nokkrir stjórnmálamenn lýst yfir vilja til að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar. Rétt er því að rifja upp að tillaga þess efnis, flutt af níu þingmönnum Samfylkingarinnar, er til meðferðar á Alþingi. Í henni segir að bera eigi upp grundvallarspurningar, meðal annars um hvort taka eigi upp nýtt fiskveiðistjórnarkerfi, setja sérstakt stjórnarskrárákvæði um eignarhald auðlindarinnar og innkalla aflaheimildir og endurúthluta þeim gegn gjaldi til þjóðarinnar.

**Sáttin**

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar (fiskveiðikaflinn er birtur í heild hér til hliðar) stendur að meðal markmiða sem leggja eigi upp með við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sé að skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar.

Að þessu hafa ýmsir aðrir hlegið. Önnur markmið lagabreytinganna, auk yfirlýsinga stjórnmálamanna í stjórnarliðinu, séu þess eðlis að enginn leið sé að sátt skapist. Eina sáttin sem sé möguleg felist í því að einhverjir sætti sig við að verða undir í málinu.

Í dag er staðan sú að hvorki stjórnvöld né útgerðarmenn/atvinnurekendur ætla að sætta sig við slíkt.

**Samningaleiðin**

Sjávarútvegsráðherra setti á laggirnar starfshóp til að vinna að endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Í starfinu tóku þátt næstum tuttugu manns, fulltrúar stjórnmálaflokkanna og hagsmunaaðila.

Hver og einn lagði af stað með sínar hugmyndir um hvernig skipan fiskveiða væri best komið til framtíðar en að meginniðurstöðu varð að best væri að fara samningaleiðina. Það hljómar auðvitað vel en líkt og áður var rakið hafa menn afar ólíkar hugmyndir um hvernig slíkir samningar eigi að vera.

**Stjórnarflokkana greinir á**

Þegar skýrslan lá fyrir í september var hafist handa í sjávarútvegsráðuneytinu við að smíða frumvarp. Sú smíði stendur enn. Engum öðrum en embættismönnum og örfáum þingmönnum stjórnarflokkanna hefur verið hleypt að verkinu. Hvorki útgerðarmenn né aðrir hafa verið hafðir með í ráðum. Ekki einu sinni stjórnarandstaðan. Samt hefur tekið mun lengri tíma að útbúa frumvarpið en stefnt var að. Ágreiningur stjórnarflokkanna _ og að einhverju leyti sú staðreynd að viðfangsefnið var flóknara en talið var – hefur nægt til að tefja verkið um marga mánuði.

**Hverra mál?**

Ekki er nóg með að deilt sé um hugmyndir og leiðir um fyrirkomulag stjórnar fiskveiða heldur deila menn um hvort útgerðarmenn og aðrir atvinnurekendur eigi að koma að málinu eða yfir höfuð hafa á því skoðun. Málið sé pólitískt og þar með viðfangsefni pólitíkusa.

Það verður hins vegar að teljast býsna eðlilegt að þeir sem eiga sitt undir lögum um stjórn fiskveiða vilji hafa eitthvað um þau að segja. Fjárfestingar í sjávarútvegi eru gríðarlegar – nýr togari getur kostað sex milljarða – og skiljanlegt að þegar sest er niður til að smíða frumvarp um greinina vilji hagsmunaaðilar fá sæti við borðið.

**Stóra málið**

Í hugum stjórnarliða er málið stærra en sem nemur endurskoðun á einni löggjöf, þótt mikilvæg sé. Á þeim bænum er litið svo á að málið sé í raun barátta um völdin í samfélaginu. Í aldarbyrjun hafi völd verið færð hagsmunaaðilum með þeim skelfilegu afleiðingum sem birtust í hruninu. Það beri því glöggt vitni að völdum sé betur fyrir komið hjá stjórnmálamönnum en öðrum. Því sé mjög mikilvægt að endurskoðun fiskveiðilaganna fari fram á forsendum stjórnmálanna með hefðbundnum umsagnarrétti hagsmunaaðila við meðferð málsins á Alþingi.

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



Ársfundur
Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Grand Hótel Reykjavík
Fimmtudagur 12. maí kl. 17:00

Dagskrá fundarins:

1. Hefðbundin ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál.

Tveir aðalmenn í stjórn og einn vara-stjórnarmaður voru kosnir á auka-aðalfundi í september til næsta aðalfundar.

Þeim sjóðfélögum sem hafa hug á því að bjóða sig fram er boðið að kynna sig stuttlega á heimasíðu sjóðsins og eru þeir beðnir um að hafa samband við starfsmenn sjóðsins.

Í sjóðnum er virkt sjóðfélagalýðræði og hafa allir sjóðfélagar sem mæta á ársfund atkvæðisrétt.

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Lífeyrissjóður verkfræðinga | Engjateigi 9, 105 Reykjavík | www.lifsverk.is | Sími 575 1000

Kannabisræktun stöðvuð:

# Þefaði uppi kannabisrækt

**LÖGREGLUMÁL** Þefvís gestur í fjölbýlishúsi í Breiðholti taldi sig finna kannabislykt þar sem hann var staddur í stigaganginum á skírdag. Hann gerði lögreglu viðvart, sem fann kannabisræktun með fimmtíu plöntum. Þær vógu vel á annan tug kílóa.

Íbúðin var mannlaus þegar lögreglan kom á vettvang. Hún reyndist hafa verið tekin á leigu í þeim tilgangi einum að koma þar upp kannabisræktun. Haft var uppi á karlmanni á þrítugsaldri og játaði hann sök. - jss

Standard & Poors færir lánshæfishorfur Japans úr stöðugum í neikvæðar:

# Endurreisnin eftir hrun verður dýrkeypt

**EFNAHAGSMÁL** Matsfyrirtækið Standard & Poor's, S&P, segir að endurreisnarstarf í Japan eftir náttúruhamfarir og kjarnorkuslys fyrir rúmum mánuði verði svo kostnaðarsamt að það kunni að hafa neikvæð áhrif á ríkisreksturinn.

Matsfyrirtækið Standard & Poor's, S&P, færði lánshæfishorfur Japans úr stöðugum í neikvæðar í gær. Fyrirtækið varaði við því að lánshæfiseinkunnir ríkisins kunni að verða lækkaðar verði ekki dregið úr halla á fjárlögum.

Í mati S&P er gert ráð fyrir að endurreisnarstarfið geti numið 3,7 prósentum af landsframleiðslu næstu tvö ár.

Bloomberg-fréttastofan bendir á að lánshæfishorfur Japans hafi ekki verið lækkaðar í níu ár, eða frá 2002. Þetta setji þrýsting á forsætisráðherrann Naoto Kan, sem hafi enn hvorki gert grein fyrir því hvernig endurreisnarstarfið verði fjármagnað né hvernig hann ætli að koma í veg fyrir neikvæð áhrif þess á fjárlög ríkisins. Bloomberg segir þingmenn úr öllum flokkum styðja að ríkið taki lán fyrir endurreisninni með skuldabréfasölu fremur en að skattar verði hækkaðir. - jab



**Á FUNDI UM ENDURREISN** Íbúar í Japan hafa áhyggjur af tjóninu sem náttúruhamfarir ollu í landinu fyrir mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný bók í vinnslu:

# Björn skrifar um Baugsmálið

**BÆKUR Björn Bjarnason fyrrverandi dómsmálaráðherra er að leggja lokahönd á bók sem hann hefur skrifað um Baugsmálið.**

**Í samtali við Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í gær sagði Björn að bókin lýsti umræðunum sem voru í blöðunum og á stjórnmálavettvangi á þessum tíma, sem voru að hans sögn tímar mikilla umbrota og átaka í íslensku samfélagi.**



BJÖRN BJARNASON

**Að sögn Björns er bókin um 400 blaðsíður að lengd og vonast hann til að hún komi út í næsta mánuði. Björn mun í bókinni leggja áherslu á pólitíska hlið málsins og hvernig málið kom fyrir í fjölmiðlum. Minni áhersla verður á dómsmálið sjálft.**

**Þá segist Björn einnig fara yfir fjölmiðlamálið 2004 og ýmis mál sem settu svip sinn á stjórnmálaumræðurnar á sama tíma á árunum 2002 til 2008.**

Fjöldi rekinn án starfsleyfa:

# Slæmt ástand í ferðaþjónustu

**FÉLAGSMÁL** Samtök ferðaþjónustunnar hafa unnið að því frá áramótum að kanna ástand í starfsleyfismálum fyrirtækja í ferðaþjónustunni. Niðurstöður nýjustu könnunar sýna fram á að 98 ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur starfa án tilskilinna leyfa. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum, sem segja ófremdarástand ríkja í starfsleyfamálum í greininni.

Á höfuðborgarsvæðinu fundust leyfislaus gistirými sem samsvara tveimur 300 herbergja hótelum. Á Akureyri og á Reykjanesi reyndist um þriðjungur alls gistirýmis leyfislaust. Fjórar bílaleigur starfa án starfsleyfa. - sv

Reykjavík auglýsir eftir bílum:

# Vill kaupa 49 metanbíla

**REYKJAVÍK Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir 49 fólksbifreiðum sem ganga fyrir metani og bensíni. Leitað er eftir kaupum á minni fólksbifreiðum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.**

**Bílarnir verða einkum notaðir vegna heimahjúkrunar og gert er ráð fyrir að þeir fáist afhentir í sumar. Heimilt verður að bjóða nýjar og notaðar bifreiðar og er sérstakt reiknilíkan notað til að meta ólík boð. Kröfur eru í útboðinu um lágmarksaldur bíla og fjölda ekinna kílómetra. Útboðsgögn má nálgast í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar og skal þeim skilað á sama stað í síðasta lagi 12. maí.** - sv




Eignastýring • Markaðsviðskipti • Fyrirtækjaráðgjöf

**Arctica Finance** er framsækið, óháð og sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækið er í eigu starfsmanna sem búa að áralangri og víðtækri reynslu af innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

A/F

ARCTICA FINANCE

**www.arctica.is** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 513 3300

# neytendur
*hagur heimilanna*

**1.400** **KRÓNUR** kostar ferð með almenningsvagni milli Reykjavíkur og Selfoss. Verðið hefur staðið í stað í áratug. Snemma árs 2001 kostaði farið 780 krónur, en sú tala uppreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs endar í 1.414 krónum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

*Vond lykt í töskunum*



Ef fríska þarf upp á ferðatöskurnar fyrir sumarfríið er gott að skella smá matarsóda í töskuna og hafa hann í henni í einn til tvo daga.

Síðan er taskan opnuð, ryksuguð vel og vandlega og allur matarsódinn fjarlægður.

Ef geyma á ferðatöskur eða aðrar töskur í langan tíma á milli notkunar er gott að setja smá matarsóda í töskuna til að koma í veg fyrir vonda lykt.

Bílastæði við Keflavíkurflugvöll hækka verulega:

# FÍB segir hækkun hjá Icepark ósvífna

Icepark, sem rekur langtímabílastæði við Keflavíkurflugvöll, hækkaði verð á 10 daga stæðum um 45 prósent 15. apríl síðastliðinn. Verðið var áður 5.010 krónur en var hækkað upp í 7.400 krónur.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem hækkanirnar eru sagðar ósvífnar. Þá er bent á að tekjur af bílastæðagjöldum skiptist á milli flugstöðvarinnar og Icepark. Engin önnur bílastæði eru í boði við flugstöðina.

Hækkun gjaldskrár á bílastæðum er um 27 prósent fyrstu sjö dagana, en nærri 50 prósentum frá degi átta og að degi ellefu sagði Hjördór Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia, sem rekur Keflavíkurflugvöll, í samtali við Vísi í gær. Gjaldskráin hafi ekki verið hækkuð frá árinu 2006.

Hjördís sagði að þegar gjaldið hafi verið ákveðið hafi verið miðað við rannsóknir sem sýni að flestir leggi bílum í stæðin í viku til tíu daga. Þá hafi verið tekið mið af því hvað kosti að leggja bíl í Reykjavík.



**KEFLAVÍKURVÖLLUR** FÍB segir hækkun Icepark ósvífna í ljósi þess að ferðamannatíð sé að hefjast. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Til samanburðar má geta þess að 10 daga bílastæði við Kastrupflugvöll í Danmörku, kostar frá tæpum 10.000 krónum upp í 43.000 krónur, sé pantað á netinu. **- sv**

**NEYTANDINN:** BIRGITTA JÓNSDÓTTIR ÞINGKONA

## *Notar gamla tölvu sem stofustáss*

„Bestu kaupin mín voru þegar ég ákvað að lifa á súpu í tvo mánuði og varði mínum fyrstu og einu ritlaunum í að kaupa Macintosh SE-borðtölvu árið 1989," segir Birgitta Jónsdóttir, þingkona Hreyfingarinnar.

Sama ár kom út fyrsta ljóðabók Birgittu, Ljósdinglar. Hún var þegar byrjuð að vinna að annarri bók og taldi heillavænlegt að skipta ritvél sinni út fyrir öllu nýtískulegra vinnutæki. „Þetta var vinnutæki til framtíðar sem sparaði mér marga klukkutíma," segir Birgitta sposk og rifjar upp að tölvan hafi enst mjög lengi.



Birgitta gaf móður sinni tölvuna í kringum 1995. Hún fékk græjuna til baka nokkrum árum síðar en þá virkuðu engin forrit lengur. Tölvan varð því að stofustássi á heimili Birgittu. „Tölvuskjárinn var jafn stór og póstkort og á hann setti ég litað kort," segir hún en bætir við að tölvan hafi endað í Sorpu.

Verstu kaupin segir Birgitta vera rafmagnsbor sem sölumaður prangaði inn á hana fyrir fjórum árum. „Ég skil ekki af hverju ég keypti hann því ég bora mjög lítið nema einstaka skrúfur fyrir málverk. Þegar einhver braust inn í geymsluna mína var jólagjöfum til barnanna stolið ásamt borninum. Ég sakna borsins ekki og vona að þjófurinn njóti hans," segir Birgitta og bætir við að eftir þetta hafi hún farið til nágrannanna og fengið bora lánaða hjá þeim. „Þetta er alltaf tækifæri til að hitta þá," segir hún og mælir með því að fólk gefi þá hluti sem það hættir að nota.

# Ennþá er óhætt að klippa trjáplöntur

**Sérfræðingar segja ekki vera of langt liðið á sumar til að klippa garðplöntur. Kuldatíð hefur tafið fyrir plöntuvexti í ár. Hægt er að klippa tré allan ársins hring en betra er að klippa áður en vöxtur er kominn of vel á veg.**

Þrátt fyrir að komið sé fram í lok apríl og farið sé að örla á síðbúnu sumri er enn ekki of seint að klippa garðplöntur líkt og tré og runna.

Að sögn Ingvars Magnússonar, skrúðgarðyrkjufræðings og annars eiganda fyrirtækisins Garðmeistara ehf., hefur kalsatíðin sem verið hefur í vor haft þau áhrif að gróður fer mjög seint af stað þetta árið. Því mæli ekkert gegn því að að klippa tré um þessar mundir.

„Þetta er bara rétt að komast af stað núna," segir Ingvar og bætir við að í raun sé ekkert sem banni að klippa flestallar tegundir allan ársins hring. Þó sé jafnan betra að klippa plönturnar þegar þær eru enn í vetrardvala.

„Það er alltaf betra að klippa áður en fer að blæða úr sárunum, en blæðingarnar byrja þegar allt er komið af stað í trjánum. En þetta fer annars allt eftir tegundum. Sumar þeirra þola vel að vera klipptar á sumrin en aðrar ekki, þannig að það er ekki hægt að nefna einhvern einn tíma sem er best til þess fallinn að klippa."

Ingvar segir að garðyrkjufyrirtæki séu enn á fullu að klippa í görðum fólks og verði að því um það bil fram í miðjan maí, þegar þau snúi sér að öðrum verkefnum.

Spurður segir hann að í raun sé ekki hægt að ræða um að tré séu klippt of snemma árs.

„Nei, það er ekki svo. Eins og staðan er núna hjá okkur erum við að klára síðustu kúnnana í trjáklippingum og förum svo út í hellulagnir, en yfirleitt eru garðyrkjumenn að byrja klippingar jafnvel strax í janúar. Nú hefur verið svo mikill snjór að þessi vinna fór seinna af stað, því að það er erfitt að klippa þegar snjór er á trjám."

**thorgils@frettabladid.is**



**VORVERKIN** Þrátt fyrir að komið sé undir lok apríl er enn ekki of seint að klippa trén í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Fróðleiksmolar um trjáklippingu

Á vef Garðaþjónustu ÁJ ehf. má finna nokkra fróðleiksmola um klippingar á trjám.

Þar segir meðal annars að fyrir utan þá staðreynd að best sé að klippa garða á meðan plönturnar liggja í dvala, auðveldi það líka að átta sig á vaxtarlagi plöntunnar.

Þá séu sumarklippingar að færast í vöxt en þær séu nokkurs konar viðhaldsklippingar til að viðhalda þeirri lögun sem klippt var eftir um veturinn, sérstaklega eigi þetta við um limgerði.

Varðandi skrautrunna, líkt og birkikvist, er ekki mælt með að klippa þá á vorin, heldur frekar síðsumars, eða að hausti.

Loks má geta þess að mælst er til þess að rósarunnar séu einungis snyrtir af kunnáttufólki, enda hafi verklag við klippingu rósa mikil áhrif á blómgun þeirra.

*Heimild: gardathjonusta.is*



# Við...

## ... þökkum frábærar viðtökur!

Suðurnesjakveðjur, Elsa, Jóna Björg, Magga og Ásdís Ýr




Við þökkum Suðurnesjamönnum fyrir yndislegar móttökur við opnun útibús okkar að Hafnargötu 90 í Reykjanesbæ. Við hvetjum alla til þess að kynna sér þá þjónustu sem við höfum að bjóða á **byr.is**.

Komdu í heimsókn og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig.

Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is

BYR
REYKJANESBÆR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það er rétt ákvörðun að flytja Landhelgisgæzluna ekki til Suðurnesja vegna kostnaðar.

## Kapp með forsjá

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur ákveðið að flytja ekki Landhelgisgæzluna til Suðurnesja að svo stöddu og þar með gengið þvert gegn væntingum heimamanna og rofið þau fyrirheit sem margir töldu að ríkisstjórnin hefði gefið þegar hún fundaði í Reykjanesbæ og lofaði að skoða málið. Þetta er engu að síður rétt ákvörðun.

Eftir að varnarliðið yfirgaf Keflavíkurflugvöll kom hugmyndin um flutning Gæzlunnar fljótlega upp. Réttilega hefur verið bent á að þar sé aðstaða sem gæti hentað stofnuninni ágætlega og nóg sé af höfnum á Suðurnesjum. Þá hafa menn séð möguleika í að Gæzlan yfirtæki verkefni sem Varnarmálastofnun sáluga hafði með höndum.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Þarna var komið prýðilegt mál fyrir kjörna fulltrúa Suðurnesjamanna að taka höndum saman um. Í nóvember lofaði ríkisstjórnin að skoða vandlega kosti þess að flytja Gæzluna og hét því að athuga hagkvæmni flutningsins. Í janúar tóku allir þingmenn Suðurkjördæmis og oddvitar meirihluta og minnihluta bæjarstjórna á Suðurnesjunum sig saman og skoruðu á ríkisstjórnina að klára málið. „Samstaða alþingismanna og sveitarstjórnarmanna þvert á stjórnmálaflokka um flutning Landhelgisgæslunnar gefur væntingar um að ákvörðun um flutning stofnunarinnar til Suðurnesja gangi eftir hið fyrsta,“ sagði í þeirri áskorun.

Í framhaldinu lögðu svo allir þingmenn kjördæmisins fram þingsályktunartillögu, þar sem áskorunin er endurtekin og eingöngu útlistaðir kostirnir við flutning. „Með flutningi Landhelgisgæslunnar á Suðurnes mundi ríkisvaldið sýna í verki stuðning við eflingu atvinnulífs þar auk þess að gera Landhelgisgæsluna að enn öflugri stofnun til hagsbóta fyrir landsmenn alla,“ segir í greinargerð með tillögunni. Þar gleymist þó að spyrja um hugsanlegan kostnað skattgreiðenda af flutningnum.

Þetta er gamla kjördæmapotsaðferðin. Þingmenn kjördæmisins og aðrir sameinast um að þrýsta á framkvæmdarvaldið að taka flotta pólitíska ákvörðun sem aflar atkvæða. Kostnaðinn má reikna út seinna, eða þá búa til bjartsýnar áætlanir sem ekki standast – og of seint er að endurskoða þegar verkið er komið á fleygiferð.

Nú er hins vegar hagkvæmniathugun innanríkisráðuneytisins á flutningi Gæzlunnar lokið, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær. Niðurstaðan er sú að bæði sé mjög dýrt að flytja stofnunina til Suðurnesja, kosti um 700 milljónir, og gera megi ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður hækki um aðra eins upphæð á nýja staðnum.

Kapp er bezt með forsjá. Við núverandi aðstæður, þegar Landhelgisgæzlan er svo fjársvelt að hún getur varla sinnt lágmarksskyldum sínum, er ekkert vit í að henda peningunum í dýra flutninga. Vandi Suðurnesjamanna í atvinnumálum er vissulega alvarlegur, en meira að segja ráðherrar Vinstri grænna eru farnir að átta sig á að það er ekki hlutverk ríkisins að skapa störf á kostnað skattgreiðenda til að leysa úr þeim vanda.

Vonandi er ákvörðun innanríkisráðherra til marks um ný vinnubrögð – eða kannski eigum við bara að þakka fyrir að Ögmundur er ekki þingmaður Suðurkjördæmis.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



28. apríl kl. 18:00

HOSTELLING INTERNATIONAL

Gönguferð Farfugla í Valaból

Í samstarfi við verkefnið **Grænn apríl** bjóða Farfuglar öllum náttúruunnendum í gönguferð í náttúruparadísina Valaból. Lagt verður af stað frá bílaplani við Kaldársel kl. 18:00 þann 28. apríl og reiknað er með að gangan taki um 2 tíma.

Göngufólk taki með sér hlýjan og skjólgóðan fatnað en Farfuglar bjóða upp á heitt kakó og kruðerí þegar áð verður við Músarhelli sem hefur verið verða áningar- og gististaður Farfugla og annars útivistarfólks í yfir 70 ár.

**Hlökkum til að sjá ykkur öll!**

**Farfuglar** | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Sími 575 6700 | info@hostel.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Baráttan hefst

Nú, þegar rúmur mánuður er í að þingið fari í sumarleyfi, hefst hefðbundin barátta þingmanna fyrir að fá mál sín á dagskrá. Þingsályktunartillögur og þingmannafrumvörp sem bíða umræðu hlaupa á tugum og eru, eins og gefur að skilja, öll mikil framfaramál fyrir land og þjóð. Meðal mála sem eru enn órædd eru tillaga Árna Johnsen um fuglaskoðunarstöð í Garði, tillaga Gunnars Braga Sveinssonar um rannsókn á athöfnum þingmanna í tengslum við búsáhaldabyltinguna og tillaga Guðmundar Steingrímssonar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.



### Líkfrysting og launalækkun

Meðal óræddra þingmannafrumvarpa er frumvarp Eyglóar Harðardóttur um þurrfrystingu við greftrun, frumvarp Árna Johnsen um hægri beygju á móti rauðu ljósi og frumvarp Einars K. Guðfinnssonar um fasteignaskatt af ratsjárstöðvum. Frumvarp Marðar Árnasonar um afnám sérstakra álagsgreiðslna til formanna þingflokka og fastanefnda þingsins er hins vegar í nefnd.

### Þráinn fyrst

Enn álykta VG-fólk um að þingmenn sem segi sig úr þingflokki VG eigi að afsala sér þingmennsku og hleypa að varamanni. Nú síðast ályktuðu deildirnar í Stykkishólmi og Grundarfirði í þá veru vegna úrsagnar Ásmundar Einars Daðasonar úr þingflokknum.



Ekki er mark takandi á þessum ályktunum fyrr en sama fólk ályktar með sama hætti um Þráin Bertelsson, sem sagði sig úr Borgarahreyfingunni og gekk síðar í VG.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Rétt skal vera rétt


Skipulagsmál



Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri á Akureyri


Vegna fréttar á bls. 2 í Fréttablaðinu 26. apríl sl. um tilboð í uppsteypu og utanhússfrágang Naustaskóla, 2. áfanga, finn ég mig knúinn til að koma eftirfarandi á framfæri.

Við meðferð útboðsmála hjá sveitarfélögum og ríkinu er viðtekinn háttur að yfirfara gaumgæfilega hagstæðustu tilboð til að ganga úr skugga um að allir útreikningar standist. Í lýsingu útboða kemur skýrt fram að ef skekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs. Í öllum tilvikum, hvort sem um hækkun eða lækkun er að ræða, ber að benda á viðkomandi reikningsskekkju og taka tillit til hennar.

Í útboðslýsingum er ennfremur gerð krafa um að bjóðendur skili ársreikningum síðustu tveggja ára, árituðum af endurskoðanda, og að bjóðendur séu ekki í vanskilum með opinber gjöld eða lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna sinna. Skilyrði um fjárhagsstöðu bjóðenda eru sett fram til að tryggja fjárhagslega hagsmuni verksins, að verktaki sem samið er við hafi fjárhagslega burði til að klára verkið og til að gæta jafnræðis meðal bjóðenda.

Við yfirferð útboða vegna framkvæmda við Naustaskóla á Akureyri, 2. áfanga, kom í ljós skekkja í tilboði SS Byggis ehf. sem lækkaði tilboðsfjárhæð um tæpar 84 milljónir króna og gerði það að næstlægsta tilboði. Einnig varð ljóst að bjóðandinn Hamarsfell ehf./Adakris UAB, sem átti lægsta tilboð í verkið, uppfyllti ekki ofangreind skilyrði um skil á ársreikningum og opinberum gjöldum.

> Af þessum ástæðum var einboðið að taka næstlægsta tilboði.

Af þessum ástæðum var einboðið að taka næstlægsta tilboði.

Af sömu ástæðum er fráleitt að halda því fram að verið sé að hygla heimamönnum með einhverjum hætti.

Vísa má til fjölmargra dæma um að stórir verktakar annars staðar af landinu hafi, að undangengnu útboði, fengið umfangsmikil verkefni í byggingariðnaði á Akureyri. Má í því sambandi benda á hlut verktakans Ístaks hf. við byggingu Menningarhússins Hofs.

Lögbannsbeiðni Hamarsfells ehf./Adakris UAB gegn Fasteignum Akureyrarbæjar vegna málsins hefur verið vísað frá.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Réttur eins er skylda annars

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Það er ekki einkamál búfjáreigenda, hvort þeir beita fé sínu á annarra lönd. Þetta segir sig sjálft. Réttur hvers manns til óspilltrar náttúru felur í sér skyldu okkar allra til að spilla ekki náttúrunni og ganga ekki hvert á annars rétt og ekki heldur á rétt komandi kynslóða.

### Engar hliðstæður

Lausaganga búfjár á Íslandi á sér ekki hliðstæður, hvorki í útlöndum né á fyrri tíð hér heima, svo sem dr. Andrés Arnalds, fagmálastjóri hjá Landgræðslu ríkisins, og Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrum ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, hafa lýst í merkum greinum í Sveitarstjórnarmálum 2005 og Ársriti Skógræktarfélags Íslands 2005. Þeir segja: „ …núverandi lög og reglur gera mun minni kröfur til búfjáreigenda um vörslu gripa sinna en tíðkaðist fyrr á öldum þegar hin fornu íslensku lög tryggðu ábyrgð búfjáreigenda á fénaði sínum. … Umbætur síðastliðinna ára á lögum og reglum á þessu sviði ganga skammt og staða þessara mála er ófullnægjandi gagnvart þegnum landsins í samfélagi nútímans. Samanburður við önnur lönd sýnir að í lögum þjóða sem við berum okkur oft saman við eru eigendur búfjár skyldaðir með almennum reglum til að hafa það í fullri vörslu og bera jafnframt ábyrgð vegna tjóns af völdum ágangs. Gildir þá einu hvort um er að ræða akuryrkjuþjóðir, eins og Danmörku þar sem sérhver búfjáreigandi er skyldaður til að halda sínu búfé á eigin landi, eða lönd þar sem beitarbúskapur er mikill, eins og í Nýja Sjálandi, þar sem lög um þessi mál fjalla fyrst og fremst um handsömun fjár sem sleppa kann úr vörslu.“

Andrés Arnalds og Sveinbjörn Dagfinnsson segja enn fremur: „Mikilvægt er að ráðast sem fyrst í gagngera endurskoðun á lögum og reglum er varða vörslu búfjár og skyldur búfjáreigenda til að koma í veg fyrir ágang búfjár í annarra manna lönd. Fjölbreytni í búskap vex stöðugt. Kornrækt og skógrækt eru að verða þýðingarmikill þáttur í landbúnaði, en slíkur ræktunarbúskapur krefst þess að land sé friðað fyrir beit. Sífellt fleiri þéttbýlisbúar setjast auk þess að í sveitum … Margir … stunda ræktun gróðurs á jörðum sínum. Vaxandi gremju gætir meðal fjárlausra landeigenda vegna ágangs frá öðrum jörðum, ekki síst í sveitum þar sem fáir eru eftir með sauðfé.“ Alþingi hefur ekki sinnt málinu. Það þarf því að koma til kasta stjórnlagaráðs, enda kalla bæði þjóðfundur og stjórnlaganefnd eftir ákvæði um umhverfi í stjórnarskrána. Því kalli þurfum við, í ljósi laganna, að hlýða.

> Lausagönguvandinn er trúlega einn brýnasti umhverfisvandi Íslands, að minnsta kosti á landi, og hann tengist vinnu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá með tvennum hætti.

### Lausaganga og stjórnarskráin

Lausagönguvandinn er trúlega einn brýnasti umhverfisvandi Íslands, að minnsta kosti á landi, og hann tengist vinnu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá með tvennum hætti. Í fyrsta lagi eiga afkomendur okkar rétt á því, að við skilum landinu til þeirra í engu lakara horfi en við tókum við því. Við, sem nú erum uppi, höfum engan rétt til að spilla landinu á kostnað komandi kynslóða. Í þessu ljósi þykir mér eðlilegt að telja rétt hvers manns til að njóta óspilltra landgæða til mannréttinda. Ég lýsti því hér fyrir viku, hvernig hægt væri að koma þessari réttarbót fyrir í mannréttindakafla nýrrar stjórnarskrár líkt og stjórnlaganefnd mælir með í skýrslu sinni (1. bindi, bls. 80) og hvernig hægt væri að stuðla að því, að rétturinn til óspillts umhverfis væri virtur líkt og önnur mannréttindi.

Í annan stað er eignarrétturinn friðhelgur samkvæmt stjórnarskrá. Bann við lausagöngu felur í sér, að eigendur beri fulla ábyrgð á búfénaði sínum og hrossum og láti annara manna eignir í friði, nema heimild sé fyrir afnotum. Þetta var rætt á Alþingi fyrir röskum 80 árum. Árið 1929 var lagt fyrir Alþingi þingmannafrumvarp til laga um ágang búfjár, og var þetta fyrsta tilraun 20. aldar til að setja heildarlög um ágang búfjár. Ekki tókst að ljúka málinu á því þingi, og var frumvarpið lagt aftur fyrir þingið óbreytt 1930 og hlaut þá sömu örlög og árið áður.

Í frumvarpinu sagði meðal annars: „[g]róður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða…“ Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir: „Eignarétturinn er friðhelgur eftir stjórnarskránni. Gróður lands er eign þess, sem landið á eða hefir umráð yfir. Af þessu leiðir, að sérhverjum er óheimilt að beita annars manns land. Verður að binda hann þeirri skyldu…“ Þannig leiða höfundar frumvarpsins af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar skyldu búfjáreigenda til að varna því, að búfé gangi á annars manns landi. Verður sú túlkun ekki vefengd. Hugsunin er ættuð úr Jónsbók.

# Hafa skal það sem sannara reynist

Loðdýrarækt



Björn Halldórsson
formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda

Nýlega sendu samtökin Vel-bú nokkrum fjölmiðlum tilskrif sem varða aðbúnað og meðferð loðdýra á Íslandi. Vegna alvarlegra rangfærslna í greininni vill Samband íslenskra loðdýrabænda taka eftirfarandi fram:

Loðdýrabændur eru ætíð tilbúnir að ræða reglur um aðbúnað dýra þeirra og velferð dýranna. Það er hins vegar að okkar mati málefninu ekki til framdráttar þegar menn leggja upp í vegferð með röngum upplýsingum, hvað þá engum upplýsingum. Svo er því miður með tilskrif Vel-bús. Þaðan hefur enginn haft samband við samtök okkar og þannig reynt að kynna sér málið, og sjá við hvaða aðstæður dýrin lifa hér á landi. Því verður Samband íslenskra loðdýrabænda að óska eftir birtingu á eftirfarandi leiðréttingum.

1. Fullyrðing um að loðdýrarækt hafi dregist saman í mörgum löndum Evrópu er röng. Því til sönnunar má benda á að á s.l. 15 árum hefur heimsframleiðsla og þar með eftirspurn og sala grávöru nærfellt tvöfaldast. Meginhluta þessarar aukningar má rekja til landa Evrópu. Að sönnu var framleiðsla lögð niður í Bretlandi en sölutölur á sl. ári yfir sölu pelsvara í því sama landi sýna að aldrei í sögunni hefur eftirspurn verið meiri þar.

2. Fullyrðing um að minkar á Íslandi séu haldnir í mjög litlum búrum stenst einungis ef menn sjálfir – óháð rannsóknarniðurstöðum – gefa sér hvað er stórt og hvað er lítið. Þar sýnist sjálfsagt sitt hverjum en bændur hér á landi fara eftir þeirri reglugerð sem hér er í gildi og var sett árið 2007. Að gerð þeirrar reglugerðar komu a.m.k. 3 dýralæknar og hún var að sjálfsögðu yfirfarin af lögfræðingum Landbúnaðarráðuneytisins áður en hún var gefin út og ætti þar með að vera öruggt að hún fari ekki í bága við lög.

3. Það er rangt sem fram kemur hjá Vel-búi að minkar hér á landi séu oftast aflífaðir með útblæstri frá vélum. Það gera nokkrir en flestir nota sérstaklega útbúið gas. Báðar aðferðirnar eru samkvæmt Evrópustaðli. Vel–búi láðist hins vegar að geta þess hvernig vélarnar eru útbúnar, m.t.t. kælingar á lofti og hreinsunar, til verksins. Fullyrðing um að bannað sé að aflífa dýr með útblæstri véla í Danmörku er hins vegar röng. Það er leyfilegt enda í fullu samræmi við leiðbeinandi reglur frá Evrópusambandinu um aflífun dýra.

4. Fullyrðingin um að loðdýrarækt sé aflögð á Ítalíu er röng. Framleiðsla minkaskinna á Ítalíu er meiri en á Íslandi og fulltrúar samtaka loðdýrabænda þar í landi fullyrða að þar séu engin meiriháttar vandamál, og nokkur framleiðsluaukning hefur orðið þar allra síðustu ár.

> Fullyrðing um að minkar á Íslandi séu haldnir í mjög litlum búrum stenst einungis ef menn sjálfir – óháð rannsóknarniðurstöðum – gefa sér hvað er stórt og hvað er lítið.

Hverjir eru þeir mörgu sem bent hafa á að erlendir aðilar hafi áhuga á að hefja framleiðslu minkaskinna á Íslandi vegna þess að hér séu reglur um aðbúnað ekki eins strangar og í öðrum löndum? Og hver eru þessi nokkur lönd þar sem framleiðslan hefur lagst af með auknum kröfum? Það er afar einföld leið til að búa til „sannleika“ með því að hamra stöðugt á sömu hlutunum. Þetta tókst ákveðnum aðilum í Evrópu á síðari hluta þriðja áratugarins og fyrrihluta þess fjórða. Slíkar fullyrðingar voru engum til bóta og til lítils sóma.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Öxar við ána

**Menning**



Hannes Pétursson
skáld

Sjaldan gengur vel að uppræta skekkjur sem grafið hafa um sig, hvort heldur þær eru bókmenntasögulegar eða annars eðlis. Enn skal þó reynt að segja sannleikann um kvæði eitt sem flestir Íslendingar kunna utanbókar og syngja hástöfum við ýmis tækifæri. Lagið sjálft heyrist einnig oft leikið á sönglúðra við marseringar á tyllidögum.

Kvæðið heitir frá hendi höfundar síns, Steingríms Thorsteinssonar, Þingvallasöngur, enda ort handa baráttufundi á Þingvöllum við Öxará í júnímánuði 1885, fjögur erindi, og prentað ásamt viðkvæði sem hefst á orðunum Fram, fram, aldrei að víkja.

Nokkur von er til þess að menn héldu að viðkvæði þetta væri eftir þjóðskáldið úr því að það fylgdi erindum hans í frumprentun. Raunin var öll önnur. Ekki eitt orð þess er eftir Steingrím Thorsteinsson. Við eiginhandarrit sitt af Þingvallasöng skrifaði skáldið þessa athugasemd (örlítið stytt hér): „Viðkvæðið, sem haft var við kvæði þetta og prentað með því, þegar það var notað á þjóðfundinum ... er ekki eftir mig og heyrir því ekki til. Helgi Helgason kaupmaður bjó það til, er hann samdi lag við kvæðið, og leyfði ég þá, að það fylgdi kvæðinu að því sinni, en það heyrir því ekki til að öðru leyti.“

Í ævisögu Steingríms Thorsteinssonar, þeirri sem ég tók saman og gefin var út árið 1964, kom ég þessari athugasemd skáldsins á framfæri og ályktaði jafnframt að þarna fælist eflaust skýring þess hvers vegna Steingrímur tók ekki Þingvallasöng upp í ljóðmælasafn sitt, viðbót Helga Helgasonar var samgróin laginu og hefur skáldið „ekki talið rétt að raska einingu ljóðs og lags“. Og ennfremur segir þar: „Kvæðið, eins og það kom úr penna Steingríms, sver sig meir í ætt við skáldskap hans en eftir að Fram, fram, aldrei að víkja, o.s.frv., sem er hávaðasamari kveðskapur en dæmi eru til í verkum hans, hefur verið skeytt aftan við hvert erindi.“

Því sem nú hefur verið sagt kýs ég að halda til haga vegna greinar eftir Þröst Ólafsson hér í blaðinu 19. apríl síðastliðinn. Annars er ég honum fyllilega samdóma um hina glumrulegu ljóðlínu Helga Helgasonar, Fram, fram, aldrei að víkja, sem raunar ætti að vera kjörorð ökuþrjóta sem nóg er af hérlendis. Ég fyrirgef hins vegar stjórnlagaráðsfulltrúum að þeir skyldu syngja línuna svona einu sinni í upphitunarskyni og grípa með því móti fram í fyrir öðrum, til dæmis þeim valdamanni sem fór á hnjákollunum inn í Hvíta húsið í Washington hér um árið og bað um að fjórar orustuþotur hið minnsta hefðu eftirleiðis fasta bækistöð á Keflavíkurflugvelli, þannig að hermangi á Íslandi yrði ekki aflétt. Þeim sanna Íslendingi hefur orðið tíðrætt síðan um lappir, að standa í lappirnar.

> Nokkur von er til þess að menn héldu að viðkvæði þetta væri eftir þjóðskáldið úr því að það fylgdi erindum hans í frumprentun

# Uppskipting fyrirtækja

**Samkeppni**



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Sú breyting á samkeppnislögum sem Alþingi samþykkti á dögunum felur í sér gífurlega breytingu á núgildandi lagaumhverfi. Með umræddri breytingu er Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til þess að grípa inn í starfsemi fyrirtækja án þess fyrir liggi með skýrum hætti að um brot á samkeppnislögum hafi verið að ræða. Samkeppniseftirlitið mun því geta skipt upp fyrirtækjum eða fyrirskipað „breytingar á atferli og skipulagi“ þeirra eins og það er kallað. Heimild þessi er bæði matskennd og óskýr og því órafjarri þeim skýrleika sem gera verður til löggjafar samkeppnismála. Fá ef nokkur dæmi eru til um sambærilegt framsal valds af hálfu löggjafans.

Fremstu fræðimenn okkar á sviði samkeppnisréttar bentu á með sterkum rökum að hið nýja lagaákvæði samrýmist ekki ákvæði stjórnarskrár Íslands um vernd eignarréttar. Þeir bentu einnig á að Samkeppniseftirlitið hefur nú þegar víðtækar heimildir til aðgerða og auknar heimildir væru því óþarfar. Svo virðist sem Alþingi hafi virt skoðanir þeirra að vettugi. Sama á við um sjónarmið fjölmargra annarra s.s. hagsmunasamtaka atvinnulífsins. Erfitt er að una við það að lagaákvæði sem vega að stjórnarskrárbundnum réttindum séu lögfest án skýringa hvernig löggjafinn telji umrætt ákvæði samrýmast stjórnarskránni. Slík vinnubrögð löggjafans eru vart til þess fallin að auka tiltrú og traust meðal hins almenna borgara. Að búa við sæmilegt réttaröryggi er grundvallarkrafa sem almenningur gerir til Alþingis.

Sú heimild til uppskiptingar fyrirtækja sem nú hefur verið lögfest er bæði opin og matskennd. Þar sem slík heimild er til staðar án þess að um skýrt brot á samkeppnislögum hafi verið að ræða, verður útilokað fyrir stjórnendur fyrirtækja að gera sér grein fyrir hvort samkeppnisyfirvöld séu líkleg til að grípa inn í rekstur þeirra. Réttaröryggi þeirra sem standa fyrir atvinnurekstri er þannig stórlega skert með lögunum.

> Sú heimild til uppskiptingar fyrirtækja sem nú hefur verið lögfest er bæði opin og matskennd

Atvinnulífið og samtök þess gera ekki aðrar kröfur en að samkeppnislöggjöf sé skýr og fyrirsjáanleg rétt eins og gerðar eru kröfur til fyrirtækja um skýra og gegnsæja starfshætti, greinargóða upplýsingaöflun og gott samstarf við samkeppnisyfirvöld. Óskýr lagaákvæði um mögulega uppskiptingu fyrirtækja kunna ennfremur að leiða til þess að stjórnun og rekstur fyrirtækja verði óskilvirkari. Síðast en ekki síst eykst tortryggni milli fyrirtækja og samkeppnisyfirvalda sem er afar óheppilegt miðað við atburði síðustu missera.

# Ég er aðskilnaðarsinni

**Menntun**



Jórunn Sörensen
framhaldsskólakennari

Mikið er það dásamlegt að fötluð börn skuli eiga óskoraðan rétt á því að ganga í almenna skóla. Rétt sem meira að segja er ein af grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um skóla án aðgreiningar. Það er aftur á móti verra að það virðist henta ráðamönnum í íslensku skólakerfi að oftúlka þennan rétt og gera hann að skyldu og gleyma annarri jafn mikilvægri grein, þar sem kveðið er á um að þegar almenna skólakerfið uppfyllir ekki þarfir fatlaðs barns getur sérkennsla verið hentugasta kennsluformið.

Það er ekki sjálfgefið að forsvarsmenn menntamála í Reykjavík kunni skil á öllu sem þeir þurfa að fjalla um, eins og til dæmis hverjir geta gengið saman í skóla – þeir þurfa að leita ráða. Ráðin sem þeir fá og hlusta á, að því er virðist gagnrýnislaust, eru frá fólki sem setur öll fötluð börn í eina skúffu.

Það er grundvallarmunur á því hvort barn er líkamlega eða vitsmunalega fatlað. Öll börn sem ekki eru þroskaskert eiga að sjálfsögðu heima í almennum skóla. Þau sem þurfa sérstök hjálpartæki eins og hjólastól eða góð handrið á göngum fá slíkt og þau sem ekki heyra eða sjá fá sérstaka aðstoð. Ég hef engar áhyggjur af þeim börnum. Þau hafa eðlilega greind og eignast önnur börn sem félaga og vini á jafnstöðugrunni.

Ráðamenn stefna nú að því að eyðileggja Öskjuhlíðarskóla. Skólinn á ekki lengur að vera fyrir börn sem mælast með greindarvísitölu 50-70 (kallast „væg“ þroskahömlun) nema eitthvað mikið meira komi til, svo sem fjölfötlun. Reyndar hefur börnum með greindarvísitölu 50-70 verið vísað frá skólanum í nokkur undanfarin ár og mér er kunnugt um að mörg þessara barna eiga vonda ævi í sínum hverfisskóla.

Árið 2009 fékk Öskjuhlíðarskóli hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands. Og af hverju fékk skólinn þessi virtu verðlaun? Jú, vegna þess að skólinn er framúrskarandi og sinnir hlutverki sínu gagnvart nemendum eins vel og nokkur kostur er. Þetta get ég tekið undir því ég á barnabarn sem átti því láni að fagna að fá inngöngu í Öskjuhlíðarskóla eftir að hafa verið þrjú ár í sínum hverfisskóla. Fyrsta árið gekk þokkalega, annað árið illa en þriðja árið gekk hörmulega, bæði fyrir barnabarnið mitt sem og hina eðlilega greindu samnemendur. Bilið á milli vitsmunalegs þroska á milli barnabarnsins míns og þeirra jókst hröðum skrefum eftir því sem árin liðu. Skólafélagar barnabarns míns munu allir geta séð um sig sjálfir og stjórnað lífi sínu sem fullorðið fólk. Það mun barnabarnið mitt aldrei geta.

Munurinn á milli þess að vera með eðlilega greind eða með greind sem mælist 50-70 er gífurlegur og mér finnst furðulegt að svo mikil greindarskerðing skuli kallast „væg“. Er það til þess draga úr áfalli foreldra barns þegar í ljós kemur að barnið þeirra er þroskaheft eða er það til þess að slá ryki í augu fólks almennt?

Í mínum huga er það óskiljanlegt að það eigi að fara að skemma Öskjuhlíðarskóla. Af hverju á að eyðileggja það sem er í fullkomnu lagi? Er ekki nóg af vandamálum úti um allt svo það sem er í lagi fái að vera í friði?

Ég skora á skólayfirvöld í Reykjavík að leyfa Öskjuhlíðarskóla að taka við börnum með „væga“ þroskahömlun og veita þeim skólagöngu þar sem þau geta lært og þroskast eftir persónulegri getu hvers og eins. Þar geta þau átt góðar stundir með félögum sínum innan skóla og utan því foreldrar barna í Öskjuhlíðarskóla telja það ekki eftir sér að aka barni sínu í heimsókn til félaga. Það eru mannréttindi að ganga í skóla þar sem allir hlæja að sömu bröndurunum.

**Nytjamarkaður**
á Eyjarslóð 7 út á Granda.
HJÁLPRÆÐISHERINN
Opið alla virka daga og laugardaga kl. 13-18.
Sækjum húsgögnum
Sími 8585908
Komið og gerið góð kaup.
Styrkið gott málefni!







ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ
Nánari dagskrá á asbru.is

...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓ...

**VEÐRHRUN!**

**ALLT Á AÐ SELJAST!**

# VOR HREIN GERNING ÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

**OPNUM Í DAG KL. 12**
OPIÐ ALLA DAGA KL. 11-19

**Allir sem versla fá bók að gjöf!**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~28.900,-~~ 9.900,-




~~7.900,-~~ 4.900,-




~~4.980,-~~ 990,-




~~3.990,-~~ 990,-




~~3.990,-~~ 1.490,-



~~5.280,-~~ 990,-




~~2.480,-~~ 1.490,-




~~2.490,-~~ 1.690,-




~~2.290,-~~ 1.790,-




~~2.690,-~~ 1.990,-




~~2.690,-~~ 1.990,-




~~2.790,-~~ 1.990,-

# Að rífa sig upp á rassgatinu


Stjórnmál



Björn Þorláksson
rithöfundur og blaðamaður


Muniði fyrsta blaðamannafund ríkisstjórnarinnar þegar búið var að tilkynna samkomulag um nýja ráðherraskipan? Þegar Gylfi og Ragna, faglegir ráðherrar, höfðu verið kölluð inn og mörg okkar trúðu að allt myndi breytast. Þegar hljómurinn í orðunum „vinstri velferðarstjórn“ var eins og lóusöngur í eyrum eftir það sem á undan var gengið. Muniði, hvað við vorum örmagna yfir óréttlætinu, ójöfnuðinum, breytingunum á skattakerfinu, afnámi hátekjuskattsins, hvernig allt hafði verið gert til að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Og þegar allt fór til fjandans axlaði enginn ábyrgð. Svei, sjálfstæðismenn.

Það voru því væntingar í loftinu daginn sem breyta átti Íslandi. Búið að blása til blaðamannafundar þar sem kynna átti nýja ríkisstjórn, nýja fagráðherra, ný kynjahlutföll, nýtt jafnrétti, allt átti að breytast. En fyrsta breytingin sem kom fram á fundinum hafði ekkert að gera með aukið réttlæti heldur varðaði hún óstundvísi. Það dróst að hefja fundinn á tilsettum tíma fyrir alþjóð í beinni útsendingu vegna þess að vinstra fólkið í nýju stjórninni var ekki nægilega stundvíst. Hva? Kann einhver að hugsa. Ekki er það nú neitt til að gera veður út af. Brjálað að gera hjá aumingja vinstra fólkinu eins og allar götur síðan. Og satt er það. En þegar ný ríkisstjórn heldur sinn fyrsta fund og ætlar sér að marka ný spor og nýjan trúverðugleika er eins gott að mæta til leiks á réttum tíma. Timing is everything, stendur skrifað.

> Jóhanna og Steingrímur: Nú er komið nóg af því að mæta aðeins of seint og babla út í loftið. Nú skal skilið milli aðalatriða og aukaatriða.

Undanfarið hefur mér oft orðið hugsað til þessa fyrsta blaðamannafundar, sem kannski gaf tóninn að ómarkvissri framtíð. Ein skýring þess að vinstri velferðarstjórninni undir stjórn Steingríms og Jóhönnu hefur ekki orðið meira ágengt en raun ber vitni, er líklega andvaraleysi og agaleysi sem rekja má til þess að þau eru óvön að fara með völd. Þar komum við hins vegar að einum styrkleika Sjálfstæðisflokksins. Á tuttugu ára ferli í blaðamennsku man ég aldrei eftir að sjallarnir hafi nokkru sinni mætt of seint til eigin blaðamannafundar.

Góðir lesendur. Ég er ekki að segja að vinstri velferðarstjórnin eigi að fara frá, hvorki vegna eigin óstundvísi né annarra bresta. Sumt er hún að gera vel auk þess sem blóðslóð sjálfstæðismanna og algjör iðrunarskortur í kjölfar hruns er slíkur að halda verður Sjálfstæðisflokknum frá völdum lengi enn. En til að næstu þrjú ár fari hjá vinstri velferðarstjórninni ekki í endalaus Icesave-mál, þar sem aðalperónur og leikendur mæta aðeins of seint í eigið rifrildi, gæti verið gott að læra af leikreglum þeirra sem voru vanir að stjórna landinu. Ekki hugmyndafræðilega, heldur framkvæmdarlega. Enginn stjórnmálahópur á Íslandi er svo aumur að ekki megi læra eitthvað gott af honum og á hinn bóginn er enginn hópur stjórnmálamanna hafinn yfir gagnrýni. Jóhanna og Steingrímur: Nú er komið nóg af því að mæta aðeins of seint og babla út í loftið. Nú skal skilið milli aðalatriða og aukaatriða. Framtíð Íslands er í ykkar höndum eins og þið hafið lengi þráð. Rífið ykkur nú upp á rassgatinu og látið hendur standa fram úr ermum!

# Karl Ágúst og andlegt gjaldþrot?


Menntun



Stefán Benediktsson
arkitekt og sjö barna faðir


Vegna magnaðrar greinar Karls Ágústs Úlfssonar um „Andlegt gjaldþrot framundan“ langar mig að leiðrétta nokkur atriði sem hann telur að Reykjavíkurborg ætli að framkvæma.

**1.** Að sameina skóla. JÁ það er alveg rétt.

**2.** Að fjölga börnum í skólum. NEI. Það á ekki að fjölga börnum í húsnæði leikskóla, það á ekki að fjölga börnum á leikskólakennara, það á að hafa eina yfirstjórn yfir tveim leikskólum. Einn leikskólastjóri með 100 börn í stað 50. Fagleg áhætta af því er engin, sem sjá má best á því að menn hafa margsinnis sameinað leikskóla bæði hér í Reykjavík og annars staðar á landinu án þess að líðan barna breytist. Hér á landi eru nú leikskólar með allt að 200 börnum og ekki að merkja neitt aðra líðan barna þar en á 30 barna leikskóla. Faglegur og fjárhagslegur ávinningur felst í að það fé sem sparast í yfirstjórn skólanna rennur til skólastarfsins og nýtist þar með börnunum.

**3.** Að fjölga börnum í skólum. JÁ. Það stendur til að sameina grunnskóla. Markmiðið er að árgangar verði það stórir að þeir standi undir fjölbreyttu námsframboði sérstaklega í efri bekkjum, en stærri árgangur þýðir ekki fleiri nemendur í stofu, ekki fleiri nemendur í bekkjum heldur bara í félagsstarfi.

**4.** Að lækka laun kennara. NEI. Það stendur alls ekki til að lækka laun kennara.

**5.** Að gefa börnunum næringarlaust gums að borða. NEI það eru engar áætlanir um að rýra skólamat. Þvert á móti hafa verið tilraunir í gangi með aukið næringargildi og fjölbreytni að markmiði.

**6.** Að skera stórlega niður starfsemi bókasafna í skólum. NEI við ætlum ekki að skera niður á bókasöfnum. Þar er þó sú staðreynd á ferðinni að niðurskurður síðustu tveggja ára rak einstaka skóla til að hagræða í rekstri til að halda kennslumagni og gripu þá sumir skólar til þess að lækka stöðugildi annarra en kennara m.a. bókavarða, en það verður ekki til frambúðar.

Karl Ágúst segir að lokum:„Einhver sagði að það væri dýrt að reka skólakerfi og því trúi ég vel. En ég trúi því líka að það sé ennþá dýrara að þjarma svo rækilega að því að þar viðgangist bæði líkamlegur og andlegur næringarskortur. Fyrir það gjöldum við dýru verði þótt síðar verði.“

Ég er hjartanlega sammála Karli og hagræðingaráform Bestaflokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík miða eingöngu að því að auka peninga varanlega í umönnun og kennslu. Að færa peninga úr stjórnun til að nota þá sem verkfæri í faglegri baráttu gegn „andlegum næringarskorti“.

Auðvitað er þetta gamaldags aðferð. Þetta er bókstaflega elsta trikkið í bókinni, að draga úr stjórnunarkostnaði og nota peningana í að bæta þjónustu. Þetta trikk er að því leyti samt nýtt að það hefur ekki verið mikið notað í opinberum rekstri, hingað til.

Ég er samt nokkuð viss um að þeir félagar á Stöðinni hafa sjálfir notað þessa aðferð í sínum rekstri oft, án þess að það hafi komið niður á list þeirra, hvað þá leitt til andlegs næringarskorts.






# Enn þegir siðanefnd – ógagnsæið algjört


Fjölmiðlar



Ragnhildur Sverrisdóttir
talsmaður Björgólfs Thors Björgólfssonar og félagi nr. 128 í Blaðamannafélagi Íslands


Blaðamenn ganga í kvöld til aðalfundar félags síns, Blaðamannafélags Íslands. Af því tilefni vil ég varpa fram nokkrum atriðum til umhugsunar, sem öll varða siðanefnd félagsins.

Hinn 4. febrúar sl. ritaði ég opið bréf til BÍ þar sem ég óskaði svara um vinnubrögð siðanefndar. Ég hafði kært umfjöllun í fjölmiðli til nefndarinnar, fyrir hönd þess sem taldi á sér brotið. Í framhaldinu var ég sannfærð um að ég yrði kölluð fyrir nefndina, líkt og skýrt er tekið fram í siðareglum hennar. Aldrei kom það kall. Ég var líka sannfærð um að nefndarmaður, sem hafði fjallað margoft m.a. á eigin bloggsíðu um meint svik og pretti kæranda – og síðar var allt hrakið – myndi sjá sóma sinn í að víkja sæti. Það gerðist ekki. En fyrst og fremst var ég sannfærð um að málsmeðferð öll yrði gagnsæ. Ekki hvarflaði annað að mér en að ég myndi hafa aðgang að svörum hins kærða fjölmiðils, rétt eins og sá fjölmiðill hafði aðgang að öllum atriðum kærunnar. Þetta reyndist hins vegar rangt. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hef ég ekki fengið neinar upplýsingar um á hvaða gögnum frá hinum kærða fjölmiðli siðanefnd Blaðamannafélagsins byggði úrskurð sinn.

> Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hef ég ekki fengið neinar upplýsingar um á hvaða gögnum frá hinum kærða fjölmiðli siðanefnd Blaðamannafélagsins byggði úrskurð sinn.

Í kjölfar opna bréfsins, sem birtist í Fréttablaðinu, fékk ég svar frá stjórn Blaðamannafélagsins hinn 26. febrúar sl. Í svarinu, sem undirritað var af Hjálmari Jónssyni formanni, fyrir hönd stjórnar, kemur fram að siðanefnd sé kjörin á aðalfundi, hún starfi sjálfstætt og lúti ekki boðvaldi stjórnar með einum eða öðrum hætti. Í svarinu segir: „Enginn vafi er á að nefndin sinnir starfi sínu af kostgæfni og fagmennsku í hvívetna. Telji þú að eitthvað megi betur fara í starfi, starfsreglum eða siðareglum félagsins er aðalfundur félagsins eðlilegasti vettvangurinn til þess að koma þeim athugasemdum á framfæri.“

**„Það tíðkast ekki…“**

Þar sem lögð var áhersla á sjálfstæði siðanefndar í svarinu óskaði ég eftir að siðanefndin tæki sjálf afstöðu til þeirra efnisatriða, sem fram komu í grein minni. Mér fannst það á allan hátt eðlilegra en að benda þeim, sem athugasemdir hafa við störf nefndarinnar, á að mæta á aðalfund félagsins. Í tölvupósti til siðanefndar 28. febrúar sl. ítrekaði ég því spurningar mínar um málsmeðferðina, um leið og ég spurði siðanefndina sjálfa hvort hún teldi ekki mikilvægt að vinnubrögð hennar og ákvarðanir uppfylltu kröfur um gagnsæi og opna starfshætti.

Mánuði síðar, 28. mars, ítrekaði ég erindið til siðanefndar, enda þótti mér þögnin orðin ærandi. Ég fékk svar degi síðar, frá formanni BÍ fyrir hönd siðanefndar og þótti mér þá fara lítið fyrir algjöru sjálfstæði nefndarinnar. Formaðurinn skrifaði að hann hefði verið beðinn að koma eftirfarandi á framfæri: „Það tíðkast ekki hjá þessari siðanefnd frekar en fyrri siðanefndum að svara spurningum er lúta að úrskurðum nefndarinnar, enda eru þeir endanlegir samkvæmt siðareglum BÍ.“

Sama dag, 29. mars, sendi ég svarbréf og ítrekaði að spurningar mínar lytu í engu að efnislegri niðurstöðu nefndarinnar, heldur eingöngu að verkreglum hennar og vinnubrögðum. Í bréfinu ritaði ég:

„Er það svo, að siðanefndin vilji ekki svara hver afstaða hennar er til þess skýra ákvæðis í starfsreglum að hún skuli kalla málsaðila fyrir?

Er það svo, að siðanefndin vilji ekki upplýsa hver afstaða hennar er til hæfis nefndarmanna?

Og vill siðanefndin í engu svara því hvort eðlilegt sé að sá málsaðili sem kærir fái ekki að vita hverju hinn kærði svarar, sem hlýtur þó að vera ein af forsendum úrskurðar?

Að lokum: Ef þetta er afstaða siðanefndar Blaðamannafélags Íslands, þá óska ég eftir að fá það svar skriflegt frá siðanefndinni sjálfri.“

Ekkert svar hefur borist.

**Eru vinnubrögðin blaðamönnum að skapi?**

Mér þykir þetta mál umhugsunarvert fyrir blaðamenn. Eru þeir sáttir við þau vinnubrögð, sem siðanefndin hefur tamið sér? Uppfylla vinnubrögð nefndarinnar kröfur blaðamanna um gagnsæi og opna starfshætti? Eru þeir sáttir við að nefndin skuli ekki leggja öll spil á borðið og sýna skýrt hvernig hún vinnur úr þeim málum sem henni berast? Nú liggur fyrir að í kvöld verður kosið til formanns Blaðamannafélags Íslands. Eru frambjóðendurnir sáttir við þessa birtingarmynd ógagnsæis og leyndarhyggju?

Í síðasta hefti Blaðamannsins, félagstíðinda BÍ, er sagt af viðbrögðum BÍ við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þar er m.a. skrifað á þá leið, að hér þurfi að vera lagaumhverfi, sem geri fjölmiðlum kleift að sinna hlutverki sínu í lýðræðisríki. Svo segir: „Fjölmiðlamönnum ber að sama skapi að líta sér nær og veita sjálfum sér faglegt eftirlit með sínum eigin reglum, siðareglum, vegvísi að faglegum vinnubrögðum.“


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

# ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR

ORMSSON



ÞVOTTA DAGAR

## Gerið hreinlega *frábær kaup* á eðal heimilistækjum!

### Þvottavél LAVAMAT 62840
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
119.900,-
***Þú sparar:***
***20.000,-***

AEG

TILBOÐSVERÐ – **99.900,-**

### Þvottavél LAVAMAT 64840
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
129.900,-
***Þú sparar:***
***20.000,-***

AEG

TILBOÐSVERÐ – **109.900,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 55030-W/M
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A

Listaverð:
HVÍT 134.900,-
STÁL 155.900,-

AEG

TILBOÐSVERÐ – **107.920,-** HVÍT **124.720,-** STÁL

### Þvottavél LAVAMAT 74850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
169.900,-
***Þú sparar:***
***25.485,-***

AEG

TILBOÐSVERÐ – **144.415,-**

### Þvottavél LAVAMAT 76850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1600 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
179.900,-
***Þú sparar:***
***26.985,-***

AEG

TILBOÐSVERÐ – **152.915,-**

### Þurrkari LAVATHERM T56740
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
139.900,-
***Þú sparar:***
***20.985,-***

AEG

TILBOÐSVERÐ – **118.915,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 45000W
FRÍSTANDANDI MEÐ TOPPPLÖTU
Tekur 12 manna stell
4 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél
– 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

AEG

TILBOÐSVERÐ – **89.900,-**

### Þvottavél TF 1465E
1400 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanleg þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar

Elektro EH Helios

TILBOÐSVERÐ – **99.900,-**

### Uppþvottavél DI 8526
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél:
– 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

DI 9125X
STÁL

Elektro EH Helios

TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.900,-** STÁL

### Þvottavél & þurrkari *PAR 1*
LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460

**ÞVOTTAVÉL**
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Listaverð: 119.900,-

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 119.900,-

Listaverð á PARINU:
239.800,-
***Þú sparar: 40.000,-***

AEG

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **199.800,-**

### Þvottavél & þurrkari *PAR 2*
LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840

**ÞVOTTAVÉL**
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 169.900,-

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 149.900,-

Listaverð á PARINU:
319.800,-
***Þú sparar: 63.465,-***

AEG

ÞURRKGRIND FYRIR SKÓ OG VIÐKVÆMAN FATNAÐ

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **256.335,-**

Umboðsmenn um land allt

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

# tímamót

timamot@frettabladid.is



37 **PENÉLOPE CRUZ** leikkona er 37 ára.

*„Ég kann vel við að leika hlutverk sem gera mig óþekkjanlega.“*

## Merkisatburðir

**1819** Konungur fyrirskipar að tugthúsið í Reykjavík verði embættisbústaður stiftamtmanns.

**1945** Einræðisherrann Benito Mussolini er tekinn af lífi ásamt hjákonu sinni, Clarettu Petacci, og nokkrum fylgdarmönnum.

**1965** Fimmtíu ára leikafmælis Haraldar Björnssonar er minnst hjá Leikfélagi Reykjavíkur með sýningu á Ævintýri á gönguför.

**1969** Charles de Gaulle segir af sér forsetaembætti Í Frakklandi og Georges Pompidou tekur við.

**1993** Alþingi samþykkir aukaaðild landsins að Vestur-Evrópusambandinu.

**2007** AFL Starfsgreinafélagið er myndað með sameiningu þriggja stéttarfélaga á Austurlandi.

## AFMÆLI



**JAY LENO** þáttastjórnandi er 61 árs í dag.



**JESSICA ALBA** leikkona er 30 ára í dag.

**ÞETTA GERÐIST:** 28. APRÍL 1989

## Eurovison-söngvari með hálsbólgu



Á þessum degi árið 1988 varð uppi fótur og fit í búðum íslensku sendinefndarinnar í Eurovision-söngvakeppninni það árið þegar söngvari íslenska Eurovision-lagsins, Stefán Hilmarsson, fékk svæsna hálsbólgu. Aðeins tveir dagar voru þá í lokakvöldið og Stefáni var því fyrirskipað að halda sig innandyra fram að keppninni, ekki syngja nema á þeim tveimur æfingum sem eftir voru og almennt ekki mæla orð frá munni nema brýna nauðsyn krefði. Stefán sagði í viðtali við Morgunblaðið að hann væri þó viss um að hann myndi hafa það af að syngja en talsmaður frá sjónvarpinu sagði að ef svo ólíklega vildi til að Stefán gæti ekki sungið myndi Ísland falla frá þátttöku í keppninni.

Fleiri Íslendingar sem voru í för með Eurovison-hópnum veiktust af téðri hálsbólgu. Þeirra á meðal kraftajötuninn Jón Páll Sigmarsson og þáttagerðarmaðurinn Hermann Gunnarsson. Sverrir Stormsker var höfundur lagins sem Stefán söng í keppninni, sem kallaðist Þú og þeir. Lagið hafnaði í 16. sæti.

ÞÓRÐUR TÓMASSON SAFNVÖRÐUR BYGGÐASAFNSINS Í SKÓGUM: ER NÍRÆÐUR

# Söfnunin hófst um fermingu

Einn ötulasti safnari landsins, Þórður Tómasson, safnvörður Byggðasafnsins í Skógum, stendur á níræðu í dag. Í tilefni tímamótanna kemur út bók eftir Þórð; Svipast um á söguslóðum – þættir um land, menn og mannaminjar í Vestur-Skaftafellssýslu. Skrudda gefur bókina út.

„Bókin er úttekt á kynnum mínum af landi og fólki í Vestur-Skaftafellssýslu á meira en fimmtíu ára tímabili. Bókin nær yfir alla sýsluna. Bæði eru þar minja- og minningarþættir um sögustaði, fólk og svo ágrip af minni eigin sögu sem safnara,“ segir Þórður.

Þeir menn og konur sem koma við sögu í bók Þórðar er fólk sem hann kynntist í gegnum starf sitt við söfnun hluta fyrir Byggðasafnið í Skógum. Söfnun hans byrjaði snemma. „Ég var um fermingaraldur þegar ég byrjaði að safna gömlum hlutum og þá í fyrstu fyrir sjálfan mig. Síðar byrjaði ég að safna fyrir samfélagið, fyrir Rangárvallasýslu árið 1946 og Vestur-Skaftafellssýsla bættist við árið 1952 þannig að safnið er sameign Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga.“

Með því fyrsta sem Þórður safnaði voru hlutir sem bændur í nágrenni hans voru að leggja til hliðar. „Bændurnir voru að leggja hin gömlu atvinnutæki á hilluna sem hafði verið bjargast við um aldaraðir og það voru þau sem ég var að sníkja. Sum af þessum tækjum voru þá þegar orðin mjög sjaldséð. Það voru algjör tímamót um miðja 20. öldina, ný menning var að nema land og það lá ekkert annað fyrir öllum þessum gömlu tækjum en að hverfa.“

Byggðasafnið á Skógum er fjölsóttasta safn landsins utan Reykjavíkur í dag, með yfir 40.000 gesti á ári. „Safnið er bæði sjóminja- og landbúnaðarsafn sem og listiðnaðarsafn þar sem það hýsir mikið af merkilegum hlutum bæðir úr trésmíði og málmsmíði og hannyrðum kvenna,“ segir Þórður.

Fólkið í Skaftafellssýslu, sem Þórður hafði kynni af og reifar í bók sinni, segir safnvörðurinn hafa verið afskaplega þægilegt, gestrisið, yfirlætislaust og velviljað. „Mörg heimili voru þar svo framúrskarandi gestrisin að ég hef aldrei kynnst öðru eins. Bjuggu veisluborð hversdagsfólki sem kom í heimsókn. Og allir virtust hafa góðan skilning á þessu erindi mínu. Ég hygg að menn hafi sumir talið í byrjun að þetta væri einhver andleg truflun í mér þegar ég byrjaði að safna gömlum hlutum en skilningur fólks virtist fljótlega vakna fyrir því að þetta væri gott verk að vinna fyrir framtíðina – að bjarga minjum hinnar gömlu þjóðmenningar á safn sem allir ættu aðgang að.“

Þórður ætlar ekki að efna til veislu á afmælisdaginn, verður að heiman og segist heldur vilja láta lítið fara fyrir sér. „Það er einhver ósjálfráð hvöt sem hefur stjórnað lífi mínu og hvatt mig til starfa á þessu sviði og ég tel að það hafi verið af hinu góða. Ef ég hefði ekki gert það held ég að enginn hefði gert það.“

Þórður segir starf sitt hafa gefið sér hamingju upp á hvern einasta dag. „Umgengni við þessa gömlu hluti og umgengi við fólk hefur verið mín lífsfylling. Ég þakka guði fyrir hvern góðan dag sem hann gefur mér. Ei fyrir dagsmorgni komandi kvíð.“

juliam@frettabladid.is



**FRUMKVÖÐULL Í SAFNSTARFINU** „Ég hygg að menn hafi sumir talið í byrjun að þetta væri einhver andleg truflun í mér þegar ég byrjaði að safna gömlum hlutum en skilningur fólks virtist fljótlega vakna fyrir því að þetta væri gott verk að vinna fyrir framtíðina – að bjarga minjum hinnar gömlu þjóðmenningar á safn sem allir ættu aðgang að,“ segir Þórður Tómasson, safnvörður Byggðasafnsins í Skógum. MYND/ÚR EINKASAFNI



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eva Pálmadóttir**

Greniteig 10, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi laugardaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 29. apríl kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlévangi fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

| | |
|---|---|
| Þórlína Ólafsdóttir | Vilhjálmur Kr. Eyjólfsson |
| Jóhannes Ólafsson | Rósa Björk Guðmundsdóttir |
| Pálmi Ólafsson | Jóhanna Malena Karlsdóttir |
| Ólafur Ólafsson | Rosalia Novanti Soliwoa Ólafsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Sigurbjarnarson**

verkfræðingur, Leirutanga 19, Mosfellsbæ,

lést sunnudaginn 24. apríl á heimili sínu.

| | |
|---|---|
| Ólöf S. Valdimarsdóttir | |
| Áslaug Kristjánsdóttir | |
| Valdimar Kristjánsson | Anna Magdalena Helgadóttir |
| Áslaug Kristjánsdóttir | Thor Thors |
| Katrín Kristjánsdóttir | Peter Gadermeier |

og afabörn.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Ásbjörn Haukur Kristjánsson**

Kjartansgötu 19, Borgarnesi,

andaðist á heimili sínu að morgni þriðjudagsins 26. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey.

Kristín Stefánsdóttir

| | |
|---|---|
| Dóra Sigríður Gísladóttir | Jakob Guðmundsson |
| Páll Aðalsteinn Svansson | Margrét Skúladóttir |
| Svanhildur Björk Svansdóttir | Sigurður Arilíusson |
| Anna Kristín Svansdóttir | Gísli Már Kristjánsson |

og afabörn.



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Maja J. Berg. Jónsson**

lést 19. apríl síðastliðinn.
Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Aðstandendur



*Elskuleg eiginkona, móðir, amma og langamma,*

**Sunna Karlsdóttir**

frá Vestmannaeyjum, til heimilis að Æsufelli 4, Reykjavík,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 26. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Andri Valur Hrólfsson | |
| Ívar Andrason | Sigrún Guðnadóttir |
| Ólafur Darri Andrason | Kristjana Bjarnadóttir |

barnabörn og barnabarnabarn



**Konunglegt brúðkaup** verður haldið með pompi og prakt á morgun. Af því tilefni ætla margir að klæða sig upp á og skála. Hvernig væri að skarta kóngabláu sem er litur í miklu uppáhaldi hjá hinni íðilfögru Kate Middleton?

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

ÞESSI GAMLI GÓÐI NÝKOMINN AFTUR



teg. 11001 í C,D,E skálum á kr. 4.600,-
buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

EIRBERGSDAGURINN
OPIÐ HÚS
LAUGARDAGINN
30
APRÍL

**Úrval** af heilsuvörum og hjálpartækjum til sýnis og sölu í verslun okkar að Stórhöfða 25

**Fjöldi tilboða**

Verið velkomin
Opið frá kl. 11-16.

TUZZI DAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF
TUZZI VÖRUM
hjá Hrafnhildi



Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

**Nemendur í Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar vinna lokaverkefni sín í fantasíuförðun í næstu viku:**

# Förðun ímyndunaraflsins

Næstkomandi fimmtudag, 5. maí, munu nítján nemendur í Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar vinna lokaverkefni sín frá skólanum í svokallaðri fantasíuförðun. Svanhvít Valgeirsdóttir, skólastjóri Förðunarskólans í Snyrtiakademíunni, farðaði Sigríði Klingenberg í anda fantasíunnar á dögunum.

„Fantasíuförðun er ákveðið listform í förðun þar sem ímyndunaraflið ræður för og ákveðin hugmyndavinna býr að baki," segir Svanhvít og bætir við að í þessari gerð förðunar séu í raun engin takmörk fyrir því hvað megi og hvað ekki. Hún segir fólki velkomið að koma í Förðunarskólann næstkomandi fimmtudag og fylgjast með nemendum vinna verk sín milli klukkan 18 og 20. Skólinn er að Hjallabrekku 1.

„Nemendur hafa verið í hugmyndavinnu að verkum sínum alla þessa önn en verkefnin eru unnin út frá listamanni og listaverki sem þau völdu sér þannig að hver förðun verður í anda þeirra listamanna sem fyrir valinu urðu. Fantasíuförðun er þá unnin og stílfærð frá toppi til táar og er bæði skemmtileg og opnar huga nemenda."

*juliam@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Fermingartilboð

**Gerið GÆÐA- og verðsamanburð**

NÝTT
12 mánaða vaxtalausar greiðslur



**SAGA**
Stærð 120x200 Verð **109.900 kr.**



**IQ-CARE**
Stærð 120x200 Verð **164.900 kr.**



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

Svefn & heilsa
www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**Fléttur verða áberandi** í sumar eins og fyrri ár og mega eins og áður alveg vera svolítið úr sér gengnar. Kæruleysislegar fastar fléttur út á hlið, fiskifléttur og fléttaðir hliðartoppar fara vel við sólina.




# Hátíð hattanna

**Breskar konur eru þekktar fyrir fallega hatta og verður líklega hægt að sjá þá nokkra á brúðkaupsgestum þegar Kate og Vilhjálmur prins ganga í það heilaga á morgun. Fréttablaðið gróf upp nokkra til gamans.**



Klassískur einfaldleiki fær einnig að fljóta með.



Kate hefur sjálf tamið sér að ganga með fallegt höfuðskraut á mannamótum.

Elísabet drottning lætur sjaldan sjá sig utanhúss án þess að vera með hatt á höfði.



Fjaðraskrauti, tjulli og blúndum er gjarnan hlaðið á hattbörðin.




















Værðarvoðirnar minna á gamla tíð. Þeim er ætlað að veita eigendum sínum hlýju og skjól. MYND/HEIDA.IS

# Þjóðararfur í nýjum búningi

**Værðarvoðir eru nýjasta afurð Hugrúnar Ívarsdóttur. Þær eru unnar upp úr söðuláklæðum sem konur notuðu á árum áður til að sveipa um sig þegar þær riðu í söðli. Nú eru þær hugsaðar heimavið.**

Hugrún Ívarsdóttir opnaði nýverið sýningu á værðarvoðum hjá Handverki og hönnun. Voðirnar eru prýddar munstri sem er unnið upp úr söðuláklæðum sem voru algeng á árum áður. Konur notuðu þau til að sveipa um sig og voru þau þeim vörn og skjól gegn fjölbreytilegu íslensku veðurfari.

Hugrún á síður von á því að nútímakonur nýti værðarvoðirnar með sama hætti og sér heldur fyrir sér að fólk noti þær til að kúra með uppi í sófa eða til að sveipa um sig heima við.

„Munsturuppbyggingin er þekkt víða um heim og hefur stundum verið kölluð blóm lífsins. Hún sést meðal annars á íslenskum þjóðbúningum. Við munsturgerðina hafði ég auk þess blómateikningar Sölva Helgasonar, listamanns og eins frægasta flakkara Íslandssögunnar, til hliðsjónar," segir Hugrún. Að hennar sögn er voðunum ætlað að færa eigendum sínum hlýju og skjól gegn áreiti heimsins. Hugrún hannaði voðirnar í tengslum við landsmót hestamanna sem halda átti í fyrra en var frestað þar til í sumar.

Voðirnar fást í gráu, grænu og bláu og eru væntanlegar í rauðu fyrir næstu jól. Þá fást dúkar, viskastykki og annar textíll með sama munstri í Laufabrauðssetrinu sem hún rekur á Strandgötu 43 á Akureyri. Hugrún bendir á að værðarvoð geti verið sniðug fermingar- eða útskriftargjöf og þá ekki síður fyrir stráka en stelpur. Nánari upplýsingar er að finna á www.merkilegt.is *vera@frettabladid.is*



Hugrún ásamt dóttur sinni Særúnu Halldórsdóttur og hestinum Flugu.




Vorútsala

40-70% afsláttur

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

SUMSRGLEÐI
Í GYLLTA KETTININUM



Skór frá
7.800 - 12.800
Stærðir 36–41

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005

# Stærsti tækni- og viðskiptaháskóli Íslands

**Háskólinn í Reykjavík hefur markað sér sérstöðu á sviðum tækni, viðskipta og laga. Þaðan útskrifast til að mynda tveir af hverjum þremur í tæknigreinum á Íslandi.**

„Okkar hlutverk er að skapa og miðla þekkingu til að efla samkeppnishæfni og lífsgæði,“ segir Ari K. Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, en skólinn hefur öðlast sterkan sess í íslensku háskólasamfélagi á þeim þrettán árum sem hann hefur starfað. „Við höfum afmarkað ákveðin svið og einbeitum okkur að tækni, viðskiptum og lögum,“ upplýsir Ari og tekur fram að HR sé með afar sterka stöðu á þeim sviðum. Nefna megi að skólinn útskrifi tvo af hverjum þremur í tæknigreinum á landinu og helming allra með viðskiptagráður. „Þá skiptir ekki síður máli að útskrifuðum nemendum okkar gengur vel að fá vinnu og komast í framhaldsnám, enda höfum við, til viðbótar við áherslu á sterkt bóklegt nám, einsett okkur að nýta raunveruleg verkefni til að styrkja þekkingu og þjálfun nemenda og undirbúið þá þannig vel fyrir þátttöku í atvinnulífinu,“ segir Ari. Hann segir tengslin við atvinnulífið mjög mikilvæg.

„Við fáum til okkar kennara úr atvinnulífinu og leggjum áherslu á raunhæf verkefni úr atvinnulífinu. Þannig skapast sterk tengsl milli skólans og atvinnulífsins sem kemur nemendum mjög til góða því þeir fá tækifæri til að skapa sér eigin tengsl við atvinnulífið,“ segir Ari.

Í HR er einnig lögð áhersla á þverfaglega þekkingu, alþjóðlegt umhverfi og ekki síst nýsköpun. „Við viljum að nemendur kynnist öðrum greinum, siðum og þekkingu og læri að skapa nýja þekkingu og koma henni á framfæri.“

Ari segir stöðu skólans mjög góða í dag. Skólinn sé í jafnvægi með um 3000 nemendur og búi yfir einstakri aðstöðu til kennslu og rannsókna í Nauthólsvíkinni. „Við höfum náð mjög góðum árangri í kennslu en ekki síður í rannsóknum,“ segir Ari og telur að það komi fólki stundum á óvart að HR sé fremstur í rannsóknum á sínum sviðum á Íslandi.

Ari telur lykilinn að góðum árangri skólans felast í nokkrum atriðum. „Við leggjum áherslu á gæði í okkar starfi sem felast ekki aðeins í því að gera kröfur til nemenda heldur einnig í því að allir leggi sig fram bæði kennarar og starfsfólk. Þannig sköpum við nemendum þá aðstöðu og veitum þeim þann stuðning sem þeir þurfa til að þeir geti sinnt sínu námi sem allra best,“ segir Ari og telur framtíðina bjarta. „Við erum að komast í gegnum niðurskurðarskafl og stöndum sterk með góða aðstöðu og skýra stefnu til framtíðar. Við ætlum að halda áfram að byggja upp sterkan háskóla á sviðum tækni, viðskipta og laga hér í Nauthólsvíkinni..“



**„Við leggjum áherslu á gæði sem felast ekki aðeins í því að gera kröfur til nemenda heldur einnig í því að allir leggi sig fram, bæði kennarar og starfsfólk. Við reynum að skapa nemendum það umhverfi, aðstöðu og hjálp sem þarf til að þeir geti sinnt sínu námi sem allra best,“ segir Ari.**

MYND/ANTON



**● STAÐREYNDIR UM HR**

- Nemendur við Háskólann í Reykjavík eru um 3.000
- Kjarnasvið HR eru tækni, viðskipti og lög.
- Boðið er upp á grunnnám, meistaranám og doktorsnám í öllum deildum skólans. Í boði eru um 60 námsbrautir.
- Hægt er að stunda nám á frumgreinasviði sem er undanfari háskólanáms.
- HR útskrifar í dag tvo af hverjum þremur sem ljúka tæknimenntun á háskólastigi og helming allra þeirra sem ljúka viðskiptamenntun á háskólastigi.
- Háskólinn í Reykjavík býður tæplega 700 námskeið á ári; rúmlega 500 í grunnnámi og u.þ.b. 160 á meistarastigi með þarfir nemenda og atvinnulífsins í huga.
- Háskólinn í Reykjavík er þekkingarsamfélag þar sem lögð er rík áhersla á góða og persónulega þjónustu við nemendur.
- Við Háskólann í Reykjavík eru starfræktar 16 rannsóknarstofnanir.
- Háskólinn í Reykjavík er staðsettur í Nauthólsvík í nýrri og glæsilegri 30.000 fermetra háskólabyggingu.
- Umsóknarfrestur um nám í HR er til 5. júní.

GRUNNNÁM
- Byggingafræði
- Íþróttafræði
- Lögfræði
- Sálfræði
- Tæknifræði
- Tölvunarfræði
- Verkfræði
- Viðskiptafræði

- Diplómanám í iðnfræði
- Diplómanám í kerfisfræði

MEISTARANÁM
- Alþjóðaviðskipti
- Ákvarðanaverkfræði
- Byggingarverkfræði
- Framkvæmdastjórnun
- Fjárfestingarstjórnun
- Fjármálaverkfræði
- Fjármál fyrirtækja
- Heilsuþjálfun og kennsla
- Lögfræði*
- Heilbrigðisverkfræði
- Hugbúnaðarverkfræði
- Íþróttavísindi og þjálfun
- Lífupplýsingafræði
- MBA
- OBTM
- Orkuverkfræði
- Rafmagnsverkfræði
- Reikningshald og endurskoðun
- Rekstrarverkfræði
- Skipulagsfræði og samgöngur
- Stjórnunarreikningsskil og viðskiptafærni
- Tölvunarfræði
- Vélaverkfræði

DOKTORSNÁM
- Lögfræði
- Tölvunarfræði
- Verk- og tæknivísindi
- Viðskiptafræði

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ
* Umsóknarfrestur er til 30. apríl


GRUNNNÁM
MEISTARANÁM
DOKTORSNÁM

www.hr.is

# HOLLRÁÐ VIÐ PRÓFLESTUR

**Löng seta yfir kennslubókum getur tekið sinn toll. Til að ná sem bestum árangri við próflesturinn þarf að fara vel með sig og hugsa um líkamann.**



**Súrefni er líkamanum nauðsynlegt. Ef veðrið er gott er tilvalið að leggjast út í lestur. Gríptu með þér teppi eða svefnpoka og lestu úti í sólinni. Ef veðrið býður ekki upp á að lesa úti undir berum himni skaltu tjalda. Þar sem ferðamannastraumurinn er ekki enn hafinn, ættirðu að fá gott næði á tjaldstæðum landsins.**

**Svefn er mikilvægur svo að líkaminn virki á fullum styrk. Of lítill svefn getur haft áhrif á skammtímaminnið, þannig að langar vökur fara ekki saman við próflestur. Svefnþörf fólks er einstaklingsbundin en meðal svefnþörf fullorðinna er sjö og hálfur tími. Gættu þess að fá minnst sex tíma svefn og farðu í háttinn fyrir miðnætti.**



**Amínósýran theanín í tei bætir athygli og einbeitni, þannig að fjórir bollar af tei á dag hjálpa til við próflesturinn. Tuttugu mínútum eftir að theaníns er neytt vex magn þess í blóðinu og áhrifin vara í þrjá til fjóra tíma. Nánar má lesa um áhrif theaníns í grein eftir Ævar Jóhannesson á heilsuhringurinn.is**

**Kaffi eykur einnig einbeitinguna tímabundið en of mikil kaffidrykkja eykur streitu og getur truflað svefn. Takmarkaðu því kaffidrykkjuna við tvo til þrjá kaffibolla á dag. Kaffi er líka vatnslosandi, þannig að gott ráð er að drekka alltaf eitt vatnsglas með hverjum bolla til að halda vatnsbúskap líkamans í jafnvægi.**



**Hollt mataræði er nauðsynlegt alla daga en þó sérstaklega þegar líkaminn er undir álagi. Heilinn þarf omega-3 fitusýrur til að starfa og fiskur er ríkur af þeim. Borðaðu því fisk í hádeginu og taktu lýsi með morgunmatnum.**



**Andoxunarefni holl fyrir heilann. Litríkir ávextir og grænmeti eru rík af andoxunarefnum. Hafðu jarðarber, bláber, mangó eða gulrætur við höndina sem nasl.**



**Drekktu vatn. Oft er talað um að líkaminn þurfi einn og hálfan lítra af vatni á dag til að starfa rétt. Einhverjar rannsóknir hafa þó sýnt að það sé ríflega áætlað, nóg sé að drekka þegar þú finnur til þorsta. Gleymdu bara ekki að fá þér vatnsglas öðru hvoru við lesturinn.**

# Listdansskóli Íslands er í fararbroddi í listdansnámi

Listdansskóli Íslands var stofnaður árið 1952. Við skólann hafa alla tíð starfað úrvalskennarar og er ákveðið mat lagt til grundvallar inntöku nemenda sem fram fer að vori og hausti. Rafræn skráning fyrir veturinn 2011 til 2012 er nú í fullum gangi og fara inntökuprófin fram laugardaginn 30. apríl næstkomandi. Sjá nánari upplýsingar á www.listdans.is.

Í Listdansskóla Íslands fer fram öflug og metnaðarfull danskennsla þar sem gæði, skilningur, þekking og fagmennska eru lykilatriði. Námið í Listdansskólanum einkennist fyrst og fremst af mikilli og góðri tæknivinnu. Kröfur eru gerðar um aga og ástundun. Jafnframt er lögð áhersla á að í skólanum ríki gott andrúmsloft þar sem nemendum geti liðið vel. Listdansnámi skólans er skipt í tíu samliggjandi stig: sjö stig á grunnskólastigi, 9 til 15 ára, og þrjú stig á framhaldsskólastigi, 16 ára og upp úr.

Listdansskóli Íslands hefur það að meginmarkmiði að mennta framtíðarlistdansara og undirbúa nemendur fyrir nám á háskólastigi. En það er einnig markmið skólans að veita þeim nemendum sem stunda námið sér til ánægju, framúrskarandi kennslu og þjálfun og veita þeim innsýn í aðra framtíðarmöguleika tengda dansinum.

Listdansskóli Íslands hefur sýnt fram á að hann hefur um árabil byggt upp hæfileikaríka og sterka atvinnudansara. Nemendur hafa sýnt framúrskarandi árangur hér á landi í undankeppni í klassískum sólóum fyrir norræna keppnina Stora Daldansen sem haldin er árlega í Svíþjóð og hafa jafnframt aðrir náð einstaklega góðum árangri í keppninni sjálfri. Nemendur úr Listdansskólanum hafa fengið inngöngu í virta skóla eins og Juilliard í New York, P.A.R.T.S Í Brussel, sænska ballettskólann og víðar. Enn aðrir hafa farið beint í atvinnumennskuna hjá Íslenska dansflokknum, IT DANZA, Scapino, Gautaborgarballettinum, Hanover-ballettflokknum og víðar. Margir hafa unnið sem sóló- og aðaldansarar við ýmsa dansflokka bæði í Evrópu, Asíu og í Bandaríkjunum. Þá gerðu nemendur Listdansskólans mikla lukku á Keðju í Kuopio sumarið 2009 og hlutu þeir styrk frá Finnlandi til að sækja hátíðina í Kuopio 2010.

Listdansskóli Íslands setur upp þrjár nemendasýningar á ári í atvinnuleikhúsum, bæði á haustönn og vorönn. Með því að sýna fyrir áhorfendur öðlast nemendur mikilvæga reynslu í því að koma fram og fá að njóta sín á stóru sviði. Nemendasýningar Listdansskólans hafa verið einstaklega metnaðarfullar og glæsilegar og er það gleðiefni að samvinna við íslensk tónskáld og hljóðfæraleikara hefur aukist síðustu ár. Þá hefur samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands eflst enn frekar og verða nemendur Listdansskólans með á jóla- og vortónleikum sveitarinnar í Hörpu 2011-2012. Listdansskóli Íslands mun setja upp veglega afmælissýningu árið 2012 í tilefni þess að 60 ár eru frá stofnun hans.



**Úr Gæsamömmusvítu. Atriði yngstu nemendanna úr vorsýningu Listdansskólans 2011 í Þjóðleikhúsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Frá verðlaunaafhendingu á síðasta ári.**

**SÍÐASTI SKILADAGUR TILNEFNINGA** Síðasti skiladagur tilnefninga til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla er í dag. Allir sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum sem hafa stuðlað að jákvæðu samstarfi heimila, skóla og nærsamfélagsins, eru hvattir til að senda inn tilnefningu. Hægt er að senda inn tilnefningar á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað hér á heimasíðu samtakanna www.heimiliogskoli.is.

Verðlaunin verða veitt í sextánda sinn í Þjóðmenningarhúsinu 24. maí.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 |
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447.

Stofnaður 1952
Mynd: Valgarður Gíslason
Listdansskóli Íslands



Inntökupróf fara fram: laugardaginn 30. apríl 2011
Grunnskóladeild árgangar 2000 til 2002 (9 til 11 ára) milli klukkan 11:00 og 13:00
Framhaldsdeild árgangur 1995 og eldri, milli klukkan 14:00 og 16:00
Skólaárið 2011–2012
Inntökupróf
Rafræn skráning á listdans.is
Farsæl starfsemi í 60 ár
Þekking
Reynsla
Fagmennska
Gæði
Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi
Staður: Engjateigur 1 105 Reykjavík
Nánari upplýsingar: www.listdans.is 588 91 88

# Leggjum áherslu á góðan grunn

**Norðurslóðafræði, æskulýðsfræði og byggðafræði eru meðal áherslusviða í nýrri námsgráðu við Háskólann á Akureyri. Þar verður líka tekin upp fjarkennsla í öllum greinum félagsvísindadeildar í haust.**



**„Við erum með sterkt bakland á öllum þeim sviðum sem við bjóðum upp á sem áhugasvið í félagsvísindum," segir deildarformaðurinn Birgir Guðmundsson.** MYND/HEIDA.IS

„Við tökum upp tvenns konar nýjungar með haustinu svo hér verða nokkur tímamót," byrjar Birgir Guðmundsson, formaður félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri, sitt spjall. „Í fyrsta lagi verður fjarkennsla í boði í öllum okkar greinum. Menn geta þá verið staðsettir hvar sem er í heiminum en þurfa þó að koma til okkar í námslotur tvisvar á önn. Fjarkennslan er í fjölmiðlafræði, sálfræði, nútímafræði og í félagsvísindum."

Félagsvísindum? hváir blaðamaður.

„Já, það er hin nýjungin sem er á döfinni. Sérstök námsgráða sem heitir BA í félagsvísindum og þar bjóðum við upp á sérstök áherslusvið. Í fyrsta lagi getur fólk auðvitað lært félagsvísindi til 180 ECTS-eininga og er þá komið með góðan alhliða grunn í félagsfræði, mannfræði, stjórnmálafræði og aðferðafræði. En auk þess er hægt að taka félagsvísindagráðuna með áherslu á tiltekin svið. Þessi svið eru byggðafræði, ferðamálafræði, kynjafræði, norðurslóðafræði og æskulýðsfræði."

Birgir segir BA-námið í félagsvísindunum byggt þannig upp í grófum dráttum að almennur félagsvísindagrunnur samsvari um tveggja ára námi, eða 120 ECTS-einingum. Það sem svari til þriðja námsársins geti nemendur svo valið sem námskeið og fög á áhugasviði hvers og eins. „Þarna er verið að svara tvenns konar eftirspurn. Í fyrsta lagi er fólk ekki alltaf strax í upphafi búið að finna út hvar áhuginn liggur og svo eru þetta áherslusvið sem ekki eru víða í boði."

Á Akureyri eru stofnanir sem Birgir segir að muni styðja við hinar nýju námsgreinar eftir því sem þörf er á. „Við erum með sterkt bakland á öllum þessum sviðum," segir hann. „Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri hefur til dæmis verið mikið í byggðarannsóknum, þannig að verkefni í byggðafræði yrðu unnin í samráði við fólk þar sem gjörþekkir þann málaflokk. Eins eru Ferðamálasetur og Jafnréttisstofa hér á háskólasvæðinu. Við skólann eru líka kennarar sem hafa staðið í fararbroddi í æskulýðsrannsóknum og síðast en ekki síst vil ég nefna norðurslóðafræðin, en þau mál eru mikið í umræðunni vegna minnkandi íss á norðurslóðum. Hér höfum við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og kennarar við háskólann eru jafnframt sérfræðingar við þá stofnun. Fyrst og fremst er þó um almenna félagsvísindagráðu að ræða og það gildir í öllum fögum á félagsvísindasviðinu að við leggjum áherslu á góðan grunn."

# Sjálfbær nýting auðlinda

Ný námsbraut í náttúru- og auðlindafræðum verður til við auðlindadeild Háskólans á Akureyri í haust en sú deild er á viðskipta- og raunvísindasviði skólans og Hjörleifur Einarsson er formaður hennar.

„Náttúru- og auðlindafræði er hugsað sem tveggja ára nám sem leiði til diplómaskírteinis," segir Hjörleifur Einarsson, deildarformaður auðlindadeildar, og telur þessa nýju braut kjörna fyrir þá mörgu sem vilja læra náttúruvísindi en hafa að öðru leyti ekki gert upp hug sinn um hvert skuli stefna að loknu stúdentsprófi. „Við gerum þetta í samvinnu við Háskólann á Hólum þannig að þeir sem innritast í náttúru-og auðlindafræðinámið geta lokið BS-námi í fiskeldisfræði frá Hólum en þeir geta einnig klárað hjá okkur, annað hvort á líftæknieða sjávarútvegsbraut. Svo eigum við líka í viðræðum við aðra ríkisháskóla um frekari samvinnu um þróun námsins."



**„Við viljum í samstarfi við aðra auka við okkar námsframboð," segir Hjörleifur.** MYND/HEIDA.IS

Hjörleifur segir auðlindadeildina hafa þróast á sínum tíma út úr sjávarútvegsdeildinni. „Markmiðið var að bjóða upp á aukna möguleika fyrir nemendur og horfa á aðrar auðlindir en auðlindir sjávar. Við endurskoðun á námsframboði auðlindadeildar um síðustu áramót var ákveðið að halda áfram með sjávarútvegsfræði og líftækni og bjóða upp á diplómanámið. Við viljum í samstarfi við aðra auka við okkar námsframboð með áherslu á matvæli, umhverfismál, norðurslóðir og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Einnig verður rík áhersla á rannsóknatengt framhaldsnám, bæði meistara- og doktorsnám," segir Hjörleifur að lokum.

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ
Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í tveimur deildum:
- Hjúkrunarfræði**
- Iðjuþjálfunarfræði*
- Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:
- Félagsvísindi*
- Fjölmiðlafræði*
- Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði*
- Sálfræði*
- Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- Nám til kennsluréttinda
- Menntunarfræði
  - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - M.A. í menntunarfræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ
Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:
- Líftækni*
- Sjávarútvegsfræði*
- Náttúru- og auðlindafræði*
- Viðskiptafræði*
- M.S. í auðlindafræði
- M.S. í viðskiptafræði

*Einnig í boði í fjarnámi **Í boði í fjarnámi frá Selfossi
Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

Frelsi - Traust - Framsækni - Jafnrétti

www.unak.is Umsóknarfrestur til 5. júní

Umsóknarfrestur um háskólanám er til

4. júní

Náttúru- og umhverfisfræði
Almenn náttúrufræði og náttúrunýting

Skógfræði / Landgræðsla

Umhverfisskipulag
Aðfararnám til landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða

Búvísindi

Hestafræði

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri - 311 Borgarnes

www.lbhi.is



# Samheldið samfélag

Við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri er hægt að stunda nám til BS prófs á fimm námsbrautum: Búvísindum, hestafræði, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði/landgræðslu og umhverfisskipulagi, sem er fornám að landslagsarkitektúr. Einnig er boðið upp á meistara- og doktorsnám. Þá eru fimm námsleiðir á framhaldsskólastigi; búfræði og garðyrkjugreinar.

Rösklega fjögur hundruð nemendur stunda nám við skólann og segja nemendur smæð skólans mikinn kost. „Maður er fljótur að kynnast öllum og eins kemst fólk í gott samband við kennarana. Ef eitthvað er að er lítið mál að spjalla við þá beint," segir Iðunn Hauksdóttir, nemandi á lokaári í náttúru- og umhverfisfræði.

„Hér á staðnum búa um 150 til 200 nemendur á nemendagörðunum en margir keyra í skólann. Það tekur klukkutíma að keyra hingað frá Reykjavík," útskýrir Iðunn sem mælir eindregið með því að fólk búi á staðnum og taki þátt í félagslífinu. „Við erum dugleg að búa til okkar eigin heimatilbúnu skemmtanir. Til dæmis stendur Hrútavinafélagið Hreðjar fyrir hrútauppboði. Þá er hægt að kaupa sér hlut í hrút sem er síðan grillaður ofan í hluteigendur á vorin," segir Iðunn og hlær. „Við erum líka með okkar eigin spurningakeppni, sem er kölluð „viskukýrin" þar sem nemendur, kennarar og heimamenn á Hvanneyri keppa um gripinn Viskukúna og Logi Bergmann er spyrill."

Nemendur sem eiga hesta geta haft þá með sér – óháð því hvaða nám eigandinn stundar.

Iðunn segist eiga eftir að sakna tímans á Hvanneyri og þannig sé örugglega um fleiri. „Það er góð upplifun að búa í litlu samfélagi. Tíminn á Hvanneyri er mjög skemmtilegur."

Heimasíða skólans er www.lbhi.is.



**Iðunn Hauksdóttir er á lokaári sínu í Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún segir gott að stunda nám í litlum skóla.** MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON

● **GREINDARPRÓF MÆLA EINNIG HVATNINGU OG ÁHUGA** Ný bandarísk rannsókn Pennsylvaníuháskóla í Philadelphia sýnir að greindarpróf eru ekki síður mæling á hvatningu og áhuga en á greind.



Í rannsókninni, sem var birt í Proceedings of the National Academy of Sciences, kom fram að góð frammistaða á greindarprófi krefðist bæði góðrar greindar og mikils áhuga en léleg frammistaða gat verið mæling á skorti á báðum þáttum.

Rannsakendur notuðu niðurstöður langtíma rannsóknar á 250 drengjum sem fylgt var eftir í nokkur ár frá unglingsaldri. Þar kom í ljós að sumir einstaklingar reyndu meira á sig en aðrir og því gæti keppnisskap komið sumum lengra en öðrum.

Þessar niðurstöður koma sálfræðingum þó ekki á óvart því ávallt hefur verið vitað að greindarpróf mæla sambland af greind og umhverfisáhrifum. Þó má draga ýmsar ályktanir af því ef fólk finnur sig ekki knúið til að standa sig vel á greindarprófi.



● **MARÍA KENNIR FRAMKOMU** Leikkonan, leikstjórinn og fjölmiðlakonan María Ellingsen heldur áhugavert námskeið í Opna háskólanum í lok maí. Námskeiðið ber heitið Framkoma og tjáning og þar mun María þjálfa þátttakendur í að gera á skilmerkilegan hátt grein fyrir máli sínu, tala af öryggi fyrir framan hóp fólks og auka útgeislun. Nánari upplýsingar á opnihaskolinn.is

Aldrei auðveldara að mennta sig
BS nám í tæknifræði ásamt íbúð
frá kr. 63.000 á mánuði



Komdu og kynntu þér málið
Opinn dagur á Ásbrú
laugardaginn 30. apríl, kl. 12:00 - 16:00

keilir.net
facebook.com/keilir

Hjá Orku- og tækniskóla Keilis getur þú lært:
Orku- og umhverfistæknifræði og Mekatróník (véla- og tölvutæknifræði)
Einstaklingsmiðaðar lausnir fyrir þá sem hafa ekki lokið stúdentsprófi

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs



„Fólk þarf að vera í vinnu með náminu til að fá þar efnivið í sín verkefni," segir Helga. MYND/VILHELM

# Nám fyrir fólk sem vinnur með fólk

**Fjölskyldumeðferð er nýtt diplómanám við Endurmenntun Háskóla Íslands sem hægt er að ljúka með mastersprófi frá félagsráðgjafadeild HÍ. Kennslustjóri er Helga Þórðardóttir.**

„Fyrsti hópurinn er að útskrifast í vor með diplóma í fjölskyldumeðferð og stór hluti hans heldur áfram og tekur mastersritgerðina. Þetta er þverfaglegt nám fyrir þá sem vinna með fólk," segir Helga Þórðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduþerapisti. Hún segir vaxandi áherslu lagða á það í þjóðfélaginu að styrkja aðstandendur þeirra sem stríði við erfiðleika á borð við alvarleg veikindi, enda hafi þeir áhrif á alla í fjölskyldunni.

Helga segir hið nýja nám byggt á Evrópustaðli, því geti þeir sem hafi próf í því upp á vasann, sótt um vinnu hvar sem er í álfunni. En hvaða grunn eiga þeir að hafa þegar þeir byrja? „Undirstaðan er BA eða BS á félags- og heilbrigðissviði. Þeir sem sækja um þurfa að hafa tveggja til þriggja ára starfsreynslu og vera í vinnu til að geta nýtt teoríuna þar. Þeir verða því að fá leyfi frá vinnuveitandanum til að geta farið í vikulangar námslotur þrisvar á hverri önn. Fyrir utan að praktisera í vinnunni það sem þeir læra í skólanum, eru nemendurnir í handleiðsluhópi og leshópi. Vettvangsferðir eru líka á dagskrá þannig að náminu fylgir mikil vinna meðan á því stendur."

Það er tuttugu og fjögurra manna hópur sem er að útskrifast í vor að sögn Helgu og dreifist hann inn í heilbrigðiskerfið, félagslega kerfið, skólakerfið og kirkjuna. „Þá kemur þessi nýja sýn inn og áherslur um hvað fjölskyldan skiptir miklu máli og styrking hennar," segir Helga. „Það á við á öllum þessum sviðum."

Sem dæmi nefnir Helga að sjálf vinni hún á átröskunardeild innan geðdeildar Landspítalans. Þar komi aðallega ungar stúlkur í meðferð inn á dagdeild eða göngudeild. „Við sjáum hverju það skilar í þeim málaflokki að fá fjölskylduna inn í okkar vinnu. Hún kemur í meðferð og við vinnum saman, hvort sem um er að ræða maka, foreldra eða systkini."

Opið málþing verður í húsnæði Endurmenntunar þann 6. maí milli klukkan 13 og 16. Þar gerir útskriftarhópurinn grein fyrir verkefnum sem hann hefur verið að vinna. „Þá er fólk velkomið til okkar að hlusta," segir Helga. Hún tekur fram að umsóknarfrestur um námið sé til 30. maí og allir sem sæki um séu boðaðir í einstaklingsviðtal. Upplýsingar eru á www.endurmenntun.is.

# Námsráðgjöf við Endurmenntun HÍ

Vel ígrundað námsval sem byggir á áhuga, réttum upplýsingum og skilningi getur margfaldað ávinning námsmannsins af námi sínu. Hjá Endurmenntun Háskóla Íslands starfar Kristín Birna Jónasdóttir, náms- og starfsráðgjafi, og geta áhugasamir pantað viðtal hjá henni þar sem hún veitir endurgjöf á vangaveltur varðandi nám. Náms- og starfsráðgjafi veitir einnig upplýsingar um námsmöguleika, forkröfur, uppbyggingu náms, væntanlegan afrakstur þess og fleira.

Öllum sem hefja nám hjá Endurmenntun er boðið á námstækninámskeið hjá Kristínu Birnu í upphafi misseris þeim að kostnaðarlausu. Meðan á náminu stendur er jafnframt hægt að leita til hennar varðandi bætt vinnubrögð í námi og fleira er lýtur að námstækni, tímastjórnun, samskiptum og skipulagningu í hópastarfi og stjórnun prófkvíða. Hægt er að hafa samband við Kristínu Birnu á netfanginu kristind@hi.is eða í síma 525 5296.



Kristín Birna Jónasdóttir, námsráðgjafi Endurmenntunar Háskóla Íslands.


TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 30. maí

NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi — LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

GÆÐASTJÓRNUN

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR

– fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ

- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám

- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ - NÁM Á MEISTARASTIGI

NÁM TIL LÖGGILDDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA OG SKIPASALA

REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA – MARKVISS LEIÐ

- umsóknarfrestur til 9. september

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:
sími 525 4444 endurmenntun.is

# Vaxtarverkir og verkefnastjórnun á Íslandi

**Meistaranám í verkefnastjórnun, MPM, við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands hefur sannað gildi sitt. Útskrifaðir nemendur þess vinna víðsvegar í samfélaginu að því að bæta skipulag, verkferla sem og vinnulag innan fyrirtækja, félagasamfélaga, skóla, stofnana og stjórnkerfisins.**

Til að kynnast meistaranámi í verkefnastjórnun nánar var leitað til Dr. Hauks Inga Jónassonar og Dr. Helga Þórs Ingasonar sem komu náminu á laggirnar og stýra því.

*Hvað er Meistaranám í verkefnastjórnun - MPM?*

„Frómt frá sagt þá er Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) eitt áhugaverðasta og hagnýtasta nám sem er í boði," segir Haukur og brosir. „Þetta eru stór orð en sannleikurinn er sá að það sem kennt er í náminu er nákvæmlega það sem íslenskt samfélag — stofnanir þess, félög og fyrirtæki — þarfnast: Hugvit, siðvit og verksvit. Námið er áhugavert vegna þess að víða er komið við sögu og nemendur fá að kynnast mörgu af því sem best er vitað um skilvirkni, hagsýni, gæði, stjórnun, sálræn ferli, hópa og menningu."



Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason komu meistaranámi í verkefnastjórnun, MPM, við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands á laggirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Helgi tekur við og segir námið vera hagnýtt vegna þess að í því séu allir þessir þættir settir í það samhengi að nemandinn eigi að geta gengið beint til verks. Stutt sé við uppbygginguna á hvaða sviði sem er. „Eftir að íslenskt samfélag hefur hlaupið á vegg er gagnlegt að staldra við, endurmeta stöðuna og byggja upp með ábyrgum hætti. Þessu fylgja mögulega vaxtarverkir, en þetta er það sem við leggjum okkur fram um að kenna í náminu," bætir hann við.

*Hverjir ættu að sækja um meistaranám í verkefnastjórnun?*

„Við viljum helst fleyta rjómann og fá til okkur hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk með mikinn áhuga á því að byggja upp og bæta á öllum sviðum. Það sem fólk fær út úr náminu er þekking og reynsla sem nýtist hvar sem er á jörðinni. Inntökukröfurnar eru BA, BS, Bed eða sambærilegt nám. Þá viljum við að fólk sé ekki að koma beint frá skólaborði heldur hafi reynslu úr atvinnulífinu. Það er erfitt að kenna stjórnun þeim sem aðeins þekkja til hennar úr uppeldi sínu eða frá samstarfi kennara og nemenda. Mér sjálfum finnst mjög gaman að kenna fólki sem hefur bakgrunn í náttúruvísindum, tækni og verkfræði," segir Haukur.

Helgi tekur við og segir að sér finnist mjög gaman að kenna fólki sem á bakgrunn í menntun, listum og hugvísindum. „Ég held að okkur finnist báðum mjög gefandi að kenna heilbrigðisstarfsfólki og listafólki," segir hann. „Og mér sýnist að samkennurum okkar finnist gaman að kenna öllum," bætir Haukur við og hlær. „En að öllu gríni slepptu og til að svara spurningunni, þá ættu allir að sækja um sem hafa áhuga, getu, vilja og þor til að taka stakkaskiptum og læra eitthvað sem er í senn mjög hagnýtt og gefandi."





Kynning á MPM-námi við Háskóla Íslands
fimmtudaginn 5. maí í Námu, við Endurmenntun HÍ kl. 12–13

Hvað er MPM?

- MPM stendur fyrir Master of Project Management eða meistaranám í verkefnastjórnun.
- Mjög hagnýtt stjórnunarnám samhliða starfi.
- Nemendur hljóta alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem gefin er út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).

Markmið MPM-námsins eru að:

- mennta og þjálfa nemendur í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar.
- mennta og þjálfa nemendur í sjálfstjórn, samskiptum, forystu, teymisvinnu og eflingu liðsheilda.
- mennta og þjálfa nemendur til leiðandi starfa á fjölbreytilegum starfsvettvangi á Íslandi og erlendis.
- undirbúa nemendur undir alþjóðlegar vottanir (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni.
- viðhalda og efla þekkingu á verkefnastjórnun og skapa nýja þekkingu á sviðinu.
- samþætta innsýn úr hug-, félags-, viðskipta- og verkvísindum með hagnýtum hætti.
- þjálfa framtíðarleiðtoga sem eru færir um að gera það sem gera þarf.

Fyrir hverja?

Meistaranám í verkefnastjórnun er opið þeim sem hafa lokið BA/BS/B.ed. eða sambærilegu námi.

Nemendur skulu hafa minnst 3 ára reynslu úr atvinnulífinu og æskilegt er að þeir hafi umtalsverða reynslu af því að starfa í verkefnum.

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM 1911-2011

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

PIPAR\TBWA - SÍA 111105




Florence Kennedy er meðal kennara í meistaranámi í verkefnastjórnun.

## Erlendir kennarar

Kennarar í meistaranámi í verkefnastjónun (MPM) fylla flokk fremstu kennimanna á sviði verkefnastjórnunar. Þeirra á meðal eru eftirtaldir: Dr. Steve Eppinger frá MIT, Dr. Mark Morgan frá Stanford, Dr. Darren Dalcher frá Middlesex University, Birgitta Greger og Fabian Berg frá HLP Management Consultants í Frankfurt, Dr. Markus Zoller frá Zürich, Dr. Ethne Swartz frá Fairlaigh Dickinson University, Florence Kennedy frá Heriot-Watt í Skotlandi, Dr. Morten Fangel fyrrum forseti International Project Management Association (IPMA) og Benjamin Lund frá Danmörku.

● **MPM MEISTARANÁM Í VERKEFNASTJÓRNUN** er kennt á íslensku, en þótt það miðist fyrst og fremst við íslenskar aðstæður miðast kennslan við alþjóðleg hæfniviðmið í verkefnastjórnun sem gilda í Bandaríkjunum og víðar.

Þótt námið kallist meistaranám í verkefnastjórnun hefur það víðari skírskotun því verkefnastjórnun getur bæði falið í sér að einu stóru verkefni sé stjórnað, heilli verkefnastofnun eða nokkrum verkefnum samtímis. Sterk áhersla á siðferðislega ábyrga framvindu, sjálfbæra þróun og virðingu fyrir lífi og menningu er í náminu.



# Góð menntun í HÍ og gott umhverfi til menntunar

## NÁMIÐ Á ÓTRÚLEGA VEL VIÐ MIG



**SIGRÍÐUR REGÍNA SIGURÞÓRSDÓTTIR, BA-NEMI Í KVIKMYNDAFRÆÐI**

*Hvers vegna valdirðu HÍ og þitt nám?*

„Ég hef mikinn áhuga á öllu sem er á Hugvísindasviði og mér finnst kvikmyndafræðin sameina ólíkar greinar sviðsins. Það kemur allt inn í kvikmyndir. Ég ákvað að prófa kvikmyndafræðina og mér finnst hún ótrúlega skemmtileg.“

*Hvað er það besta við námið?*

„Þetta er svo skemmtilegt efni sem ég er að lesa og ég finn að námið á ótrúlega vel við mig. Mér finnst gaman að lesa um kenningarnar og fræðin á bak við greinina. Þetta vekur svo mikinn áhuga og þá gengur manni betur.“

*Hvernig hyggstu nýta námið?*

„Ég ætla að taka tvær BA-gráður og ég er að reyna að ákveða hvaða gráðu ég tek með kvikmyndafræðinni. Það er erfitt að segja hvað ég geri nákvæmlega við kvikmyndafræði en ég hugsa að úr því að ég get lært það í Háskólanum hljóti ég að geta gert eitthvað við það.“

## FJÖLBREYTT NÁM OG NÝTIST VEL



**STEFÁN ÁRNI JÓNSSON, BS-NEMI Í SÁLFRÆÐI**

*Hvers vegna valdirðu HÍ og þitt nám?*

„Ég valdi HÍ vegna þess að ég tel að það sé besti kosturinn til þess að fá góða menntun og gott umhverfi til menntunar. Ég valdi sálfræði því ég hef áhuga á henni. Þetta er fjölbreytt nám og ég tel að það muni nýtast mér vel hvað sem ég geri í framtíðinni.“

*Hvað er það besta við námið?*

„Í sálfræðinni er sterkur aðferðafræðilegur grunnur og sterkur grunnur í rannsóknum. Það er líka góður almennur grunnur til þess að byggja á.“

*Hvernig hyggstu nýta námið?*

„Ég held að námið nýtist mér á ólíkan hátt, allt eftir því hvað ég ákveð að læra frekar. Ef ég ákveð að bæta við viðskiptafræði og fara þá í stjórnun eða í vinnusálfræði, klíníska sálfræði, markaðsfræði eða auglýsingasálfræði þá sé ég fyrir mér að þetta verði mjög góður grunnur.“

## ÁKVEÐINN SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU



**UNNUR ÝR KONRÁÐSDÓTTIR, BS-NEMI Í VIÐSKIPTAFRÆÐI**

*Hvers vegna valdirðu HÍ og þitt nám?*

„Ég eignaðist barn og hafði ekki hugmynd um hvað mig langaði að læra. Ég hugsaði að það væri sniðugt að fara í viðskiptafræði því námið gæti fært mér vinnu með hentugum vinnutíma með tilliti til fjölskyldunnar. Ég valdi HÍ vegna þess að mér leist mjög vel á viðskiptafræðina innan skólans.“

*Hvað er það besta við námið?*

„Það er ákveðinn sveigjanleiki í náminu. Ég tók mér hlé frá námi vegna barneigna en næ samt að klára á réttum tíma vegna þess að ég tók námskeið yfir sumartímann. Mér fannst því þægilegt að geta stillt námið eftir mínum högum.“

*Hvernig hyggstu nýta námið?*

„Ég er þegar búin að sækja um meistaranám og stefni á annaðhvort mannauðsstjórnun eða opinbera stjórnsýslu með áherslu á mannauðsstjórnun. Það kemur í ljós hvar ég fæ inni.“

## ALDREI NEITT ANNAÐ EN HÍ KOM TIL GREINA



**SIGURÐUR THORLACIUS, BS-NEMI Í UMHVERFIS- OG BYGGINGAVERKFRÆÐI**

*Hvers vegna valdirðu HÍ og þitt nám?*

„Það var aldrei neitt annað en HÍ sem kom til greina, fannst mér, og ég valdi þetta nám því ég hef áhuga á umhverfismálum og ég held að ég geti gert eitthvað í því ef ég klára meistaranám í umhverfisverkfræði.“

*Hvað er það besta við námið?*

„Það er allt frábært við það. Ég hef mikinn áhuga á þessu og finnst gaman að læra flókna stærðfræði og eðlisfræði. Þetta er mjög spennandi og mér hefur gengið vel.“

*Hvernig hyggstu nýta námið?*

„Ég er að læra fullkominn grunn fyrir alls kyns nám og ég held ég verði betur undirbúinn fyrir flest sem gæti vakið áhuga minn. Námið mun líka nýtast í atvinnulífinu. Ef ég vildi t.d. starfa á verkfræðistofu þá nýtist reynslan og námið hér mjög vel og það sama má segja um annan starfsvettvang.“

## NÁMIÐ ER SKEMMTILEGT



**GUÐRÚN DÓRA ÞÓRUDÓTTIR, BA-NEMI Í ÞROSKAÞJÁLFUN**

*Hvers vegna valdirðu HÍ og þitt nám?*

„Mamma mín er þroskaþjálfi og svo hef ég verið að vinna við það síðastliðin sjö ár. Það lá því bein braut í námið.“

*Hvað er það besta við námið?*

„Námið er skemmtilegt og maður sér mjög vel hvernig maður getur notað það í framtíðinni. Ég reikna með því að vinna áfram sem þroskaþjálfi.“

*Hvernig hyggstu nýta námið?*

„Ég hugsa að ég vinni í ár að loknu námi og svo reikna ég með að ég skelli mér í meistaranám.“




ÆTLAR ÞÚ
Í HÁSKÓLA Í HAUST?







YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI
Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2011–2012 er til 5. júní. Móttaka rafrænna umsókna er hafin á *www.hi.is*

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 111106

**● TORFHLEÐSLUNÁMSKEIÐ FORNVERKASKÓLANS** Þrjú námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði verða á vegum Fornverkaskólans í sumar. Námskeiðin eru haldin á Tyrfingsstöðum 6. til 9. júní, 13. til 16. júní og þriðja námskeiðið í ágúst. Á námskeiðunum í júní verður kennd hleðsla torfveggja og smíði húsgrindar. Hlaðnir verða veggir í hrútakofa og grind smíðuð í búr og hrútakofa og þak tyrft. Þá verður haldið grjóthleðslunámskeið í Skagafirði í haust eða sumar.

Meginmarkmið skólans er að bjóða kennslu í vinnubrögðum og verklagi í hefðbundnu íslensku byggingarhandverki. Fornverkaskólinn er samstarfsverkefni Hólaskóla, Byggðasafns Skagfirðinga og tréiðnaðardeildar Framhaldsskóla Norðurlands vestra. Nánari upplýsingar er að finna á www.fornverkaskolinn.is.



**● SPÁÐ Í SPIL** Spámiðillinn Hrönn Friðriksdóttir mun ásamt Ölmu Hrönn Hrannardóttur kenna áhugavert tveggja kvölda námskeið 2. og 7. maí næstkomandi. Þar munu þær kenna undirstöðuatriði í að leggja spil og lesa úr fyrir aðra. Markmiðið er að koma þátttakendum yfir þröskuldinn hvað varðar spilalagnir og spádóma. Kenndar verða þrjár mismunandi spilalagnir. Þátttakendur velja hvers konar spil þeir nota; tarotspil, sígaunaspil eða venjuleg spil. Þátttakendur koma með eigin spil.
Kennt verður í Súðarvogi 7.





**Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar.**

# Vísindastarf Hjartaverndar

Vilmundur Guðnason, prófessor og forstöðulæknir Hjartaverndar, heldur fyrirlestur um vísindastarf samtakanna í sal Þjóðminjasafnsins í dag frá klukkan 12 til 13.15. Landssamtökin Hjartavernd voru stofnuð árið 1964. Rannsóknarstöð Hjartaverndar hóf starfsemi sína þremur árum síðar með mjög víðtækri faraldsfræðilegri rannsókn, Hóprannsókn Hjartaverndar, þar sem áhersla var lögð á að finna helstu áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma meðal Íslendinga. Rannsóknin hefur staðið yfir í meira en fjörutíu ár og hefur náð til rúmlega þrjátíu þúsund Íslendinga. Margar nýjar rannsóknir hafa tengst henni. Þessar rannsóknir hafa orðið grundvöllur þekkingar hérlendis á helstu áhættuþáttum kransæðasjúkdóma.



**Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu**

# Völuspá í tónmáli

Vala Gestsdóttir heldur útskriftartónleika sína í Þjóðmenningarhúsinu laugardaginn 30. apríl klukkan 17. Vala útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum frá tónlistardeild Listaháskólans í vor.
Á tónleikunum verður frumflutt verkið Völuspá í tónmáli, tónverk fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit í þremur samtengdum köflum sem lýsa sköpun heimsins, ragnarökum og endurrisi jarðar, við texta Þórarins Eldjárns. Einnig verða flutt verkin Vertu hér, Betty Boop, Strengjarinn og Brassarinn og Sestu-Dansaðu-Vertu.
Einsöngvarar á tónleikunum eru Sólveig Samúelsdóttir messósópran, Hafsteinn Þórólfsson barítón og Þórunn Antonía Magnúsdóttir. Stjórnandi á tónleikunum er Úlfar Ingi Haraldsson.



## Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Hjólbarðar

Óska eftir notuðum jeppadekkjum 38-40" fyrir 15" felgur. Uppl. 616-6368.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Erum að rífa!**
Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan 98, Freelander, Impreza 97,Baleno 96, VW Polo 99, Ford Escape 01, Opel Corsa 98, Peugot 306. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S. 864 0984.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Hringbraut.is**
Til sölu notaðir varahlutir í ýmsar teg bifreiða. Kaupum bíla til niðurrifs. Erum þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð. Opið 8-17. Uppls.420-1200

**Fossbílar 772 6777**
Notaðir varahlutir í Renault, Peugeot, Mazda, Mitsubishi, M. Benz, Toyota, Cadillac, Hyundai Coupe og fl. Dekk, felgur, rafgeymar. Hrísmýri 5, 800 Selfoss.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Baleno '97 , Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur & Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Tölvur




## Nudd

New,New,New! TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ONLY FOR 1 WEEK,ANY TIME.s 8995836 ALISIA

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar




Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

## Trésmíði



**Bergiðjan ehf Íslensk farmleiðsla**
14 og 21fm gróðurhús. Uppl. í s. 774 6633. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. email: pukinn@simnet.is Erum með myndir á facebook

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977







## Bílar til sölu

# ASKJA - NOTAÐIR BÍLAR



Audi A4, 2.0
árg. 2001, ekinn 119 þús. km.
2000cc, bensín, sjálfsk.

**Verð: 1.420.000**



Mercedes-Benz ML 350
árg. 2005, ekinn 91 þús. km.
3500cc, bensín, sjálfsk.

**Verð: 4.430.000**

TILBOÐSBÍLL



Volkswagen Polo
árg. 2007, ekinn 56 þús. km.
1400cc, bensín, sjálfsk.

**Ásett verð: 1.590.000**
**Tilboðsverð: 1.350.000**



Kia cee'd Sporty Wagon
árg. 2009, ekinn 27 þús. km.
1582cc, dísil, beinsk.

**5 ár eftir af ábyrgð!**

**Verð: 2.990.000**



Volkswagen Touareg V6 TDI
árg. 2007, ekinn 54 þús. km.
2967cc, dísil, sjálfsk.

Mjög vel útbúinn bíll!

**Verð: 7.700.000**



Toyota RAV4
árg. 2006, ekinn 88 þús. km.
2000cc, bensín, sjálfsk.

**Ásett verð: 2.390.000**
**Tilboðsverð: 2.100.000**

TILBOÐSBÍLL



Skoda Superb Comfort Turbo
árg. 2007, ekinn 55 þús. km.
1800cc, bensín, sjálfsk.

**Verð: 2.390.000**



Opel Vectra
árg. 2005, ekinn 80 þús. km.
2200cc, bensín, sjálfsk.

**Verð: 1.690.000**

**Allt að 70% fjármögnun í boði.**

**Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16**

ASKJA

Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Gabriel demparar í 40 ár
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]
AIS Class – A AIS Class – B AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

TROPHY 4.6 TRUGGY
HPI Trophy Truggy 4,6
Öflugur fjarstýrður bensíntrukkur.
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is
GARÐÁLFARNIR
GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimapúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
www.glit.is
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

Bekkjarparty - Afmælis veislur
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 & 861 2319

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

ALLT SEM TENGIST PÍPULÖGNUM
VATNSVIRKINN
Smiðjuvegi 5, Kópav. S: 510 1400

SPORTBAR MEÐ POOL
Til sölu flottur sportbar með 4 poolborð og stóra viðburðaskjái., Mikið endurnýjaður staður sem er með jafna og góða veltu.
Mjög gott verð ef samið er strax.
Uppl. á Fyrirtækjasölu Ísl.
773-4700 eða 520-3500

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 - 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

KRAFTLIND ehf
sími 866 3533
Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarðvinna, traileraktur og gröfuvinna

Glæsilegur undirfatnaður frá Vanity Fair og Lauma.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

XPRENT
-merkir allt!
Prentun, merkingar, filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

PAKKASENDINGAR
Reykjavík
Selfoss
Reykjavík
Selfoss
2 ferðir á dag
772 6010 www.netpartar.is
Opið alla virka daga kl. 8–18

OSEA Öryggiskerfi
Vertu þinn eigin öryggisvörður og áttu þitt eigið öryggiskerfi.
Tilboðsverð kr. 36.136
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar
Dalvegi 16b s:554-2727
Hugna.is

Hleðslugrjót og garðamold
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

Komdu Skemmtilega á óvart.
Bókun í síma 847 3883
ICELIMO
Lúxusbílaþjónusta
www.icelimo.is

# Alla fimmtudaga
gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Dýrahald



Vizslu hvolpar til sölu. Ættbók HRFÍ Uppl. www.vizsla.is, hildur@vizsla.is eða 6987430

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



**Æfingarhúsnæði! Vortilboð!**
Afnotagjöld 21þús. á mánuði Upplýsingar í síma 8243001 og contact@tonaslod.is www.tonaslod.is

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM RVK**

**Dags, viku og mánaðarleiga.**

**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 herb. íbúð til leigu á jarðhæð við Ásvallargötu, göngufæri í miðbæinn og háskólann. 2 rúmgóð svefnerbergi og stofa, 160þús á mán. S. 894 9045

Til leigu 2ja herb. íbúð á jarðhæð við Hlíðarveg í Kóp. S. 860 0811.

Herbergi við Kringluna, öll aðstaða. Uppl. í s. 499 2072.

3herb í Suðurhólum til leigu.130þ á mán-rafm&hiti.bankaábyrgð skilyrði. 8482649

Íbúð í 101, 90 m2. Reglusemi, 3 herb og trygging. Uppl í s. 860 0360

Til leigu 100fm íbúð í neðri hæð í 2býli á fallegum stað í Vopnafirði. Laus strax. S. 473 1399.

## Húsnæði óskast

**Leigusalar!**
Skráið eignina ykkur að kostnaðrlausu inná leigulistinn.is og sjáið sjálfir um útleiguna, eða óskið eftir fullri þjónustu og látið okkur sjá um málið. Hringdu í s. 511-1600, Leigulistinn ehf.

Óska eftir lítilli íbúð eða herb. með aðgangi að eldh. á svæðum 103,104,105 & 108. Uppl. í s. 899 0345 e. hádegi.

Vantar ad leiga ibud fra 4 Juli til 8 Agust. Ma vera i Kopavogi, Reykjavik, Mosfellsbae. E-mail: afranklin12@cox.net

## Sumarbústaðir

Kynning á sumarbústaðalóðum til sölu verður haldin að Súðarvogi 7, 2. hæð fimmtudagskvöld og hefst kl. 20. Kynnt verður skipulag frístundabyggðarinnar í landi Kílhrauns á Skeiðum í máli og myndum. Skipulagðar hafa verið 72 lóðir í fallegu hraun/mosagrónu landi. Uppl. í síma 824 3040 og 893 4609.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR. 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

# ATVINNA

## Atvinna í boði

midlun

**Miðlun leitar að starfsfólki**
Við leitum að metnaðarfullu og ánægðu sölufólki til þess að tala í síman á kvöldin og um helgar. Úthringingar fyrir íslensk fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Sveigjanlegir vinnutímar. 5808080 - midlun@midlun.is

**Þjónn óskast!**
**Óskum eftir góðum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á ccb@visir.is**

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
**Sumarstörf í boði. Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsstúlkum í sal - ath. um hlutastarf er að tala. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 18 ára.**

**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**

**Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

Vélstjóri/vélavörður óskast til starfa á 150 tonna humarbát. Vélarstærð 478 kw. Uppl. í s. 892 0367 eða 483 3548.

Starfskraftur óskast í sveit. Upplýsingar í s. 865 8104.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Dömuvaktin á Rauða Torginu Dömuvakt í kvöld frá kl. 20-24. Símar 908-6000 og 535-9999. www.RaudaTorgid.is (Dömuvaktin).

Tilbreyting Á Rauða Torginu Stefnumót eru nýjar auglýsingar kvenna sem leita tilbreytingar. S. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringin.

Dömurnar á Rauða Torginu Dömuvaktin er frá kl. 20-24 í kvöld. Heitt spjall, heitar stundir. S. 908-6000 og 535-9999.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki




## Atvinna

**SÖLUFÓLK!**

Sölufólk óskast dagana 6.–8. maí.
Sala á vasaljósi til styrktar Blátt áfram.

**20% Sölulaun**

Vinsamlegast hafið samband við svava@blattafram.is

BLÁTT ÁFRAM!

## Fundir / Mannfagnaður

**Aðalfundur Brautarinnar**

Aðalfundur Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna verður haldinn miðvikudaginn 25. maí kl. 18.30 í húsnæði Öskju, Krókhálsi 11, Reykjavík.

Dagskrá fundarins verður skv. ákvæðum 4. greinar laga félagsins.

Félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld hafa atkvæðisrétt á fundinum.

Nánari upplýsingar á **www.brautin.is**

Stjórn Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna

## Fasteignir

RE/MAX LIND

**ÞAÐ ER MEIRA AÐ GERA Á FASTEIGNA-MARKAÐINUM EN ÞIG GRUNAR.**

LÁTTU MIG SELJA FYRIR ÞIG, HRINGDU NÚNA



**Hafðu samband**
**699 5008**

**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008

**Þórarinn Jónsson** hdl.
lögg. Fasteignasali



## Tilkynningar

**AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI**
**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða sveitarstjórnar fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1.**
**Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 fyrir þéttbýlið Brautarholt.**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi 5. apríl 2011 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins innan þéttbýlisins í Brautarholti. Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði sem ætlað er undir hreinsimannvirki færist til suðurs, fjær byggðinni. Er þetta gert til samræmis við tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir sama svæði sem auglýst hér að neðan . Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og að þar sem sé ekki ástæða til meðferðar skv. 30. – 32. gr. skipulagslaga

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst til kynningar tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2.**
**Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Íbúðarsvæðið Ásborgir.**
Í breytingartillögunni felst að íbúðarsvæðið Ásborgir, merkt Íb 11 í aðalskipulaginu, breytist í blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og svæði fyrir verslun- og þjónustu til að gefa möguleika á því að nýta þegar byggð og fyrirhuguð íbúðarhús sem gisti-/og eða veitingahús. Áður en breytingin verður tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn verður hún til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi og á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12 á Laugarvatni frá 28. apríl til 3. maí. Þá verður einnig hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag:**

**3.**
**Deiliskipulag fyrir 18 ha spildu úr landi Efra-Apavatns í Bláskógabyggð. Lögbýlið Skógarhlíð.**
Um er að ræða 18 ha land sem afmarkast af Laugarvatnsvegi nr. 37 að austanverðu, landi Efra-Apavatns að sunnaverðu og gildandi deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Skógarhlíð að vestan- og norðanverðu. Svæðið er í dag nýtt til skógræktar en auk þess verður heimilt að byggja íbúðarhús og skemmu innan byggingarreits fyrir miðju svæðisins.

**4.**
**Endurskoðun deiliskipulags fyrir þéttbýlið Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Deiliskipulagið nær yfir þéttbýlið Brautarholt og er svæðið um 11,5 ha að stærð. Á svæðinu eru í gildi tvær deiliskipulagsáætlanir, frá 10. maí 2002 og 19. ágúst 2003, sem falla úr gildi með samþykkt nýs deiliskipulags. Samkvæmt tillögunni verða til 13 nýjar einbýlishúsalóðir og ein parhúsalóð, sem koma til viðbóðar við þær lóðir sem fyrir eru. Þá er gert ráð fyrir tveimur verslunar- og þjónstulóðum við hlið núverandi verslunar og um 1 ha athafnasvæði norðan þjóðvegar. Tillagan var áður auglýst til kynningar frá 6. maí til 18. júní 2010, en er nú auglýst að nýju með þeirri breytingu að svæði fyrir fráveitumannvirki færist til suðurs.

**Samkvæmt 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

**5.**
**Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Hlíðar og Tjarnardal úr landi Reykadals í Hrunamannahreppi.**
Í breytingartillögunni felst að heimilt verður að reisa allt að 40 fm aukahús á hverri lóð til viðbótar við aðalhús en samkvæmt gildandi skilmálum má eingöngu vera með 10 fm geymslu. Ekki er þó gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða breytist, en það er 0.03 (hámarksbyggingarmagn 150 fm á 0,5 ha lóðum). Þá er einnig gert ráð fyrir að leyfilegur þakhalli verði á bilinu 0 – 45 gráður í staðinn fyrir 18 - 45 gráður.

**6.**
**Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Dalabyggð úr landi Reykjadals í Hrunamannahreppi.**
Í breytingartillögunni felst að lóðum innan svæðisins fækkar úr 35 í 23 auk þess sem nokkrar þær sem eftir verða stækka. Þá er einnig gert ráð fyrir að á hverri lóð megi reisa eitt frístundahús og allt að 30 fm aukahús. Heildarbyggingarmagn lóða miðast almennt við nýtingarhlutfallið 0.03, þ.e. samtals 150 fm fyrir lóð sem er 0,5 ha að stærð. Á lóðum sem eru 3.700 fm eða minni miðast hámarksbyggingarmagn við 110 fm.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Kynningartími skipulagstillagna nr. 3-6 hér að ofan er frá 28. apríl til 10. júní 2011. Athugasemdir skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 10. júní 2011 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykkur þeim.

*Pétur Ingi Haraldsson*
*Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps*

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




DV: 10% – Fréttatíminn: 37%

## ALLT LANDIÐ

DV: 11% – Fréttatíminn: 49%

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar,
á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




**Allt sem þú þarft...**

# Ganga, kakó og kruðerí í Valabóli

Í tilefni Græns apríls bjóða Farfuglar öllum náttúruunnendum í gönguferð í Valaból í dag. Lagt verður af stað frá bílaplani við Kaldársel klukkan 18 og reiknað er með að gangan taki um tvo tíma.

Göngufólk taki með sér hlýjan og skjólgóðan fatnað, en Farfuglar bjóða upp á heitt kakó og kruðerí þegar áð verður við Músarhelli sem hefur verið áningar- og gististaður Farfugla og annars útivistarfólks í yfir 70 ár.

Farfuglar vona að sem flestir sjái sér fært að koma og njóta náttúruparadísar við mörk höfuðborgarsvæðisins í góðum félagsskap.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Kristín Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri í síma 868 0979 eða á netfanginu astakristin@hostel.is.



**KALDÁRSEL** Náttúruunnendur eru hvattir til að mæta við Kaldársel klukkan 18 í dag og ganga með Farfuglum í vorinu í Valaból. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SAMKÓR MÝRAMANNA** Heldur upp á 30 ára afmæli.

# Samkór Mýramanna 30 ára

Þrjátíu ár er frá stofnun Samkórs Mýramanna. Af því tilefni munu kórfélagar og gestir þeirra efna til árlegrar vorhátíðar í Lyngbrekku á föstudagskvöld.

Samkórinn fær til sín góða gesti. Átthagakór Strandamanna syngur og Ragnar Bjarnason tekur lagið.

Stjórnandi Samkórs Mýramanna er Jónína Erna Arnardóttir. Kórformaður í dag er Birgir Pálsson, einn stofnfélaga kórsins og einn fjögurra sem enn syngja með kórnum af stofnendunum. Hinir þrír eru systir hans Steinunn Pálsdóttir, Þorkell Guðbrandsson frá Mel og Ólöf Guðmundsdóttir frá Hundastapa. Frá þessu er greint á skessuhorn.is

# Síðasti dagurinn í Gróttu í bili



**GRÓTTA** Gróttudagurinn verður haldinn á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árlegur fjölskyldudagur verður haldinn í náttúruperlunni Gróttu laugardaginn 30. apríl, en á varptímanum, frá 1. maí til 1. júlí, er ekki leyfilegt að fara út í Gróttu. Gróttudagurinn stendur frá 9.30 til 13, en þá er hægt að komast fótgangandi út í eyju. Einnig verður björgunarsveitin Ársæll á staðnum og ekur þeim sem ekki treysta sér til að ganga. Hægt verður að kaupa kaffi, djús og rjómavöfflur í Fræðasetrinu og í Vitanum verða sýnd verk nemenda Grunnskóla Seltjarnarness. Þá mun Lalli töframaður skemmta gestum klukkan 11.

Á Gróttudeginum gefst tækifæri til að njóta einstakrar náttúrufegurðar og rannsaka lífríkið í fjörunum sunnan við Gróttu, Seltjörn og Bakkavík sem eru auðugar af lífi. Fuglalífið á Seltjarnarnesi er einnig afar fjölbreytt en þar hafa sést yfir 100 fuglategundir. Gott er hafa með sér poka eða fötur til að tína skeljar og skemmtilegheit í fjörunni.

Síðar um daginn kl. 15 verða tónleikar í Seltjarnarneskirkju og á Bókasafni Seltjarnarness opnar Ómar Óskarsson ljósmyndasýninguna Í ríki fuglanna kl. 16.30.

# Í fótspor Laxness

Vinafélag Gljúfrasteins býður upp á göngu um miðbæ Reykjavíkur í fylgd Péturs Ármannssonar arkitekts á laugardag. Pétur mun miðla fróðleik um ýmis hús þar sem Halldór Laxness hafði viðkomu um lengri eða skemmri tíma á yngri árum. Lesin verða örstutt textabrot sem tengjast þessum tíma í lífi hins unga manns. Sum húsanna standa enn, önnur eru horfin.

Gangan hefst við Laugaveg 32, fæðingarstað Halldórs klukkan 11 og endar við Vesturgötu 28, sem var heimili hans á stríðsárunum.

Vinafélag Gljúfrasteins var stofnað 23. apríl árið 2010 en tilgangur þess er að veita Gljúfrasteini aðstoð og stuðning og efla vitund um arf Halldórs Laxness og mikilvægi hans. Nánari upplýsingar um gönguna og viðkomustaði er að finna á www.gljufrasteinn.is.



**Í FYLGD PÉTURS ÁRMANNSSONAR** Gengið verður á milli húsa þar sem Halldór hafði viðkomu á yngri árum.

# Samkeppni um Hamingjulagið 2011

Strandamenn hafa efnt til keppni um Hamingjulagið 2011. Það jafngildir þjóðhátíðarlagi í þeirra héraði. Lagið má ekki hafa heyrst opinberlega áður. Ekki er verra að textinn fjalli að einhverju leyti um hamingjuna, Hólmavík eða Hamingjudaga, hina árlegu bæjarhátíð Strandamanna, það er þó alls ekki krafa.

Skila þarf lögum á geisladiski til Menningarmálanefndar í síðasta lagi föstudaginn 29. apríl, merkt Hamingjudagar á Hólmavík – Lagasamkeppni 2011, Höfðagata 3, 510 Hólmavík.

Keppnin sjálf verður svo haldin klukkan 20 sunnudagskvöldið 8. maí og þá verður eflaust mikið stuð í plássinu. -gun



**HÓLMAVÍK** Hamingjulagið má gjarnan snúast um þennan fagra stað við Steingrímsfjörð en það er þó ekki skilyrði. MYND/JÓN JÓNSSON



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Pálsson**

áður til heimilis að Hrísalundi 2a, Akureyri,

lést 21. apríl sl. á Hornbrekku, dvalarheimili aldraðra Ólafsfirði.

**Regína Ragnarsdóttir**
**Erling Ragnarsson** **Dagbjört Sigrún Torfadóttir**
**Örn Ragnarsson** **Svanhvít Ingjaldsdóttir**
**Úlfar Ragnarsson**
**Stefán Ragnarsson**
**Börkur Ragnarsson**
**Jóhannes Stefánsson**
**Anna Ragnarsdóttir**
**Þröstur Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Þórhalls Einarssonar**

frá Djúpalæk,
Helgamagrastræti 36, Akureyri,

sem lést 2. apríl sl. Minning hans er ljós í lífi okkar.

**Jónína Þorsteinsdóttir**
**Þórdís G. Þórhallsdóttir** **Flosi Kristinsson**
**Arna H. Jónsdóttir** **Guðmundur V. Óskarsson**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** **Ari Laxdal**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Þórunn Guðmundsdóttir**

áður Hólavegi 15, Siglufirði,

sem lést á dvalarheimilinu Hvammi Húsavík 14. apríl, verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 30. apríl kl. 14.00.

**Albert G. Einarsson**
**Sigríður Þ. Einarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,*

**Helgi Hannesson**

Laxakvísl 17, Reykjavík,

varð bráðkvaddur að heimili sínu aðfaranótt páskadags. Útför Helga fer fram í Langholtskirkju 3. maí og hefst athöfn kl. 13.

**Ása Dröfn Björnsdóttir**
**Birgitta Rut Helgadóttir**
**Líf Helgadóttir**
**Darri Helgason**
**Magnea Kristbjörg Andrésdóttir** **Hannes Helgason**
**Margrét Guðný Hannesdóttir**
**Andrés R. Hannesson**
**Björn Kristjánsson** **Þuríður Stefánsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagný Ingimundardóttir**

Hraunbúðum, áður Kirkjuvegi 72, Vestmannaeyjum,

sem lést 16. apríl, verður jarðsungin frá Landakirkju laugardaginn 30. apríl kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vildu minnast hennar láti líknarfélög njóta þess.

**Helga Tómasdóttir**
**Geirrún Tómasdóttir**
**Sigurður Tómasson** **Guðrún Jakobsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

**Yngvi Rafn Baldvinsson**

fyrrum íþróttafulltrúi,
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést að morgni sumardagsins fyrsta á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 29. apríl kl. 13.

**Friðrik E. Yngvason** **Theodóra Gunnarsdóttir**
**Björgvin Yngvason** **Birna Hermannsdóttir**
**Stefán Yngvason** **Nína Leósdóttir**
**Yngvi Rafn Yngvason** **Alís Freygarðsdóttir**
**og fjölskyldur.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í BÓNUS
DANSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
1398 KR.KG.
Kycklingfilé chicken fillets
1 kg
1398 KR. POKINN
EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR 900g
K.S FROSIÐ LÆRI Í SNEIÐUM
1298 KR.KG.
ROOKEE
ROOKEE NÚÐLUR 85g 4 TEGUNDIR
AÐEINS 35 KR PAKKINN
SOL GRYN
OTA HAFRAMJÖL 2 KG.
698 KR. 2KG
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.
259 KR. 1 KG.
BÓNUS
BÓNUS PYLSUR 10 STK 798 KR KG.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 129 KR.
BÓNUS PYLSA Í BRAUÐI
U.Þ.B. 66 KR.
ROLLED OATS
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 1/2 KG.
79 KR. 500g
FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
898 KR.KG
NÝBAKAÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
pepsi MAX
pepsi
Egils APPELSÍN
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.
LAMBAHAGASALAT
VISTVÆN ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA
LAMBHAGASALAT Í POTTI
275 KR.STK
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120
FABRIKKU SÓSAN
4 STK. BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ
159 KR.
BÓNUS FROSNIR
RISABORGARAR 10 X 120G
1398 KR.PAKKINN
FABRIKKU SÓSAN
300ml
359 KR.
23 bestu
hamborgara-
uppskriftirnar
eru á vefnum
http://www.
islandsnaut.is/
BÓNUS RISABORGARI Í BRAUÐI AÐEINS 180 KR.
LAMBAHAGASALAT
VISTVÆN ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA
100g SPÍNAT Í BOXI
298 KR. 100g
Lambhagi
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
Lambhagi

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** andspænis, **6.** utan, **8.** skaut, **9.** farfa, **11.** tveir eins, **12.** nes, **14.** söngleikur, **16.** óleti, **17.** sníkjudýr, **18.** flott, **20.** í röð, **21.** ekki úti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** hróp, **4.** lofttóm, **5.** angan, **7.** vanabindandi efni, **10.** missir, **13.** hlaup, **15.** ána, **16.** ái, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** móti, **6.** án, **8.** pól, **9.** lít, **11.** mm, **12.** skaga, **14.** ópera, **16.** at, **17.** lús, **18.** fín, **20.** mn, **21.** inni.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** óp, **4.** tómarúm, **5.** ilm, **7.** nikótín, **10.** tap, **13.** gel, **15.** asna, **16.** afi, **19.** nn.


# SÖGULEG SÝNING Í KRINGLUNNI

Rifjaðu upp stórviðburði síðustu 10 ára eins og þeir birtust í Fréttablaðinu á afmælissýningunni sem sett hefur verið upp í Kringlunni. Komdu og upplifðu söguna aftur með mögnuðum myndum og eftirminnilegum forsíðum úr 10 ára sögu Fréttablaðsins.







*Samkvæmt Prentmiðlakönnun Capacent Gallup, jan.-mars 2011



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# Stormasamt samband í norðrinu

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Það hefur ekki rignt dropa í dag. Ekki heldur snjóað, dunið á með hagléli eða slyddu. Hitinn hefur haldist nokkuð jafn yfir daginn, fór meira að segja upp undir tveggja stafa tölu um tíma og vindhraði hefur ekki sveiflast um tugi metra á sekúndu milli hádegis og kaffis! Sumarið virðist loksins ætla að hætta sér inn fyrir dyr og lokar vonandi á eftir sér. Ég er orðin langþreytt á leiðindatíð þar sem engin leið hefur verið að klæða sig eftir síbreytilegu veðrinu.



**„ÍSLAND** er land öfganna“ hefur margur forsetinn sagt í ræðu. Farið svo hátíðlegum orðum um seiglu landans „sem átt hefur í stormasömu sambandi við náttúruöflin í norðri.“ Óttaleg klisja en hún er sönn. Veðrið getur sveiflast öfganna á milli á nokkrum mínútum ef því sýnist svo og skeytir ekkert um vonir mínar um sól og sumaryl.

**ÉG** var fyrir löngu búin að draga fram strigaskóna, pumpa í dekkin á reiðhjólinu og pakka vettlingunum ofan í skúffu. Fannst vera orðið svo vorlegt í lok mars. Hengdi úlpuna aftast í skápinn og ætlaði að láta fóðraða jakkann duga. Sumarið væri alveg á næsta leiti.

**ÉG** þráaðist líka lengi við og óð út á morgnana, húfulaus í strigaskónum. Barðist svo krókloppin heim á móti blindbylnum og uppskar ekkert nema nefrennsli og sáran háls. Ég lét plata mig aftur og aftur út í sólina, en hafði varla snúið mér við þegar haglélið tók að dynja. Haglélið breyttist svo í rigningu og svo aftur í haglél, þær mínútur sem það tók mig að hlaupa í skjól. Þegar í skjólið var komið fór sólin svo bara aftur að skína.

**ÞETTA** stormasama samband mitt við náttúruna í norðrinu hafði mig undir á endanum. Vettlingarnir komu aftur upp úr skúffum, úlpan færðist fremst í fataskápinn og strigaskórnir viku aftur fyrir vetrarbomsunum. Það hvarflaði ekki að mér að hætta mér af bæ á reiðhjólinu, ég gæti orðið úti á leiðinni heim.

**EN** í dag hefur ekkert rignt, hvorki dropum né ís. Mig dauðlangar húfulaus út. Veit þó ekki hvort ég get treyst því að ekki verði gengið á eftir mér með éljum. Til öryggis fer ég því út í bomsunum og dreg húfuna niður fyrir eyru. Úlpan fær að hanga fremst eitthvað frameftir vordögum.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




APRÍL
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
3 DAGA TILBOÐ
500GB
Örsmár silfurlitaður LaCie Rikiki GO flakkari, innbyggð USB snúra
9.990
LACIE
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SONY
TOSHIBA
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# menning

menning@frettabladid.is

**! Í KVÖLD KLUKKAN ÁTTA** tekur Norræna húsið á móti verðlaunarithöfundinum Carl Jóhan Jensen frá Færeyjum. Bjarni Bjarnason, rithöfundur og þýðandi, mun ræða við Carl Jóhan um höfundarverk hans, en forlagið Uppheimar er með verk hans Sögur um djevulskap í þýðingu. Söngkonan Dorothea Højgaard Dam mun einnig koma fram og flytja nokkur lög.

## Halldór Bjarki leikur á horn

Halldór Bjarki Arnarson hornleikari heldur framhaldstónleika sína frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar á laugardag, 30. apríl, klukkan 20. Tónleikarnir verða í sal Tónskólans við Engjateig 1. Píanóleikari á tónleikunum er Örn Magnússon. En með Halldóri Bjarka leikur einnig strengjakvartett og hljómsveitin Frjókorn.



HALLDÓR BJARKI

Halldór hóf að læra á franskt horn sjö ára gamall en kennari hans nú er Joseph Ognibene.

Halldór leikur einnig á píanó og hefur lagt stund á orgelnám. Halldór fæst einnig við tónsmíðar.

# Morkinskinna kemur á óvart

**Morkinskinna kom nýverið út í tveggja binda útgáfu Íslenzkra fornrita. Ármann Jakobsson hefur unnið að útgáfu Morkinskinnu undanfarin átta ár, síðustu árin í félagi við Þórð Inga Guðjónsson.**



**ÁRMANN JAKOBSSON** Mælir með morkinskinnu og segir skemmtigildi hennar koma á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Morkinskinna var ekki mikils metin, menn hneigðust til að líta á hana sem samsteypuhandrit sem hefði ekki gildi í sjálfu sér," segir Ármann Jakobsson, doktor í íslensku og dósent í íslensku- og menningardeild við Háskóla Íslands. Ármann hefur undanfarin átta ár unnið að útgáfu ritsins, sem spannar sögu Noregskonunga frá því um 1030 þegar Ólafur helgi féll og til ársins 1157 þegar Eysteinn Haraldsson var höggvinn. „Morkinskinna hefur ekki verið mikið rædd og mest af því sem um ritið hefur verið skrifað er á dönsku. En í tengslum við doktorsvörn mína árið 2003 kom þessi útgáfa til tals og hef ég unnið að henni síðan, síðustu árin í félagi við Þórð Inga Guðjónsson," segir Ármann, en doktorsritgerð hans fjallaði um Morkinskinnu og var gefin út undir heitinu Staður í nýjum heimi: Konungssagan Morkinskinna.

Ármann segir snemma hafa komið í ljós að Morkinskinna myndi spanna tvö bindi. Þeim fylgir báðum ítarlegur inngangur, auk þess sem ritið er skýrt vel. „Markmiðið með ritröðinni Íslenzk fornrit sem hóf göngu sína fyrir 83 árum var að gefa út það sem hét á sínum tíma aðgengilegar útgáfur af íslenskum fornritum, en eru ekki síst ætlaðar fræðimönnum og háskólastúdentum."

Þekktustu hlutar Morkinskinnu eru svonefndir Íslendingaþættir, sem segja frá samskiptum Íslendinga við konunga. Nokkrir þeirra hafa verið gefnir út, svo sem Auðunar þáttur vestfirska og Hreiðars þáttur heimska. Ármann segir áhugavert hvernig þættirnir öðlist nýtt samhengi þegar þeir séu lesnir sem hluti af Morkinskinnu. „Þeir veita talsverðar upplýsingar um það sem er að gerast í sögunni og maður öðlast annan skilning á þeim. Þeir eiga mjög vel heima í heildarfrásögninni en lengi hefur verið deilt um hvort þeir séu útúrdúrar úr henni eða ekki. En mér finnst erfitt að ræða það, þessar sögur eru í eðli sínu bútasaumur. Þetta er ekki verk þar sem söguþráðurinn skapar heildina heldur er það tíminn, staðurinn og persónurnar."

Ármann mælir óhikað með lestri Morkinskinnu en hann segir skemmtigildi hennar hafa komið á óvart þegar hann las hana fyrst. Hún segi sögu konunganna en hirðmenn komi talsvert við sögu og þannig séu verk þeirra sett í samhengi. „Þannig kynnist maður konunginum, sér hvernig hann virkar, hvort hann hefur verið góður húsbóndi eða erfiður og í raun öðlast maður meiri virðingu fyrir konungunum með því að lesa um ýmis vandamál sem koma upp og hvernig þeir leysa þau."

Einn þessara konunga er Sigurður Jórsalafari, en í Morkinskinnu er ítarlegasta frásögnin af krossferð hans sem finna má í handritum. Ármann heldur fyrirlestur um Sverri á rannsóknakvöldi Félags íslenskra fræða í húsi Sögufélagsins í kvöld undir heitinu Oflátungur á erlendri grundu: Jórsalaferð Sigurðar konungs sem sjónarspil. Ármann segir áhugavert hvernig Sigurður virðist hafa notað ferðina til að sýna sig og sjá aðra. „Hann er að sanna með konunglegri hegðun sinni að hann sé jafningi hinna konunganna sem þarna voru á ferðinni. Það minnir okkur á að Noregur var tiltölulega fátækt jaðarland og ekkert sjálfgefið að Noregskonungur væri jafnoki Miklagarðskeisara."

sigridur@frettabladid.is


METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

20.04.11 - 26.04.11




1 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




2 Konan í búrinu - kilja
Jussi Adler Olsen




3 Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø




4 Milli trjánna - kilja
Gyrðir Elíasson




5 Morð og möndlulykt
Camilla Läckberg




6 Á réttri hillu
Árelía Eydís Guðmundsdóttir




7 Mundu mig, ég man þig
kilja - Dorothy Koomson




8 Handbók um íslensku
Jóhannes B. Sigtryggsson ritst.




9 Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir




10 Furðustrandir - kilja
Arnaldur Indriðason

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



Ferlegar ófreskjur!






EINNIG TIL Á ENSKU

*Kynntu þér íslenskar kynjaverur og furðudýr*

Loksins fáanleg aftur

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


REIÐHJÓL FYRIR
ALLA FJÖLSKYLDUNA
Mongoose Crossway 250
Ekta hjól í vinnuna með þæginlegu stillanlegu stýri og á mjög svo rennilegum dekkjum sem þýðir minni áreynsla.
GÁP
WWW.GÁP.IS
HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18 • LAU. KL. 11-16




## > Í SPILARANUM

**Beastie Boys** - Hot Sauce Committee Part Two
Okkervil River - I Am Very Far
Metronomy - The English Riviera
Prefuse 73 - The Only She Chapters
**Gusgus** - Arabian Horse

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Nýtt efni frá Damon

Nýtt lag sem tónlistarmaðurinn Damon Albarn tók upp með Dan the Automator og Kid Koala gengur nú hratt á milli tónlistarunnenda á netinu. Lagið komst í umferð eftir að Kid Koala spilaði það í útvarpsþætti á þriðjudagskvöldið.

Tónlistarmennirnir hafa ekkert látið uppi um lagið eða önnur sem kunna að fylgja í kjölfarið en almennt er talið að það verði á væntanlegri sólóplötu Dan the Automator. Albarn vann með þeim tveimur að fyrstu plötu Gorillaz árið 2001.

Damon Albarn hefur annars látið lítið fyrir sér fara undanfarið. Hann og félagar hans í Blur virðast til að mynda ekki ætla að láta undan kröfum aðdáenda sveitarinnar um að hljóðrita nýja plötu. Albarn hefur hins vegar ákveðið að koma fram á tónlistarhátíðinni Manchester International Festival í sumar. Þar mun hann frumflytja nýtt verk sem hann vinnur í samstarfi við leikstjórann Rufus Norris. Verkið kallast Doctor Dee og fjallar um fræðimanninn og gullgerðarmanninn John Dee sem var trúnaðarvinur Elísabetar I. Albarn mun sjálfur syngja í verkinu.



**DAMON ALBARN** Vinnur með Kid Koala og Dan the Automator auk þess að frumflytja nýtt verk í Manchester í sumar.




## > PLATA VIKUNNAR

Steve Sampling - The Optimist

★★★

„Steve Sampling bregst ekki bogalistin á sinni fjórðu plötu.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Lifnar yfir Hörpunni*

Nú styttist í að stóra húsið við höfnina, Harpan, klárist og þar með opnast nýir og spennandi kostir fyrir tónleikahald í Reykjavík. Sinfó og Óperan fá þar inni eins og kunnugt er, en það er líka pláss fyrir alls konar öðruvísi tónleika í þeim fjórum sölum sem eru í húsinu og þegar er farið að selja miða á ýmsa atburði.



**GÓÐUR GESTUR** Snillingurinn Elvis Costello spilar í Hörpu í haust. NORDICPHOTOS/GETTY

Það verður að segjast eins og er að fyrstu popptónleikarnir sem var tilkynnt að yrðu í Hörpu lofuðu ekki mjög góðu. Cyndi Lauper er ekki beint það ferskasta í tónlistinni á árinu 2011 og Dylan-afmælistónleikarnir sem voru auglýstir með viðhöfn eru jú bara tribjút-tónleikar – ekkert að því svo sem, en maður gerði sér vonir um aðeins bitastæðari hluti í þessu dýra og fína húsi.

Og úr rættist. Nú þegar hafa nokkrir mjög spennandi tónleikar verið bókaðir í Hörpu. Í fyrsta lagi skal nefna heimstónlistarsveitina Afrocubism sem spilar í húsinu 28. júní. Þetta er sannkölluð ofursveit sem inniheldur marga af frægustu tónlistarmönnnum Malí og Kúbu. Fyrsta platan, samnefnd sveitinni, kom út í fyrra og er þegar orðin klassík.

Á Listahátíð spila í Hörpunni meðal annarra Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson (20. maí) og spænska gleðisveitin Ojos de Brujo (27. maí), en hún blandar flamenco-tónlist með ýmsum afbrigðum popptónlistar, meðal annars hip-hoppi, reggí og danstónlist.

Og svo er það sjálfur Elvis Costello. Ferill hans er meistaraverkum stráður og hann hefur komið víða við í tónlistinni. Costello spilar allt frá síðpönki yfir í klassík með viðkomu í ýmsum afkimum poppsins. Upplýsingar um það með hvaða sniði tónleikarnir hans í Hörpu verða liggja ekki fyrir, en það má bóka góða kvöldstund. Costello spilar í Hörpu 21. nóvember og miðasalan, sem hófst á þriðjudaginn, fór mjög vel af stað.






**GÓÐIR DÓMAR** Nokkur blöð hafa þegar birt dóma um nýja plötu Fleet Foxes og eru þeir flestir afar jákvæðir.

# Fleet Foxes full af sjálfri sér

**Fleet Foxes var án nokkurs vafa ein af hljómsveitum ársins 2008. Frumburði hljómsveitarinnar var gríðarlega vel tekið, en nú er önnur platan á leiðinni og væntingarnar eru miklar.**

Önnur breiðskífa Fleet Foxes, Helplessness Blues, kemur út í byrjun maí. Í fyrstu átti platan að vera tekin upp á stuttum tíma og forsprakkinn Robin Pecknold sagði í viðtali við tónlistarvefinn Pitchfork að allur söngur ætti að vera tekinn upp í einni tilraun. „Þannig að ef við klúðrum einhverju vil ég halda því á plötunni,“ sagði hann. „Ég vil ekki að raddirnar verði gallalausar og ég vil að það sé gítarklúður.“

Pecknold og félagar hættu svo við þessa hugmynd, hentu því sem þeir voru búnir að taka upp og byrjuðu upp á nýtt. Þeir gáfu sér góðan tíma í upptökurnar og afraksturinn lofar góðu, miðað við titillagið sem er þegar byrjað að hljóma á öldum ljósvakans.

Nokkur tónlistartímarit hafa þegar birt dóma um plötuna, hið bandaríska Spin gefur plötunni níu af tíu mögulegum og í dómnum kemur meðal annars fram að tónlistin sé mýkri en á fyrri plötunni. Þá kemur fram að útsetningarnar séu metnaðarfyllri og áhrifin frá breskum skynörvunarhljómsveitum sjöunda áratugarins áþreifanlegri en amerísku áhrifin sem einkenndu fyrri plötuna. Loks segir í dómi Spin að Fleet Foxes sé undir miklum áhrifum frá Simon & Garfunkel, sérstaklega í titillaginu.

Fleet Foxes var hljómsveit ársins 2008. Fyrsta plata hljómsveitarinnar seldist vel og náði efsta sæti á fjölmörgum listum yfir plötur ársins. Það er því mikil pressa á strákunum í Fleet Foxes, sem eru flestir á miðjum þrítugsaldrinum.

Í viðtali við Rolling Stone í febrúar á þessu ári sagði Robin Pecknold að nýja platan fjallaði um spurningarnar hver við ætlum að vera og hvers vegna við gerum það sem við gerum, ástarsambönd og annað slíkt. „Mér fannst í lagi að fjalla um þessa hluti vegna þess að kynslóðin mín er frekar full af sjálfri sér,“ sagði hann. „Það hefði verið merkingarlaust að heyra mótmælalög um heimsfrið frá okkur.“

atlifannar@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 21. - 27. apríl 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Adele | *Someone Like You* |
| ▲ | 2 | Valdimar | *Yfirgefinn* |
| ▼ | 3 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▲ | 4 | Megas & Senuþjófarnir | *Lengi skal manninn reyna* |
| ▼ | 5 | Jessie J | *Price Tag* |
| ▲ | 6 | Magni | *Ég trúi á betra líf* |
| ▲ | 7 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 8 | Rihanna | *S&M* |
| ▲ | 9 | Dalton | *Viltu þiggja minn koss* |
| ▲ | 10 | Valdimar | *Brotlentur* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 21. - 27. apríl 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Megas og Senuþjófarnir | *(Hugboð um) vandræði* |
| ▲ | 2 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf* |
| ▼ | 3 | Valdimar | *Undraland* |
| ▲ | 4 | Úr leikriti | *Ballið á Bessastöðum* |
| ▶ | 5 | Svavar Knútur | *Amma* |
| ▶ | 6 | Björgvin Halldórsson | *Duet II* |
| ▼ | 7 | Justin Bieber | *My Worlds* |
| ▲ | 8 | Elly Vilhjálms | *Heyr mína bæn* |
| ▲ | 9 | Sin Fang | *Summer Echoes* |
| ▼ | 10 | Ýmsir | *Það er bara þú* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

# GÁÐU. ■ Bíldshöfði 6

# FÁÐU MEIRA EN BARA BÍL

**Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar**

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 6 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Citroën og Mazda, Bíldshöfða 8 og Brimborg á Akureyri, Tryggvabraut 5.

**Gerðu kröfur til okkar**
**Komdu í Brimborg í dag**



**Volvo XC90 SE+ AWD (JP239)**
4,4i V8 bensín 315 hö
7 manna sjálfskiptur
Leðurákl., 18" álfelgur, dráttarb. o.fl.
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 322 g/km
**Gáðu: 4.890.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Volvo XC70 SE AWD (UT314)**
2,5i bensín 210 hö
Station sjálfskiptur
Dráttarbeisli, leðuráklæði, álfelgur o.fl.
Skrd. 11/2006. Ek. 91.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 266 g/km
**Sjáðu: 3.680.000 kr.**

VOLVO



**Volvo V50 S (LKH08)**
2,4i bensín 140 hö
Station sjálfskiptur
Álfelgur, hraðastillir o.fl.
Skrd. 11/2007. Ek. 51.000 km.
Koltvísýringur $CO_2$ 217 g/km
**Gáðu: 2.960.000 kr.**



**Volvo V70 SE (OU704)**
2,4 D5 dísil 185 hö
Station sjálfskiptur
Leðuráklæði, hraðastillir, álfelgur o.fl.
Skrd. 2/2007. Ek. 73.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 209 g/km
**Gáðu: 3.750.000 kr.**

**Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar**

**Með þér alla leið**

Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.

Ford



**Ford Fiesta Trend (LZ465)**
1,6i bensín 100 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 7/2007. Ek. 67.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 176 g/km
**Gáðu: 1.350.000 kr.**



**Ford Mondeo Trend (UT944)**
2,0i bensín 145 hö
5 dyra sjálfskiptur
Hraðastillir, upphitanleg framrúða o.fl.
Skrd. 5/2007. Ek. 64.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 218 g/km
**Sjáðu: 1.690.000 kr.**



**Ford Escape XLT AWD (EI845)**
3,0i V6 bensín 200 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, hraðastillir o.fl.
Skrd. 7/2007. Ek. 85.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Sjáðu: 1.990.000 kr.**



**Ford Transit 300M (OG659)**
2,2TDCi dísil 85 hö
6 dyra 5 gíra
Olíumiðstöð með tímaliða og dráttarb. o.fl.
Skrd. 1/2007. Ek. 64.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 2.180.000 kr.**



**Ford Ka (LDE73)**
1,3i bensín 69 hö
3 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 141 g/km
**Gáðu: 890.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Ford Focus Trend (PX501)**
1,6i bensín 100 hö
5 dyra 5 gíra
Tölvustýrð miðstöð, hraðastillir o.fl.
Skrd. 7/2007. Ek. 89.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 159 g/km
**Sjáðu: 1.390.000 kr.**

Finndu okkur **á fasbókinni**

Brimborg | Max1 | Véland | Saga bílaleiga | Dollar bílaleiga | Thrifty bílaleiga
Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

vistvæn skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.**
**Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

> I'LL BE BACK

Þessu fleygu orð eru eignuð **Arnold Schwarzenegger** úr Terminator. Og nú virðist sitthvað benda til þess að Schwarzenegger ætli að snúa aftur í þetta frægasta hlutverk sitt en bandarískir vefmiðlar voru uppfullir af fréttum þess efnis í gær. Ekkert hefur þó verið staðfest.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ísaldarþríeykið snýr aftur

Þeir Manni, Lúlli og Dýri eru sennilega eitt ólíklegasta þríeyki sem til er: loðfíll, letidýr og sverðtígur. Þeir kynntust fyrst þegar þeir björguðu litlu barni frá blóðþyrstri hjörð Dýra og hafa síðan þá haldið hópinn.

Myndirnar, sem eru orðnar þrjár talsins, hafa notið mikilla vinsælda og skilað gróða upp á 2 milljarða dala, eða 225 milljarða íslenskra króna. Það kemur því ekkert óskaplega á óvart að ráðast eigi í gerð fjórðu myndarinnar, en stefnt er að frumsýningu hennar á næsta ári. Þeir Ray Romano, John Leguizamo og Denis Leary verða sem fyrr í sínum hlutverkum og Queen Latifah snýr að sjálfsögðu aftur í hlutverk Elínar.

Og nú hefur verið tilkynnt að Jennifer Lopez muni bætast í þennan fríða og föngulega hóp þegar hersingin verður vitni að myndun meginlandsins (en þremenningarnir hafa áður upplifað ísöld, bráðnun jökulsins og risaeðluskeiðið). Lopez mun ljá Shiru, þokkafullri sverðtígursynju, rödd sína sem fangar hið annars kalda hjarta Dýra.

Þetta er ekki hið eina sem áhorfendur mega eiga von á frá Ísaldarhópnum, því búið er að skipuleggja sérstakan jólaþátt fyrir sjónvarp og væntanlegur er tölvuleikur fyrir síma.



**GÓÐIR FÉLAGAR** Þeir **Manni, Lúlli og Dýri** snúa aftur í fjórðu myndinni, þar sem þeir fylgjast með myndun meginlandsins. **Jennifer Lopez** bætist í hópinn sem þokkafull sverðtígursynja.



**EKKERT LÁGFLUG** Páfagaukurinn Blu er vinsælastur allra á Íslandi og í Ameríku. Fjölskyldumyndin Hopp, gamanmyndin Arthur, hasarmyndin Hanna og hryllingsmyndin Scream 4 eru allar á topp fimm samkvæmt upplýsingum frá Smáís. F13270411 RIO

# Páfagaukurinn Blu flýgur hátt

Páfagauksmyndin Rio, þar sem Jesse Eisenberg og Anne Hathaway tala fyrir aðalpersónurnar, er vinsælasta kvikmyndin á Íslandi um þessar mundir samkvæmt upplýsingum frá Smáís. Þetta er hliðstætt því sem er að gerast í hinni stóru Ameríku en þar situr páfagaukurinn einnig í efsta sæti. Myndin er frá sömu framleiðendum og gerðu hinar vinsælu Ísaldarkvikmyndir og því er ekkert skrýtið að smáfólkið skuli flykkjast í bíó með foreldrum og forráðamönnum.

Fjölskyldumyndin Hopp hefur einnig notið töluverðra vinsælda og hefur komið sér vel fyrir í öðru sæti. Fast á hæla hennar kemur Arthur með ólíkindatólinu Russell Brand og Óskarsverðlaunaleikkonunni Helen Mirren í stærstu hlutverkunum en í fjórða sæti er hasarmyndin Hanna með Cate Blanchett og Eric Bana. Fimmta vinsælasta kvikmynd vikunnar er síðan hryllingsmyndin Scream 4 úr smiðju Wes Craven.

Íslenska kvikmyndin Okkar eigin Osló getur vel við unað því alls hafa 23 þúsund séð myndina. Heldur minni aðsókn er á Kurteist fólk, en tæplega sex þúsund hafa borgað sig inn á hana.






# Kveðjustund Harry og geimveruslagur í vestrinu

**Sumardagurinn fyrsti rann upp með öllu sínu hreti; vindi og rigningu, eins og hefð er fyrir. Dagurinn markaði einnig upphaf tímabils sem hinn venjulegi kvikmyndahúsagestur hlakkar yfirleitt til: sumarsmellatímans.**



**GLEÐILEGT SUMAR** Hollywood-kvikmyndaverin bjóða upp á miklu veislu í sumar. **Harry Potter** kveður stóra sviðið, Daniel Craig berst við geimverur í villta vestrinu og **Jack Sparrow** snýr aftur með **Penelope Cruz** upp á arminn. Ekki má heldur gleyma hinni heilögu þrenningu í **Hangover**-genginu sem málar Bangkok rauða svo eftir því er tekið.

Á sumrin koma stórmyndirnar frá kvikmyndaverunum í Hollywood. Formúlukenndar og sneisafullar af tæknibrellum, stjörnum hlaðnar gamanmyndir eða framhaldsmyndir; sumarmyndirnar eru kapítuli fyrir sig og gróði þeirra hefur oft bjargað bókhaldinu hjá skuldsettum framleiðslufyrirtækjum.

Sumarið í ár er engin undantekning og þegar líða tekur á næsta mánuð fara myndirnar að skjóta upp kollinum ein af öðrum. Ritstjóri imdb.com, Col Needham, tók saman lista yfir þær myndir sem hann ætlaði að fylgjast sérstaklega með og þar kennir margra grasa. Athygli vekur að hann nefnir ekki þriðju Transformers-myndina eftir Michael Bay, sem verður frumsýnd hér á landi í júlí. Fyrsta myndin í flokknum þótti vel heppnuð hasarmynd með eindæmum en númer tvö, eins og svo oft áður, náði ekki að fylgja þeirri velgengni eftir.

Transformers 3 er síður en svo eina framhaldsmyndin þetta sumarið. Fyrst ber auðvitað að nefna lokakaflann Harry Potter and the Deathly Hallows. Ekki þarf að hafa mörg orð um hana, þetta er síðasta myndin um töfrastrákinn Harry og þar með lýkur tíu ára samfelldri sigurgöngu þessa ævintýris á hvíta tjaldinu. Næst er það fjórða myndin um sjóræningjana á Karíbahafinu. Framleiðsla hennar kom nokkuð á óvart enda voru flestir sammála um að þriðja myndin hefði verið meira en nóg. Framleiðandinn Jerry Bruckheimer tók hins vegar þá ákvörðun að sparka Orlando Bloom og Keiru Knightley frá borði og fá í staðinn Penelope Cruz og miðað við þær stiklur sem hafa birst á netinu gæti sú ákvörðun hafa bjargað þessum annars ágæta sjóræningjabálki.

Col Needham spáir tveimur „hefðbundnum" hasarmyndum miklum frama í miðasölu sumarsins. Annars vegar Cowboys & Aliens eftir leikstjóra Iron Man og hins vegar The Green Lantern með Ryan Reynolds í aðalhlutverki. Kvikmyndaáhugamenn hafa lengi beðið spenntir eftir fyrrnefndu myndinni sem segir frá því, eins og nafnið gefur kannski til kynna, þegar geimverur láta á sér kræla í villta vestrinu. Daniel Craig, Harrison Ford og Sam Rockwell, ásamt þokkagyðjunni Oliviu Wilde, heyja grimmilega baráttu fyrir lífi jarðarbúa með sexhleypum. The Green Lantern er eftir leikstjóra hinnar frábæru Bond-myndar Casino Royale, Martin Campbell, og skartar auk þess Gossip Girl-stjörnunni Blake Lively í aðalkvenhlutverkinu. Super 8 er önnur kvikmynd sem fastlega má gera ráð fyrir að blandi sér í baráttuna um miðana en þar leiða saman hesta sína J. J. Abrams og Steven Spielberg.

Sumargamanmyndirnar eru alltaf vinsælar og gefa stundum hasarmyndunum langt nef þegar þær skríða upp á topp. Hangover II gæti þess vegna skotið öllum dýru tæknibrellutröllunum ref fyrir rass en að þessu sinni leitar hin heilaga þrenning uppi vandræði í Bangkok. Larry Crowne er að mati Col Needham einnig líkleg til vinsælda en þar fá áhorfendur að sjá Tom Hanks og Juliu Roberts saman á hvíta tjaldinu. Og það eitt og sér hljómar mjög söluvænlega. Að endingu er það Friends with Benefits með Milu Kunis og Justin Timberlake í aðalhlutverkum.

freyrgigja@frettabladid.is

# Danskt drama og þrumuguð

Þrjár kvikmyndir eru frumsýndar um helgina og þær gætu vart verið ólíkari. Fyrsta ber að nefna dönsku verðlaunamyndina Hævnen eftir Susanne Bier en hún hlaut bæði Golden Globe og Óskarsverðlaun sem besta erlenda myndin. Hævnen verður sýnd í Háskólabíói á vegum Græna ljóssins en hún, líkt og flestar myndir Bier, tekur á siðferðislegum atriðum eins og hefnd og fyrirgefningu. Þá þykir hún nokkuð beitt ádeila á danskt þjóðfélag, sem er ekki alveg eins slétt og fellt og það gefur sig út fyrir að vera.

Stórmyndin Thor eða Þór með Chris Hemsworth, Natalie Portman og Anthony Hopkins í helstu hlutverkum verður frumsýnd í Laugarásbíói. Þór er í myndinni dæmdur til refsingar á jörðinni fyrir kæruleysi og vanrækslu. Á meðan tekur hinn lævísi Loki völdin í Ásgarði og að endingu neyðist Þór til að kyngja stoltinu og bjarga heimkynnum sínum.

Þriðja myndin er síðan Lincoln Lawyer sem Sambíóin frumsýna. Myndin skartar Matthew McConaughey í kunnuglegu hlutverki sleips lögfræðings með munninn fyrir neðan nefið sem tekur að sér mál glaumgosa en sá reynist vera úlfur í sauðargæru. Í öðrum hlutverkum eru þau Ryan Phillippe, Marisa Tomei og William H. Macy.



**HASAR AF BESTU GERÐ** Kvikmyndin Þór um samnefndan þrumuguð hefur fengið prýðilega dóma og þykir velheppnuð hasarmynd. Danska verðlaunamyndin Hævnen eftir Susanne Bier ætti einnig að falla mörgum vel í geð.


Kiwanis
Hjálmarnir eru hannaðir á Íslandi í samræmi við alla EU öryggisstaðla.
Mikilvægt er að aðstoða börnin við að stilla hjálmana rétt en þeim fylgja leiðbeiningar um notkun á íslensku.
ÓSKABÖRN ÞJÓÐARINNAR
Eimskipafélag Íslands og Kiwanishreyfingin færa öllum grunnskólabörnum sem ljúka 1. bekk í vor reiðhjólahjálm að gjöf undir yfirskriftinni Óskabörn þjóðarinnar. Átaki þessu er nú ýtt úr vör í 8. sinn, en frá upphafi hafa um 30.000 börn fengið hjálm í forvarnarverkefninu sem unnið er í góðu samstarfi við grunnskóla landsins. Lætur nærri að það séu um 10% þjóðarinnar.
Styðjum að öryggi barnanna okkar í umferðinni með því að láta þau vera með hjálm þegar þau hjóla út í sumarið.
VIÐ UPPFYLLUM ÞRJÁR ÓSKIR
Óskabörn þjóðarinnar á Facebook
EIMSKIP
Yfir hafið og heim
Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**10 MILLJÓNIR** dala er verðmiðinn sem Osbourne-hjónin Ozzy og Sharon hafa sett á húsið sitt í Malibu, eða 1,2 milljarðar króna. Það er því sex sinnum dýrara en hús Jóhannesar Jónssonar fyrir norðan sem seldist nýverið fyrir 200 milljónir.



**U2** Larry Mullen Jr. (lengst til hægri) hefur leikið í sinni fyrstu mynd.

## Trommari á hvíta tjaldið

**Larry Mullen Jr., trommari írsku hljómsveitarinnar U2, leikur í myndinni Man on the Train sem verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í næsta mánuði. Þetta er fyrsta kvikmyndahlutverk trommarans. Á meðal mótleikara hans er Donald Sutherland, sem hefur væntanlega gefið trommaranum góð ráð við tökurnar. Man on the Train er endurgerð franskrar myndar frá árinu 2002. Mullen leikur mann sem ákveður að ræna banka í smábæ. Trommarinn tekur einnig þátt í framleiðslu myndarinnar, auk þess sem hann samdi tónlistina.**

# Quarashi snýr aftur í júlí

**Quarashi kemur saman á nýjan leik á Bestu útihátíðinni sem verður haldin í júlí. Söngvarinn Höskuldur Ólafsson snýr aftur eftir að hafa hætt óvænt árið 2003.**

Rappsveitin Quarashi, sem hætti störfum árið 2005, hefur ákveðið að snúa aftur og spila á Bestu útihátíðinni sem verður haldin aðra helgina í júlí. Tíðindin eru óvænt, sérstaklega í ljósi þess að forsprakkinn Sölvi Blöndal vísaði endurkomunni algjörlega á bug í samtali við Fréttablaðið í síðasta mánuði.

Endurkoma Quarashi er sérstök að því leyti að þetta verður í fyrsta skiptið sem rappararnir Höskuldur Ólafsson, Steinar Fjeldsted, Ómar „Swarez" Hauksson og Egill „Tiny" Thorarensen koma allir saman fram með sveitinni.

Höskuldur hætti óvænt í Quarashi árið 2003. Hann hefur undanfarin tvö ár stundað meistaranám í Norwich á Englandi, fyrst í listfræði og síðan í heimspeki. Hann telur að fimmtán ára afmæli sveitarinnar hafi eitthvað með endurkomuna að gera. „Ég var búinn að segja skilið við þennan kafla lífs míns fyrir löngu. Þetta hefur komið upp reglulega í gegnum árin, svona kommbakk, en við höfum aldrei tekið þau boð neitt alvarlega," segir Höskuldur. „Ég sagði skilið við Quarashi þegar ég var 25 ára og ég er núna 33 ára. Það er enginn maður yfir 35 að fara að flytja þessi lög aftur, þannig að það var nú eða aldrei."

Hann segist hafa þurft að hugsa sig vel um áður en hann ákvað að vera með á nýjan leik, enda mikið að gera í skólanum og útskrift fram undan í september. „Ég þarf eiginlega að læra þessi lög aftur upp á nýtt og þyrfti helst að fara út að hlaupa. Ég er ágætlega á mig kominn þrátt fyrir að hafa setið yfir námsbókunum í hátt í tvö ár en það er ekki fyrir hvern sem er að rappa fimm hundruð orð á mínútu."

Spurður út í brotthvarf sitt úr Quarashi á sínum tíma og þrálátan orðróm um ósætti við upptökustjórann og trommarann Sölva Blöndal gefur Höskuldur upp tvær útskýringar, þá opinberu og þá réttu: „Við vorum búnir að vera að túra í eitt og hálft ár og ég var ástfanginn af ungri stúlku á þessum tíma sem ég saknaði mjög mikið. Þess utan var ég hálfnaður með BA-nám í íslensku og bókmenntafræði sem mig langaði að taka upp aftur," greinir hann frá. „En samband okkar Sölva var líka komið á svolítið hálan ís. Það gerist oft þegar tveir skapandi menn sem eru ekki hræddir við að segja sína skoðun koma saman. Við vorum að klára Evróputúr og vorum í lest á leið frá Mílanó til Amsterdam. Sem við keyrum inn í stór og löng jarðgöng í svissnesku Ölpunum byrjuðum við Sölvi að rífast um hvort Spinal Tap væri alvöru mynd eða ekki. Þegar við komum út úr þeim var ljóst að samstarfið var á enda runnið. Við sáum ljósið."

> „Maður fer nú ekki að vekja upp þennan dauða hest. Eins vænt og mér þykir um Quarashi þá er þetta ekki að fara að gerast.
>
> SÖLVI BLÖNDAL FRÉTTABLAÐIÐ 31. MARS 2011

Hin útskýring Höskuldar er þessi: „Við vorum á leiðinni út á flugvöll eftir gigg í Amsterdam eða London og sem ég stíg upp í bílinn átta ég mig á að ég hef gleymt símanum uppi á herbergi. Á leiðinni niður festist lyftan. Strákarnir gátu að sjálfsögðu ekki beðið eftir mér því það var aðeins klukkutími þar til vélin færi í loftið. Þegar ég kem heim til Íslands nokkrum mánuðum seinna eru þeir búnir að skipta mér út fyrir Tiny."

Spurður hvort það hafi virkilega tekið hann nokkra mánuði að losna úr lyftunni útskýrir hann að hann hafi lent í sérstaklega slæmum umferðarhnút á leiðinni út á flugvöll.

Hann segist aðeins ætla að koma fram á þessum einu tónleikum í sumar en veit ekki með hina í hljómsveitinni. Spurður hvort hann mæti ekki í toppformi segir hann: „Ég geri mitt besta. Að vísu hefur okkar form verið mjög furðulegt í gegnum tíðina. Ég man að einu sinni spiluðum við í Washington DC fyrir framan fjörutíu þúsund manns. Þá var Steini í hjólastól eftir að hafa stokkið út í áhorfendaskarann á tónleikum í Rhode Island þannig að ég held að mitt form verði seint slæmt ef það er sett í samhengi við formið á Steina þá."

freyr@frettabladid.is



**FYRIR FIMMTÁN ÁRUM** Hljómsveitin Quarashi þegar hún var að stíga sín fyrstu skref fyrir fimmtán árum. Frá vinstri eru Höskuldur Ólafsson, plötusnúðurinn Richard Hauksson og Steinar Fjeldsted. Sölvi Blöndal krýpur fyrir framan þá. MYND/ÞÖK

### FARSÆLL FERILL QUARASHI

Á átta ára ferli sínum seldi Quarashi um 400 þúsund plötur á heimsvísu og hélt hundruð tónleika í fjórum heimsálfum. Allar plötur sveitarinnar náðu gullsölu á Íslandi og seldust samanlagt í 30 þúsund eintökum. Á árunum 2000-2003 var sveitin á mála hjá Columbia Records og EMI Music í Bandaríkjunum. Frumraun hennar á Bandaríkjamarkaði, Jinx, varð mjög vinsæl eftir að lagið Stick 'Em Up fékk útgáfu þarlendis árið 2002.

Myndband sveitarinnar við Stick 'Em Up var tilnefnt til MTV-verðlaunanna sem besta myndbandið það árið.


DUROL BURSTAMOTTAN




- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is





SAMTÖK UM SÖGUTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU

SÖGUSLÓÐIR 2011

FERÐALAG TIL FORTÍÐAR

MÁLÞING Í NORRÆNA HÚSINU FÖSTUDAGINN 29. APRÍL

DAGSKRÁ:

| | |
|---|---|
| 14:00 | Setning Söguslóða 2011<br>Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður markaðssókn Íslandsstofu |
| 14:15 | Ásborg Arnþórsdóttir: *Samtök um sögutengda ferðaþjónustu* |
| 14:30 | Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir: *Stefnumót hönnuða og bænda* |
| 15:00 | Margrét Ákadóttir: *Hallveig og konur á Sturlungaöld* |
| 15:15 | Kaffihlé |
| 16:00 | Agne Säterberg og Maria Blomster:<br>*How to make living history at Gene Ironage farm* |
| 16:30 | Emily Lethbridge: *Íslenskir söguslóðir; Nútíma pílagrímaferð* |
| 16:45 | Margét Vilhjálmsdóttir: *Gestirnir sem Þátttakendur* |
| 17:00 | Málþingsslit |

**Málþingsgjald 4.000 kr.** Skráning: asborg@ismennt.is
Gjald fyrir nemendur 2.000 kr.

**Laugardaginn 30. apríl verður Norræna húsið opið almenningi frá kl. 11:00 - 17:00 þar sem félagsmenn kynna fjölbreytta sögutengda starfsemi um allt land í sumar.**

WWW.SOGUSLODIR.IS


Bíó ★★★

**Arthur**

Leikstjóri: Jason Winer

**Aðalhlutverk:** Russell Brand, Greta Gerwig, Helen Mirren

## Góðlátlegt grín

Arthur er endurgerð samnefndrar kvikmyndar frá árinu 1981 þar sem Dudley Moore heitinn leikur drykkfellda milljónamæringinn Arthur Bach sem verður ástfanginn af stelsjúkri gengilbeinu. Fjölskylda hans vill hins vegar að hann kvænist stúlku af góðum ættum og hótar að gera Arthur arflausan verði hann ekki við þeim óskum.

Í þessari nýju uppfærslu er það breski spaugarinn Russell Brand sem fer með hlutverk Arthurs. Hann gerir það nokkuð vel þrátt fyrir að vera ekki jafn fyndinn og forveri hans í rullunni. Á meðan gamli Arthur var fyrst og fremst þvoglumælt fyllibytta og leiðindaseggur er sá nýi sympatískari og mannlegri. Úr verður að nýja myndin kom mér töluvert sjaldnar til að hlæja en dramatíkin fannst mér sterkari.

Greta Gerwig er þrælfín í hlutverki almúgastelpunnar og hefur reyndar vinninginn þar fram yfir Lizu Minelli, sem ég skildi aldrei almennilega hvað Arthur sá við í frumgerðinni. Skemmtilegustu persónu gömlu myndarinnar hefur þó verið breytt úr brytanum sem John Gielgud lék svo stórkostlega yfir í „barnfóstru" en það er Helen Mirren sem reynir að tækla það og tekst ágætlega.

Þó andlitslyfting myndarinnar hafi tekist betur en ég þorði að vona hlýtur maður samt að spyrja sig hvers vegna frábær gamanmynd er gerð upp á nýtt með ekki meiri breytingum en hér hafa verið gerðar, en innst inni veit maður auðvitað svarið.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Krúttleg, rómantísk gamanmynd sem er brosleg frekar en fyndin.

A Member of
The Linde Group | AGA




# AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

**ÍSAGA ehf. • www.gas.is**
**Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000**

***Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:***
*ÍSAGA:* Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - *Verslanir BYKO*

***Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:***
*Selfoss:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. *Vestmannaeyjar:* Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar, s. 481 3226. *Sauðárkrókur:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. *Reyðarfjörður:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840. *Ísafjörður:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. *Akureyri:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.



BEÐIÐ EFTIR BRÚÐKAUPINU
Sif Sigmarsdóttir

# Rómantískir veðbankar

Daginn eftir að tilkynnt var um trúlofun Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton 16. nóvember síðastliðinn settist Lundúnabiskupinn Pete Broadbent við tölvuna sína og loggaði sig inn á Facebook. Hann smellti á „status“ takkann og tók að pikka á lyklaborðið. Úr varð fyrsti stórskandallinn tengdur konunglega brúðkaupinu sem fram fer í Westminster Abbey á morgun.

Eftir að hafa hispurslaust lýst skoðunum sínum á konungsfjölskyldunni fyrir heimsbyggðinni gegnum Facebook spáði biskup hjónabandi skötuhjúanna aðeins sjö ára endingartíma. Fyrir tilgátu sína uppskar hann svo víðtæka fordæmingu að hann neyddist til að segja sig frá skyldum sínum.

Í ljósi dræms hjónabandsárangurs bresku konungsfjölskyldunnar í seinni tíð er skrýtið að orð Pete biskups hafi valdið usla. Meira að segja brúðhjónin sjálf virðast óttast skilnað. Erkibiskup Kantaraborgar, Dr. Rowan Williams, sem gefa mun hjónakornin saman segir þau Vilhjálm og Kate hafa rætt við sig um áhyggjur sínar af líftíma hjónabandsins. Þau telji að krafan um að þau lifi fyrir opnum tjöldum eins og konungsfjölskyldunni sæmir geti átt þátt í að stytta hann í annan endann. Áhyggjur þeirra eru ekki úr lausu lofti gripnar.

## Skipbrot hjónabandsins

Í gagnorðri yfirlýsingu vorið 1978 tilkynnti Margrét prinsessa heitin, yngri systir Elísabetar Englandsdrottningar, um lok hjónabands síns og Snowdon lávarðar. Brúðkaup þeirra árið 1960 hafði verið fyrsta brúðkaupið innan bresku konungsfjölskyldunnar sem sýnt var í sjónvarpi. Endalok hjónabands prinsessunnar þóttu áfall. Fram að skilnaði Margrétar hafði enginn meðlimur konungsfjölskyldunnar slitið samvistir síðan Hinrik VIII lét ógilda hjónaband sitt við fjórðu konu sína, Anne af Cleves, árið 1540.

Það var svo árið 1992 sem hjónabönd Windsor ættarinnar biðu skipbrot. Það herrans ár skildu Karl Bretaprins og Díana prinsessa að borði og sæng, samband Andrews hertoga af York, bróður Karls, og Söru Ferguson fjaraði út og Anna prinsessa, systir þeirra, skildi við mann sinn Mark Phillips. Aðeins eitt barna Elísabetar Englandsdrottningar er ekki fráskilið, Játvarður jarl af Wessex.



MUN ÁSTIN ENDAST? Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton ganga upp að altarinu á morgun. Mikill áhugi er fyrir brúðkaupinu um allan heim. Bæði RÚV og Stöð 2 sýna beint frá athöfninni á morgun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Best fyrir 2020

Ekki er því að undra að um leið og fregnir bárust af bónorði Vilhjálms hafi hugmyndir um skilnað farið á kreik. Í breskum veðbönkum er nú meira að segja hægt að veðja um hve lengi hjónaband Vilhjálms og Kate muni vara. Líkurnar á að þau verði skilin fyrir árið 2020 eru einn á móti átta. Rómantíkin virðist sem sé svífa yfir vötnum í veðmálabransanum; andstætt mati Pete biskups og þvert á fordæmi sögunnar spáir hann hjónabandi Vilhjálms og Kate langlífi. Vonum að veðbankarnir hafi á réttu að standa.

# Felix og Greifarnir saman á ný

„Við Felix [Bergsson] erum byrjaðir að bóka, það verða ýmsar kempur í þessum þáttum sem hafa ekki verið áður,“ segir Gunnar Lárus Hjálmarsson, betur þekktur sem Dr. Gunni. Upptökur á sjöundu seríunni af Popppunkti hefjast 18. maí en þættirnir fara í loftið hinn 28. maí.

Þessi spurningakeppni íslenskra poppara hefur notið mikilla vinsælda, meira en hundrað þættir hafa verið framleiddir og það verður enginn hörgull á stórstjörnum í þessari þáttaröð. Meðal þeirra sem taka þátt eru reynsluboltarnir í Mezzoforte en Gunnar tekur skýrt fram að þar sé um upphaflega liðsskipan að ræða. Þá hyggjast þungarokkarnir í Skálmöld og blússveitin Klassart láta ljós sitt skína, sem og Todmobile, en sú sveit skartar nú nýjum Eyþóri í broddi fylkingar, Eyþóri Inga sem sigraði bæði í Ladda-eftirhermukeppninni og Bandinu hans Bubba. Ekki má heldur gleyma Stjörninni, hljómsveitinni Valdimar, Melchior og leikkvennahljómsveitinni Heimilistónum.

Stóru tíðindin eru hins vegar þau að Greifarnir ætla að láta reyna á þekkingu sína og verður forvitnilegt að sjá þegar Felix og hljómsveitin endurnýja kynnin.



ENDURNÝJA KYNNIN Felix Bergsson og Greifarnir endurnýja kynnin í nýjustu Popppunktsseríunni, Felix verður þó spyrill eftir sem áður. Dómarinn og spurningahöfundurinn Dr. Gunni segir að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af hlutleysi spyrilsins; hann ráði hvort eð er engu í þáttunum.

Felix var sem kunnugt er söngvari sveitarinnar á velmektarárum hennar. „Hlutleysi spyrils verður ekkert hægt að draga í efa, Greifarnir eru fyrir löngu búnir að losa sig við Felix og svo ræður hann engu í þáttunum,“ segir Dr. Gunni. - fgg


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 3D Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 2D ENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 8 - 10.10 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 8 - 10.15* KRAFTSÝNING | 16 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 | 16 |
| HANNA | KL. 10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THOR | 5, 7.30 og 10 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 6 |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

NÚMERUÐ SÆTI Í SAMBÍÓIN KRINGLUNNI www.SAMbio.is

SAMBÍÓIN



POWERSÝNING 10.30 Í ÁLFABAKKA
MATTHEW McCONAUGHEY
THE LINCOLN LAWYER
arthur - EMPIRE
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THOR kl. 5:30 - 8 - 10:30 POWERSÝNING | | 12 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LINCOLN LAWYER | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.40 | L |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 5:30 - 8 - 10 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DREKABANAR | KL. 6 | L |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 | L |

tryggðu þér miða á www.SAMbio.is

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 22:10 |
| ÞÖGLAR MYNDIR: THE WIND | 20:00 |



BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Er heimilið örugglega öruggt?

Fáðu ráðgjöf og tilboð hjá Trausta öryggisráðgjafa
**á oryggi.is**




PIPAR\TBWA • SÍA • 111020

Á oryggi.is getur þú með einföldum og fljótlegum hætti fengið vandaða öryggisráðgjöf og tilboð í öryggiskerfi sem hentar þínu heimili eða sumarhúsi.

**Kíktu á Trausta öryggisráðgjafa á oryggi.is og láttu hann ráðleggja varðandi kerfi og gera þér verðtilboð.**

**Heimaöryggi** · Sumarhúsaöryggi · Öryggishnappur · Öryggisvörur · Öryggisgæsla

ÖRYGGI ◯ VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁGÚST BJÖRGVINSSON** hefur skrifað undir samning við Valsmenn um að þjálfa kvennalið félagsins og koma að barna- og unglingastarfi félagsins. Hann snýr því aftur heim til Vals eftir átta ára fjarveru þar sem hann þjálfaði á þrettán ára tímabili nær alla flokka félagsins. Ágúst tekur við af Yngva Gunnlaugssyni sem kom stelpunum aftur upp í efstu deild í vetur en ætlar nú að einbeita sér að karlaliði félagsins.



**EIÐUR OG HANGELAND** Fagna hér þriðja marki Fulham. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Eiður Smári með Fulham:

## Lagði upp mark í flottum sigri

**FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen átti flottan leik með Fulham í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi þegar liðið vann 3-0 heimasigur á Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton. Eiður fékk tvö frábær færi til að skora í fyrri hálfleik og lagði síðan upp annað mark Fulham í upphafi seinni hálfleiks.**

**Eiður Smári hefur verið í byrjunarliði Fulham í síðustu tveimur leikjum og hefur staðið sig vel í þeim báðum en það hefur bara vantað að hann skoraði fyrsta markið fyrir félagið.**

**Grétar Rafn Steinsson meiddist á hné í seinni hálfleik og þurfti að fara meiddur af velli á 67. mínútu. Clint Dempsey skoraði tvö fyrstu mörk Fulham og Norðmaðurinn Brede Hangeland skoraði síðan þriðja markið með skalla á 65. mínútu eftir aukaspyrnu frá Danny Murphy. Eiður Smári átti mikinn þátt í seinna marki Dempsey á 48. mínútu. Eiður plataði þá vörn Bolton með laglegri hælspyrnu eftir stutta hornspyrnu og boltinn fór til Dempsey sem kom boltanum yfir línuna.** - óój



**GUÐMUNDUR HÓLMAR** Mætir í Kaplakrika á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðmundur Hólmar:

## Fer ekki í bann

**HANDBOLTI** Akureyringurinn Guðmundur Hólmar Helgason verður með í öðrum úrslitaleiknum á móti FH í Kaplakrika á morgun þrátt fyrir að hafa fengið rautt spjald á lokasekúndunum í fyrsta leiknum.

Dómarar leiksins, Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, slepptu því að senda inn agaskýrslu og því var ekki hægt að dæma Guðmund Hólmar í leikbann. Guðjón L. Sigurðsson, formaður dómaranefndar HSÍ, sagði í viðtali á Vísi í gær að hann væri ekki sammála þeirri ákvörðun dómaranna að senda ekki inn skýrslu.

„Þeir telja að rauða spjaldið hafi ekki átt sér stað fyrr en í fjórða skrefi eða eftir leyfilegan skrefafjölda. Fyrst leikmaðurinn var kominn úr færinu á meðan allt var löglegt, innan gæsalappa, kalli atvikið ekki á skýrslu. Ég met þá skýringu og túlkun þeirra en er aftur á móti ekki eins sannfærður og þeir,“ sagði Guðjón en hann mun senda atvikið til handknattleikssambands Evrópu, EHF, og fá úr því skorið hvort þetta sé rétt mat hjá Antoni og Hlyni. Það mun aftur á móti ekki hafa nein áhrif á málið. - óój, hbg

**pepsi deildin**

***Spá Fréttablaðsins fyrir sumarið 2011 í Pepsi deild karla***

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1.** ??? | **5.** ??? | **9.** Grindavík | *35 stig* |
| **2.** ??? | **6.** ??? | **10.** Víkingur | *34 stig* |
| **3.** ??? | **7.** ??? | **11.** Stjarnan | *33 stig* |
| **4.** ??? | **8.** ??? | **12.** Þór *Akureyri* | *12 stig* |

***Lykilmenn liðanna***

***Ólafur Örn Bjarnason, Grindavík*** Það mun mikið mæða á Ólafi Erni í sumar, bæði í hlutverki þjálfarans sem og að binda saman varnarleik liðsins inn á vellinum en Ólafur verður algjör lykilmaður í miðri vörninni.

***Helgi Sigurðsson, Víkingi*** Mun spila aftur með Víkingi í efstu deild eftir 19 ára fjarveru og átti mikinn þátt í því að liðið komst upp í fyrra. Liðið mun áfram treysta á mörk frá þessum mikla markaskorara sem er jafnframt aðalleiðtogi liðsins.

***Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni*** Var aðalmaðurinn í sóknarleik Stjörnunnar síðasta sumar og jafnramt aðalstjarnan í gleðileik liðsins. Það mun ekki breytast í sumar en mörkunum og gleðileikjunum gæti þó fækkað.

***Atli Sigurjónsson, Þór Akureyri*** Er ekki orðinn þekkt nafn í íslenskum fótbolta en það gæti breyst fljótt í sumar haldi hann áfram að skora og leggja upp mörk fyrir Þórsliðið eins og hann gerði síðasta sumar. Gunnar Már og David Disztl mun treysta á sendingar frá Atla.



***X-faktorinn***

***Gilles og Grétar farnir frá Grindavík*** Grindvíkingar eru búnir að missa tvo aðalmarkaskorara sína í Gilles Ondo, markakóng deildarinnar síðasta sumar, og Grétar Hjartarson, markahæsta leikmann félagsins frá upphafi. Það þarf því einhver annar að skora mörkin í sumar.

***Björgólfur Takefusa, Víkingi*** Björgólfur hefur verið einn aðalmarkaskorari deildarinnar undanfarin ár og getur með reynslu sinni og marksækni hjálpað nýliðunum að festa sæti sitt í deildinni. Það verður fróðlegt að fylgjast með samvinnu hans og Helga Sig. en þeir hafa skorað saman 137 mörk í efstu deild.

***Garðar Jóhannsson, Stjörnunni*** Garðar stoppaði stutt í Garðabænum síðasta sumar en nú mun sóknarleikur liðsins snúast mikið um hans frammistöðu. Garðar á enn eftir að eiga eitt alvöru markasumar í úrvalsdeildinni hér heima en eitt slíkt myndi breyta miklu fyrir Stjörnuna.

***Gunnar Már Guðmundsson, Þór Akureyri*** Gunnar Már náði ekki að vinna sér fast sæti í byrjunarliði FH í fyrra en skoraði engu að síður mikilvæg mörk. Nú ætti hann að vera kominn í hlutverk sem hann þekkir frá dögum sínum sem Herra Fjölnir og reynsla hans og fjölhæfni munu koma sér vel fyrir nýliðana.

# Stjarnan og Þór munu falla í haust

**Fréttablaðið spáir fyrir um gang mála í Pepsi-deild karla sem hefst eftir aðeins þrjá daga. Í dag skoðum við fallbaráttuna þar sem við spáum að muni berjast Grindavík, Víkingur, Stjarnan og Þór Akureyri.**

**FÓTBOLTI** Það stefnir í spennandi fallbaráttu í Pepsi-deildinni ef marka má spá íþróttablaðamanna Fréttablaðsins. Nýliðar Þórsara fengu reyndar langfæst stigin í spánni enda með reynslulaust lið og óþekkta leikmenn í flestum stöðum en það munaði bara tveimur stigum á liðunum í níunda til ellefta sæti. Samkvæmt spá Fréttablaðsins mun ekki miklu muna á liðum Grindavíkur, Víkings og Stjörnunnar í sumar en það eru þó Garðbæingar sem þurfa að sætta sig við að falla úr deildinni í haust.

Fréttablaðið spáir því að Grindavík verði í 9. sæti og hækki sig um eitt sæti frá því í fyrra. Grindvíkingar voru ein af vonbrigðum síðasta sumars enda í fallbaráttu allt sumarið þrátt fyrir að vera með góðan mannskap. Ólafur Örn Bjarnason tók við liðinu í júní og undir hans stjórn batnaði leikur liðsins og þá ekki síst með tilkomu hans í vörnina og að Orri Freyr Hjaltalín kom inn á miðjuna. Einn af fáum ljósum punktum sumarsins var frammistaða Gilles Ondo sem tryggði sér gullskóinn með því að skora 14 af 28 mörkum liðsins. Gilles er nú farinn frá liðinu og það gæti orðið erfitt fyrir liðið að fylla í hans skarð í framlínunni.

Fréttablaðið spáir því að nýliðar Víkinga nái 10. sæti og bjargi sér frá falli. Víkingar voru stórtækir á leikmannamarkaðnum og yfirlýsingaglaðir í framhaldinu. Óvænt þjálfaraskipti í mars og svo slakt gengi á undirbúningstímabilinu hefur örugglega dregið aðeins úr bjartsýninni í Stjörnugrófinni. Andri Marteinsson, fyrrum þjálfari Hauka, tók við liðinu af Leifi Garðarssyni og mun reyna að forðast það að falla úr deildinni annað árið í röð. Víkingar hafa verið jó-jó lið síðan þeir féllu 1993, tveimur árum eftir að þeir urðu Íslandsmeistarar og forgangsatriðið er að festa liðið í deildinni.





**ÞESSARA VERÐUR SAKNAÐ Í SUMAR** Gilles Ondo, markakóngur Pepsi-deildar karla 2010, og Steinþór Freyr Þorsteinsson eru farnir úr deildinni og Grindavík og Stjarnan þurfa að leysa fjarveru þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM OG ANTON

Fréttablaðið spáir að Stjörnumenn endi í 11. sæti og falli úr deildinni í haust. Stjörnumenn fá í fyrsta sinn í sögu félagsins tækifæri til að spila sitt þriðja ár í deildinni en ólíkt síðustu sumrum þá þurfa þeir að spila án Steinþórs Freys Þorsteinssonar sem var aðalmaðurinn í hröðum upphlaupum liðsins undanfarin tvö tímabil. Tölfræðin sýnir líka mikilvægi hans, 1,5 stig og 2,2 mörk í leik með hann í byrjunarliðinu en aðeins 0,7 stig og 1,5 mörk í leik án hans. Steinþór og Stjörnuliðið komu eins og stormsveipur inn í deildina tvö síðustu sumur og það mun því reyna á Bjarna Jóhannsson þjálfara að leysa fjarveru Steinþórs í sumar. Það verður samt hægt að treysta á að leikgleðin og samheldnin verði áfram aðall liðsins en það mun líka skipta máli hvernig markverðinum Ingvari Jónssyni reiðir af á sínu fyrsta tímabili í efstu deild en hann mun leysa af Bjarna Þórð Halldórsson sem fór aftur í Fylki.

Fréttablaðið spáir að nýliðar Þórs frá Akureyri endi í 12. og síðasta sætinu. Akureyri á nú lið í úrvalsdeild karla í fyrsta sinn síðan 2004 en það er alveg óhætt að segja að Þórsliðið sé nánast óþekkt stærð þegar það mætir til leiks í úrvalsdeildinni í fyrsta sinn í níu ár. Þórsarar hafa byggt upp sitt lið og koma upp í deildina á eigin forsendum en það mun koma sér vel að fá reynslubolta eins og Gunnar Már Guðmundsson með sér í baráttuna.

Páll Viðar Gíslason tók við Þórsliðinu á miðju síðasta tímabili þegar Lárus Orri Sigurðsson hætti, stóðst prófið og kom liðinu upp. Nú bíður hans og ungs liðs hans mikil prófraun í hópi þeirra bestu. Fyrsti leikurinn (Víkingur í 1. umferð) og fyrsti heimaleikurinn (Stjarnan í 3. umferð) ættu að vera frábært tækifæri fyrir liðið að komast vel af stað og oftar en ekki nýtist það liðum ágætlega að vera spáð júmbósætinu fyrir mót.

Þetta er fyrsta umfjöllun Fréttablaðsins af þremur en næst verður farið yfir þau fjögur lið sem munu verða um miðja deild í sumar. Að lokum verður síðan hugað að liðunum fjórum sem verða í titilbaráttunni í sumar.

ooj@frettabladid.is

Barcelona vann 2-0 sigur á Real Madrid í fyrri undanúrslitaleik liðanna í Meistaradeildinni í gærkvöldi:

# Messi sá um Mourinho og læriveina hans

**FÓTBOLTI** Það lítur allt út fyrir að það verði Barcelona og Manchester United sem spila úrslitaleik Meistaradeildarinnar á Wembley eftir rúman mánuð.

Bæði liðin fóru heim með 2-0 forskot eftir fyrri leikinn, United vann Schalke í fyrrakvöld og Barcelona vann síðan 2-0 sigur á erkifjendum sínum á Santiago Bernabéu í gær.

Argentínumaðurinn Lionel Messi sýndi snilli sína með tveimur mörkum á síðustu fjórtán mínútum leiksins og sá til þess að leiksins verður ekki minnst fyrir farsans í fyrri hálfleik þegar leikmenn liðanna einbeittu sér meira að því skapa illindi en að spila fótbolta.

Það var oft við það að sjóða upp úr í fyrri hálfleiknum og það þurfti líka að ganga á milli liðanna á leið sinni til búningsklefa í hálfleik. Það var þó einkennandi fyrir þessi „uppþot“ leikmanna að það var verið að gera mikið úr litlu sem engu.



**LIONEL MESSI** Besti knattspyrnumaður heims fagnar tvennu sinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

José Manuel Pinto, varamarkvörður Barcelona, nældi sér hinsvegar í rautt spjald í látunum í hálfleiknum og Barcelona var því varamarkvarðarlaust í seinni hálfleik.

Leikurinn breyttist á 61. mínútu þegar Pepe fékk beint rautt spjald fyrir brot á Daniel Alves en dómurinn var mjög harður og í kjölfarið var Jose Mourinho rekinn upp í stúku.

Messi skoraði síðan mörkin sína á 76. og 87. mínútu, fyrst af stuttu færi eftir sendingu frá varamanninum Ibrahim Afellay en svo eftir að hafa labbað í gegnum vörn Real. Messi skoraði þarna sitt ellefta mark í ellefu leikjum í Meistaradeildinni á tímabilinu og sitt 52. mark í 50 leikjum í öllum keppnum á leiktíðinni. - óój




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT3 SPORT4 SPORT5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**1000 HÁTT Í ÞÚSUND MANNS** hafa skráð sig á opin mót sem haldin verða á sunnudaginn, að því er fram kemur á kylfingi.is. Mótin verða meðal annars Hellu, Hlíðavelli, Suðurnesjum og í Sandgerði.

Lárus L. Blöndal lögmaður þykir liðtækur golfari sem hefur farið holu í höggi:

## Sá ekki kúluna fara ofan í

„Ég fékk golfsett í fertugsafmælisgjöf og það má eiginlega segja að það sé upphafið að því að ég fór að stunda þessa íþrótt. Að vísu drógu félagar mínir mig á völlinn sumarið áður og þá náði ég að fara eina par þrjú holu og það sem meira er þá var það blint innáhögg. Það voru strákar sem sátu í kringum holuna og þeir klöppuðu fyrir mér enda var ég í fuglafæri,“ segir Lárus hreykinn af fyrstu kynnum sínum af golfíþróttinni. Stuðningur strákanna og þetta fína innáhögg ýtti undir áhugann hjá lögfræðingnum.

Lárus hefur spilað golf í um níu ár. Hann segist reyna að vera duglegur að spila þó ekki gefist alltaf tími til þess. En hvað er það sem heillar hann við íþróttina? „Maður fær fína hreyfingu út úr þessu og ákveðna spennu. Svo er þetta mjög erfið íþrótt og það er mikil áskorun að ná árangri í henni,“ segir hann.

Lárus fer reglulega til heitari landa til að sveifla kylfunni og var staddur í Alicante þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Árangurinn hjá mér á vellinum er því miður undir væntingum. Forgjöfin er núna í 13,7 þannig að þetta er þó aðeins að koma. Það er hins vegar galli hvað ég hef lítinn tíma því þetta er með því skemmtilegra sem ég geri,“ segir Lárus.



**Á GOLFVELLINUM** Lárus L. Blöndal er duglegur að spila golf í öðrum löndum. Hér stendur hann á teig á golfvelli á Alicante. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hann hefur verið viðloðandi þó nokkrar íþróttir og er varaforseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. „Ég tel mig ennþá vera í einhverju sem líkist fótbolta, þótt það megi deila um það, en ég spila tvisvar í viku,“ segir hann hlæjandi, „ef bakið er ekki að hrella mig.“

Lárus spilar meðal annars reglulega golf með Ellerti B. Schram, Stefáni Konráðssyni og Erni Andréssyni. Þeir félagar hafa gjarnan farið í þriggja til fjögurra daga ferðir til annarra landa, aðallega Skotlands. „Þessar ferðir hafa yfirleitt verið til að starta sumrinu og þá spilum við 36 holur á dag.“ Lárus hefur einnig spilað golf með kunnáttumönnum í íþróttinni, til dæmis Colin Montgomerie á Lexusmóti, á einum af uppáhaldsgolfvöllum sínum, Turnberry í Skotlandi.

Lárus fór eitt sinn holu í höggi á 2. brautinni á golfvelli Garðabæjar og Kópavogs en sá því miður ekki þegar kúlan fór ofan í holuna. „Það var mjög gaman að fara holu í höggi en því miður náði ég ekki að njóta þess til botns. Ég sló með sjöjárni en brautin er um 157 metrar á lengd. Mér fannst boltinn vera of langur svo ég hætti að horfa á eftir honum og beygði mig á eftir tínu. Svo fóru félagar mínir allt í einu að orga. Ég hélt að þeir væru að stríða mér en svo reyndist kúlan vera ofan í,“ segir Lárus hlæjandi þegar hann rifjar upp draumahöggið. „Ég á allavega skilti upp á það að hafa farið holu í höggi.“ - kh

### Hollráð Hinna

#### Golftímabilið að byrja – viðkvæmir vellir.

Nú þegar kylfingar sjá fram á að komast (vonandi) á næstu vikum út til að spila golf á sínum heimavöllum er ekki úr vegi að minna á að vellirnir eru mjög viðkvæmir á þessum tíma, lítil spretta og gróðurinn því lengi að ná sér eftir skemmdir, segir Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Hinni gefur kylfingum eftirfarandi ráð.



1. Eitt það mikilvægasta sem við þurfum að hafa í huga er að gera við boltaför á flötunum. Þessi vísa verður aldrei of oft kveðin. Við viljum góðar flatir en til þess verða allir kylfingar að taka þátt og það gerist ekki öðruvísi en svo að gera við eftir sig – GERUM VIÐ BOLTAFÖR Á FLÖTUM.
2. Þetta gildir einnig um kylfuför. Muna að við verðum að setja torfusnepla aftur á sinn stað. Þarna gildir það að ef ekkert er gert verður varanleg skemmd sem þarf sérstaka aðgerð til að laga.
3. Virða girðingar. Það er jú verið að reyna að verja viðkvæm svæði og því nauðsynlegt að stýra umferðinni. Ef kylfingar halda að ástæðan sé einhver önnur þá er það mikill miskilningur. Þetta skulum við hafa í huga næst þegar okkur dettur í hug að klofa yfir girðingar.
4. Verum þolinmóð, leyfum vallarstarfsmönnum að sinna vorverkunum t.d. yfirsáningu og götun. Muna að þetta er ekki gert til að pirra okkur heldur til þess að gera vellina betri! Vallarstarfsmennirnir eiga jafn erfitt með að vinna í snjó eins og það er erfitt fyrir okkur að spila golf í snjó.



**GOLF** Golfkortin og golfpassinn henta þeim sem eru á flakki um landið og vilja ekki skilja kylfurnar eftir heima. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Veitir aðgang að golfvöllum víða um land

**Tvö fyrirtæki bjóða nú upp á kort sem veitir aðgang að fjölda golfvalla víða um land. Annars vegar er það Golfpassinn en hins vegar Golfkortið.**

Kortin eru í grunninn hugsuð eins, kylfingur kaupir kort fyrir sig eða fjölskylduna og fær aðgang að golfvöllum víða um land. Hægt er að spila í nokkur skipti á hverjum velli. Helsti munurinn á kortunum er fólginn í verði, fjölda valla og staðsetningu þeirra valla sem þau veita aðgang að.

Golfpassinn veitir aðgang að 20 golfvöllum, þar á meðal á golfvöllum á eða við höfuðborgarsvæðið svo sem Ljúflingi, æfingavellinum hjá Oddfellowum, golfvellinum í Grindavík, Ásatúni hjá Flúðum og á Selfossi. Passinn kostar 11.900 krónur fyrir einstaklinginn en 23.800 fyrir fjölskylduna.

„Við viljum gefa fólki kost á að spila golf úti um allt land fyrir lítinn pening. Golfið er orðið eitt vinsælasta áhugamál Íslendinga á sumrin og þetta er sniðug leið til að prófa nýja velli og um leið fínt tækifæri til að koma öðrum fjölskyldumeðlimum af stað. Það skemmir heldur ekki fyrir að fólk getur sparað peninga með því að kaupa passann,“ segir Daníel Rúnarsson, hjá Golfpassanum.

Golfkortið nær til 23 golfvalla, þar á meðal til nokkurra valla á Vestfjörðum. Einstaklingskortið kostar 15.200 krónur og fjölskyldukortið 30.400 krónur.

Jón Hlíðar Runólfsson, hjá Golfkortinu, segir að hugmyndin að kortinu sé komin frá Veiðikortinu, sem margir þekkja, en það veitir veiðimönnum aðgang að vötnum víða um land. „Það er svona svipuð hugmynd á bak við þetta,“ segir hann.

Jón Hlíðar segir kortið hafa fengið góðar undirtektir, bæði hjá fjölskyldufólki og einstaklingum.

Hann reiknar fastlega með því að geta boðið upp á fleiri velli í framtíðinni.

„Við erum ennþá að vinna í því að fá að fjölga völlunum,“ segir Jón Hlíðar.

Nánari upplýsingar um kortin má finna á heimasíðunum golfpassinn.is og golfkortid.is. - kh

### Vellirnir sem í boði eru

#### Golfpassinn

- Golfklúbbur Ásatúns
- Golfklúbbur Byggðaholts
- Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs
- Golfklúbburinn Gláma
- Golfklúbburinn Gljúfri
- Golfklúbbur Grindavíkur
- Golfklúbbur Hólmavíkur
- Golfklúbburinn Laki
- Golfklúbburinn Lundur
- Golfklúbbur Mývatnssveitar
- Golfkl. Oddur (Ljúflingur)
- Golfklúbbur Ólafsfjarðar
- Golfklúbburinn Ós
- Golfklúbbur Selfoss
- Golfklúbbur Seyðisfjarðar
- Golfklúbburinn Skrifla
- Golfklúbbur Staðarsveitar
- Golfklúbburinn Úthlíð
- Golfklúbburinn Vík
- Golfvöllurinn Þórisstöðum

**Verð**
11.900 fyrir einstakling
23.800 fyrir fjölskyldun

#### Golfkortið

- Golfvöllurinn Sandgerði
- Golfvöllurinn Hvammsvík
- Golfvöllurinn Indriðastöðum
- Golfvöllurinn Þórisstöðum
- Golfvöllurinn Reykholti
- Golfvöllurinn Görðum
- Golfvöllurinn Ólafsvík
- Golfvöllurinn Patreksfirði
- Golfvöllurinn Þingeyri
- Golfvöllurinn Ísafirði
- Golfvöllurinn Hólmavík
- Golfvöllurinn Steinsstöðum
- Golfvöllurinn Lónkoti
- Golfvöllurinn Þverá
- Golfvöllurinn Mývatni
- Golfvöllurinn Grenivík
- Golfvöllurinn Ásbyrgi
- Golfvöllurinn Egilsstöðum
- Golfvöllurinn Seyðisfirði
- Golfvöllurinn Eskifirði
- Golfvöllurinn Hornafirði
- Golfvöllurinn Efri-Vík
- Golfvöllurinn Vík

**Verð**
15.200 krónur fyrir einstakling
30.400 krónur fyrir fjölskylduna


Hvers virði er þetta ?

Verið velkomin á Hótel Holt
5. maí kl. 14-18

Hópur reynslumikilla sérfræðinga frá einu elsta og virtasta uppboðshúsi Skandinavíu, BRUUN RASMUSSEN, meta gömul og ný málverk, bækur, silfur, hönnunar- og listmuni, einnig úr, skartgripi, vín og „design“-húsgögn. Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

Við leitum sérstaklega að verkum eftir Jón Stefánsson, Kjarval, Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Ólaf Elíasson og marga fleiri.

Ef um stóra hluti er að ræða, er best að koma með ljósmynd. Einnig er möguleiki á að fá okkur í heimahús þann 6. og 7. maí.

Nánari upplýsingar veita:
Nadia Gottlieb, 0045 8818 1183, nag@bruun-rasmussen.dk





Ólafur Elíasson: "Two hot air columns", 2005.
Tvær höggmyndir úr ryðfríu stáli með rafmagnsperum.
Hamarshögg: 210.000 dkr.

BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER

Bredgade 33
DK-1260 Kbh. K
Tel +45 8818 1111 bruun-rasmussen.dk

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!




1290
GRÓÐURMOLD
50 ltr



# Tax free

## Við afnemum virðisaukaskatt af fatnaði og skóm frá fimmtudegi til sunnudags




Afslátturinn er á kostnað Europris. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.
Tilboðið gildir frá og með fimmtudeginum 28. apríl og til og með sunnudeginum 1. maí.

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

> **Charlize Theron**

„Ég ólst upp við kvikmyndir Bette Davis, Marlene Dietrich og Marilyn Monroe.“

***Charlize Theron leikur ofurhetju í felum sem kynnist Hancock, óvinsælli ofurhetju sem þarf að leita til kynningarfulltrúa til að laga ímynd sína í spennu- og grínmyndinni Hancock sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST SPENNTUR MEÐ HM Í SNÓKER

# Kærkomin hraðahindrun í Sheffield



Í miðjum hvirfilbylnum þessa dagana, þegar hægt er að velja úr hverri beinu útsendingunni á fætur annarri í Meistaradeildinni, enska boltanum, NBA-boltanum og íslenska handboltanum, er gott að leita sér skjóls í heimsmeistaramótinu í snóker sem fer fram í Sheffield á Englandi.

Þar eigast við á Eurosport færustu snókerspilarar heimsins í Crucible-leikhúsinu eins og undanfarin 34 ár og kljást um hinn eftirsótta heimsmeistaratitil sem Ástralinn Neil Robertson tryggði sér óvænt í fyrra. Robertson mun ekki verja titilinn í ár því hann heltist úr lestinni strax í fyrstu umferð á móti ungstirninu Judd Trump sem tryggði sér sæti í undanúrslitunum í gær og gæti hæglega farið alla leið.

Sumir sem eru vanir því að horfa á hraðar íþróttir eiga erfitt með að venjast hinum seigfljótandi snóker þar sem allt snýst um að taka rétta ákvörðun, hugsa fram í tímann og halda einbeitingunni hvað sem á gengur. Hver leikur getur nefnilega staðið yfir í að minnsta kosti átta klukkustundir og útheimtir það eðlilega gríðarlega orku að halda slíkt út. Athyglisgáfa áhorfandans þarf einnig að vera góð en um leið og maður er kominn inn í leikinn er auðvelt að gleyma sér yfir honum.

Í samfélagi þar sem hraðinn er sífellt fyrirferðarmeiri og allt þarf að gerast einn, tveir og þrír er snókerinn kærkomin hraðahindrun sem ávallt stendur fyrir sínu.

## RÚV

**13.30 Martin læknir** (8:8) (e)
**14.20 Á meðan ég man** (8:8) (e)
**14.50 Ljósmæðurnar** (8:8) (e)
**15.20 How do you like Iceland?**
**16.30 Kiljan** (e)
**17.20 Skassið og skinkan** (4:20)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Dansskólinn** (3:7)
**19.00 Fréttir, veður og Kastljós**
**20.10 Skólahreysti** (6:6) Bein útsending frá úrslitakeppninni. Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Downton Abbey** (1:7) (Downton Abbey) Breskur myndaflokkur sem gerist á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar. (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Object of My Affection**
**10.00 What a Girl Wants**
**12.00 Pirates Who Don't Do Anything**
**14.00 The Object of My Affection**
**16.00 What a Girl Wants**
**18.00 Pirates Who Don't Do Anything**
**20.00 Love at Large**
**22.00 Hancock**
**00.00 Iron Man**
**02.05 One Missed Call**
**04.00 Hancock**
**06.00 It's Complicated**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (16:23)
**11.45 Gilmore Girls** (14:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Back to the Future II**
**14.45 The O.C. 2** (7:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**15.58 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:22)
**19.45 The Big Bang Theory** (15:17)
**20.15 Inside the Royal Wedding** Hér er gefinn meiri og opnari aðgangur en áður hefur staðið fjölmiðlum til boða að öllum undirbúningi fyrir brúðkaup aldarinnar en talið er að hér sé verði á ferð einhver allra umfangsmesta brúðkaupsathöfn síðari tíma.
**21.05 Steindinn okkar** (4:8) Steindi Jr. er mættur aftur í drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað annað.
**21.35 NCIS** (12:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.20 Fringe** (11:22)
**23.05 Pressa** (6:6)
**23.55 Generation Kill** (1:7)
**01.05 Twelve Monkeys**
**03.10 Back to the Future II**
**04.55 NCIS** (12:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.35 Spænsku mörkin**
**16.25 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Barcelona**
**18.10 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.30 Golfskóli Birgis Leifs** (5:12)
**19.00 Porto - Villarreal** Bein útsending frá leik Porto og Villarreal í undanúrslitum Evrópudeildarinnar. Þetta er fyrri viðureign liðanna.
**21.00 Upphitun** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason hita upp fyrir Pepsi-deildina í knattspyrnu karla, sem hefst á sunnudag. Öll liðin verða kynnt og spáð í spilin fyrir gengi þeirra í sumar. Rætt verður við þjálfara og fyrrum leikmenn liðanna og birt spá knattspyrnuspekinganna.
**22.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**23.20 Porto - Villarreal**
**01.05 Upphitun**

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Fulham - Bolton**
**16.30 Tottenham - WBA**
**18.15 Blackburn - Man. City** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Bebeto** Bebeto er enginn aukvisi en þessa fyrrverandi heimsmeistara með brasilíska landsliðinu 1994 og 1998 verður minnst með hlýhug enda frábær knattspyrnumaður. Ferill Bebeto verður skoðaður ofan í kjölinn og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**21.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.35 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.30 Blackpool - Newcastle**

## SKJÁR EINN

**07.10 Dyngjan** (11:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (8:10) (e)
**12.00 Dyngjan** (11:12) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (8:10) (e)
**16.55 Girlfriends** (7:22) (e)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 America's Next Top Model** (5:13) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (43:46) (e)
**19.15 Game Tíví** (14:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (2:39)
**20.10 Royal Pains** (13:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons. Í kjölfar þess að Eddie fær hjartaáfall, komast Hank og Evan að ýmsu varðandi föður þeirra sem þeir höfðu ekki hugmynd um.
**21.00 30 Rock** (21:22) Bandarísk gamanþáttaröð. Ástaflækjurnar gera Jack lífið leitt og hann leitar ráða hjá Liz sem á við sín eigin ástavandamál að stríða.
**21.25 Makalaus** (9:10) Mat Lilju á ýmsum samstarfsfélögum virðist hafa verið rangt. Tinna lendir í vandræðum með Dóra og stelpurnar hittast yfir slatta af hvítvíni.
**21.55 Law & Order: LA** (6:22)
**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Good Wife** (14:23) (e)
**00.15 Rabbit Fall** (5:8) (e)
**00.45 Heroes** (11:19) (e)
**01.25 Royal Pains** (13:18) (e)
**02.10 Law & Order: LA** (6:22) (e)

## SKJÁRGOLF

**07.00 The Heritage** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The Heritage** (4:4)
**16.55 PGA Tour - Highlights** (15:45)
**17.50 Golfing World**
**18.40 Inside the PGA Tour** (17:42)
**19.00 Zürich Classic** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 Ryder Cup Official Film 2010**
**00.05 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Curb Your Enthusiasm** (10:10)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Hamingjan sanna** (7:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld. Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**22.40 Pretty Little Liars** (22:22) Þættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þáttaröðin er sneisafull af frábærri tónlist og er þegar farin að leggja línurnar í tískunni enda aðalleikonurnar komnar í hóp eftirsóttustu forsíðustúlkna allra helstu tímaritanna vestanhafs.
**23.25 Ghost Whisperer** (7:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
**00.10 The Ex List** (2:13)
**00.55 Curb Your Enthusiasm** (10:10)
**01.40 The Doctors**
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Valdimar Hafsteinsson og Guðrún systir hans taka á móti okkur í Kjörísverksmiðjunni í Hveragerði.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Annar þáttur af átta úr ævisafni Heiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn.
**21.30 Kolgeitin** Bogomil tekur á móti góðum kollegum í þriðja þætti sínum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Inside the Royal Wedding

Brúðkaup aldarinnar er á morgun þegar Vilhjálmur krónprins Bretlands gengur að eiga Kate Middleton. Í þessum þætti fá áhorfendur einstaka innsýn í undirbúninginn fyrir brúðkaupið og allt umstangið sem því fylgir.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.30** Í rigningunni tala regndroparnir um þig **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Að bregðast við atvinnuleysi **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp

### BBC entertainment

**11.00** Untold Stories Of A Royal Bridesmaid **11.45** Vicar of Dibley **12.15** ‚Allo ‚Allo! **12.40** A Bit of Fry and Laurie **13.10** New Tricks **14.00** New Tricks **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Vicar of Dibley **16.30** ‚Allo ‚Allo! **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** Britain‘s Royal Weddings **18.20** Britain‘s Royal Weddings **19.15** Inside The Royal Wedding **20.00** Untold Stories Of A Royal Bridesmaid **20.45** Royal Wedding **22.15** Inside The Royal Wedding **23.05** Britain‘s Royal Weddings

### DR 1

**12.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Bamses Billedbog **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Kongehuset indefra **19.00** TV Avisen **19.26** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** William og Kate - en kongelig forlovelse **20.50** Tre tronfølgere i Arktis **21.35** Kodenavn Hunter II

### NRK 1

**12.05** FBI **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetshagen **14.40** Bringebær **14.50** Glimt av Norge **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Påpp og Råkk **21.00** Kveldsnytt **21.15** Alt om det kongelige bryllupet **22.00** VM kunstløp **22.45** Nummer 1

### svt1

**10.05** Uppdrag Granskning **11.05** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Konståkning: VM **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go‘kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen Australien **18.30** Landgång Australien **19.00** K Special **20.00** Debatt **20.45** Jakten på de kungliga **21.35** Uppdrag Granskning **22.30** Bored to Death **22.35** Huset fullt av hundar **23.35** Rapport







FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ JÚLÍ HEIÐARS

KSÍ FYLGIST MEÐ TWITTER-NOTKUN FÓTBOLTAMANNA

HVAÐ VEISTU UM BUSTA RHYMES?

BERGUR EBBI GEFUR FIMM GÓÐ RÁÐ

POPP

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

## MORGUNMATURINN



*„Yfirleitt fæ ég mér ekki neitt en ef ég geri það fæ ég mér Cheerios eða einn kaffibolla.“*

Sigga Mæja fatahönnuður.

# Eurovision-ævintýrið kostar 30 milljónir

„Ferðakostnaðurinn hækkar töluvert á milli ára og stærstur hluti af því er gríðarlega hátt verð á hótelum í Düsseldorf,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV.

Kostnaðurinn við Eurovision-þátttöku Íslands hækkar um fimm milljónir frá því sem var fyrir ári þegar Hera Björk og Örlygur Smári kepptu fyrir Íslands hönd. Hann er núna rétt rúmar þrjátíu milljónir króna en hefur undanfarin tvö ár verið 25 milljónir. „Auðvitað erum við spæld og það eru ábyggilega fleiri lönd í sömu stöðu og við. En svona er bara lífið og svona er þessi „bisness“. Svo má ekki gleyma því að hópurinn í ár er óvenju stór.“

Sigrún segir mistökin hafa verið þau að Þjóðverjar hafi tilkynnt að keppnin yrði haldin í Düsseldorf áður en rætt hefði verið við ferðaþjónustuaðila í borginni. Þeir hefðu í kjölfar ákvörðunarinnar hækkað verðið á gistingu töluvert enda vitað að ferðamannafjöldinn myndi margfaldast með heimsókn Eurovision-fyrirbærisins. „Hóteleigendur eru að maka krókinn á þessu og ég veit ekkert hvort þetta er endilega gott fyrir ferðaþjónustubransann þeirra.“ Hótelkostnaðurinn er rúmar níu milljónir og samanlagður ferðakostnaður er fjórtán milljónir en inni í þeirri tölu eru dagpeningar og flug. Sigrún segir það eilítla sárabót að verð á fargjöldum hafi reynst hagstæðara en þau gerðu ráð fyrir.

Dagskrárstjórinn ætlar hins vegar að nýta mannskapinn sinn úti í Þýskalandi vel og verður með sérstakan Eurovision-þátt sunnudaginn 8. maí þar sem rifjuð verður upp leið Vina Sjonna til Düsseldorf. **- fgg**



**SÉÐIR ÞJÓÐVERJAR** Sigrún Stefánsdóttir segist vera spæld yfir háu hótelverði í Düsseldorf en kostnaður við þátttöku Íslands hækkar um fimm milljónir milli ára. Vinir Sjonna gista á Radisson-hóteli rétt fyrir utan borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


IMAGE FUDGE
**Þú kemst fljótt að!**
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
**Rakarastofan Klapparstíg**
**S: 551 3010**


ÁRNI SVEINSSON: FRUMSÝNIR NÝJA MYND Í HÖRPU UM MIÐJAN MAÍ

# Kannar stöðu íslenskra tónlistarmyndbanda í nýrri heimildarmynd

Kvikmyndagerðarmaðurinn Árni Sveinsson er að leggja lokahönd á heimildarmyndina Video, sem fjallar um stöðu tónlistarmyndbandsins í dag. Myndin verður frumsýnd í bíósal Hörpunnar 16. maí og verður hún eingöngu sýnd þar.

„Tónlistarmyndbandið er ungt form en hefur samt breyst ótrúlega mikið,“ segir Árni, sem síðast leikstýrði vel heppnaðri heimildarmynd um Ragga Bjarna. „Það er ekkert svo langt síðan útlit var fyrir að það væri að deyja drottni sínum. Stóru fyrirtækin voru efins um að setja peninga í þessi myndbönd því stóru stöðvarnar eins og MTV voru að hrynja,“ bætir hann við. „Síðan hefur það gerst síðastliðin tvö til þrjú ár með netbylgjunni eins og Youtube og Facebook að staðan hefur gjörbreyst. Myndbandið er orðið leið fyrir hljómsveitir til að gera sín eigin myndbönd utan við eitthvert fyrirtæki. Með netmiðlinum ná þær að kynna sig og tónlistina sína á allt annan hátt.“

Árni er reyndur í gerð tónlistarmyndbanda því hann hefur unnið fyrir hljómsveitir á borð við Gus-Gus, Quarashi og Retro Stefson á ferli sínum. Fyrstnefnda hljómsveitin kemur einmitt við sögu í nýju myndinni, auk poppbandsins Berndsens og fleiri hljómsveita. Nýja heimildarmyndin verður um 35 mínútna löng og er samstarfsverkefni Árna og Hörpunnar. Vinnan hefur staðið yfir undanfarna mánuði og hlakkar Árni mjög til að sýna hana í Hörpusalnum, sem tekur um 120 manns í sæti.

Leikstjórinn er með fleiri járn í eldinum því heimildarmynd hans Backyard, sem fjallar um nokkrar íslenskar hljómsveitir, hefur verið valin til sýninga á tveimur alþjóðlegum kvikmyndahátíðum, í Karlovy Vary í Tékklandi og Seattle í Bandaríkjunum. Hátíðin í Tékklandi er ein sú elsta og virtasta í heiminum og verður haldin 19. maí til 12. júní.

Backyard kemur út á mynddiski á Íslandi í byrjun júní og einnig kemur út geisladiskur með tónlist úr myndinni. Myndin verður svo gefin út á mynddiski á alþjóðavísu í september.

**freyr@frettabladid.is**



**FRUMSÝNIR Í HÖRPU** Árni Sveinsson frumsýnir nýja heimildarmynd sína í bíósal Hörpunnar um miðjan maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SCHMIDT - vélar



- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn U | Fös 13.5. Kl. 20:00 | Lau 4.6. Kl. 20:00 |
| Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 14.5. Kl. 16:00 brsýn | Fim 9.6. Kl. 20:00 |
| Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn U | Fim 19.5. Kl. 20:00 U | Fös 10.6. Kl. 20:00 |
| Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn U | Fös 3.6. Kl. 20:00 | |

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 27.4. Kl. 20:00 | Fim 5.5. Kl. 20:00 | Mið 18.5. Kl. 20:00 |
| Lau 30.4. Kl. 20:00 | Mið 11.5. Kl. 20:00 | |
| Mið 4.5. Kl. 20:00 | Fim 12.5. Kl. 20:00 | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 1.5. Kl. 14:00 U | Sun 8.5. Kl. 14:00 | Sun 15.5. Kl. 14:00 |
| Sun 1.5. Kl. 17:00 | Sun 8.5. Kl. 17:00 | Sun 22.5. Kl. 14:00 |

**Brák** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Fös 13.5. Kl. 20:00 | Sun 15.5. Kl. 20:00 Aukasýn. |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| |
|---|
| Sun 1.5. Kl. 15:00 Síð. sýn. |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Lau 30.4. Kl. 20:00 | Sun 1.5. Kl. 20:00 Síð. sýn. |



Auglýsingasími 512 50 50
Allt sem þú þarft...


# Laddi leikur galdrakarl

„Mér líst bara vel á þetta enda er þetta heljarinnar stór sýning,“ segir Þórhallur Sigurðsson, Laddi. Hann leikur galdrakarlinn í Oz í uppfærslu Borgarleikhússins sem frumsýnd verður í september á þessu ári. Bergur Ingólfsson leikstýrir sýningunni en það er Lára Jóhanna Jónsdóttir sem leikur Dóróteu. Alls koma 36 krakkar og atvinnuleikarar að sýningunni en hátt í fjögur þúsund börn mættu í prufur fyrr í vetur.

Sérstakar persónur hafa löngum loðað við Ladda og þegar hann stígur á fjalirnar verða sérkennilegir karakterar oftast fyrir valinu. Hann hefur til að mynda leikið þjófaforingjann Fagin í Oliver Twist, Skrögg í Jólasögu Dickens og svo talaði hann auðvitað fyrir annan galdrakarl, Kjartan að nafni, sem lagði Strumpana í einelti. „Ég kann vel við þessar persónur og raunar er draumahlutverkið mitt að leika illmenni í kvikmynd. Ég hef rætt þetta við ansi marga en það hefur bara enginn hlustað.“

Laddi á góðar minningar úr Borgarleikhúsinu en yfirlitssýningin Laddi 6tugur var sýnd fyrir fullu húsi í tvö ár þar. „Ég gleymdi hins vegar fjörutíu ára leikafmælinu sem ég átti í fyrra. Ég verð bara að halda þeim mun veglegar upp á fimmtugsafmælið.“ **- fgg**



**UNDIRBÚNINGUR HAFINN** Laddi kann vel við sig í hlutverkum sérstakra persóna á borð við Fagin og Skrögg og nú bætist Galdrakarlinn í Oz á ferilskrána. Samlestur var á leikritinu í Borgarleikhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Viltu efla æskufjör og hreysti?




## HEILSUEFLING Í EYMUNDSSON

Af bókum Þorbjargar Hafsteinsdóttur lærir þú að segja skilið við æskuþjófana og tileinka þér nýjan og betri lífsstíl. **Lestu bækur sem yngja!**

ENNEMM / SÍA / NM 46271

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Biggi á bak við tjöldin

Eins og greint er frá framar í blaðinu hafa liðsmenn hljómsveitarinnar Quarashi ákveðið að koma saman aftur og troða upp á útihátíð í sumar. Mikil vinna virðist vera að baki endurkomunni enda að mörgu að huga. **Birgir Örn Steinarsson**, tónlistarmaður og rithöfundur, hefur verið ráðinn kynningarfulltrúi Quarashi og verður hlutverk hans að aðstoða fjölmiðla í tengslum við endurkomuna. Biggi hefur annars í nógu að snúast þessi dægrin því auk þess að starfa sem tónlistarmaður og plötusnúður er hann að skrifa bók um Pál Óskar og var að byrja með útvarpsþátt á X-inu.



### Svavar til aðstoðar

Konunglega brúðkaupið á Englandi verður án efa vinsælt umræðuefni á kaffistofum landsmanna á morgun. Ekki dugar minna en að tvær íslenskar sjónvarpsstöðvar sýni beint frá herlegheitunum. Bogi Ágústsson og Elísabet Brekkan sjá um að uppfræða landann á RÚV og á Stöð 2 heldur Hildur Helga Sigurðardóttir um stjórnartaumana. Nú hefur verið afráðið að henni til aðstoðar verði hárgreiðslumaðurinn **Svavar Örn Svavarsson**. Svavar er hafsjór af fróðleik bæði um tísku og kóngafólkið og ætti að smellpassa í þetta hlutverk.

- hdm



### Mest lesið vísir

1. Bretar vilja ekki mæta Íslendingum í dómsal
2. Termítar átu milljónir á Indlandi
3. Fann 500 ára gamla bók á háaloftinu
4. Birtu fæðingarvottorð Obama
5. Húðflúraði 305 þjóðfána á líkama sinn


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.




Allt sem þú þarft



# VORTILBOÐ

20-50% AFSLÁTTUR

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

MINNUM Á OKKAR FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐ!

Veldu það besta! Kauptu íslenskt



**ROYAL OG CLASSIC**
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa VISA / EURO greiðsludreifingu

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

# VORTILBOÐ

**Frí heimsending á hjónarúmum!**

**Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ IPHONE 4



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM